# FRÉTTABLAÐIÐ

102. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 1. MAÍ 2020




Það var vorlegt um að litast í miðborg Reykjavíkur í gærkvöldi. Kvöldsólin yljaði þar sólþyrstum borgarbúum í Hljómskálagarðinum, á Austurvelli og víðar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Dularfullt hvarf fiðluleikara Sinfóníuhjómsveitar Íslands

**Lögreglan á Suðurlandi vinnur að rannsókn á hvarfi Seans Bradley, en ekkert hefur til hans spurst frá miðju árinu 2018. Sean er Íslendingur og lék í nærri tvo áratugi með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Oddur Árnason, yfirlögregluþjónn á Suðurlandi og stjórnandi rannsóknarinnar, segir hvarfið sérkennilegt.**

**LÖGREGLUMÁL** Íslendingurinn Sean Aloysius Marius Bradley, 63 ára fyrrverandi fiðluleikari hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands til margra ára, hefur verið saknað í meira en eitt og hálft ár. Lögreglan á Suðurlandi lýsti eftir Sean 23. mars síðastliðinn bæði hérlendis og hjá Interpol en ekkert hefur spurst til hans.

Fjölskylda Seans er búsett í Bretlandi en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru það vinir hans á Íslandi sem hvöttu fjölskylduna til að láta lýsa eftir honum.

Hann hafði verið í samskiptum við vini sína hérlendis á samfélagsmiðlum og sagt þeim að hann hefði farið til Spánar með íslenskri vinkonu sinni. Þá sem þekktu hann hérlendis fór hins vegar að gruna að einhver annar væri að eiga samskipti við þá undir hans nafni.

Oddur Árnason, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Suðurlandi, segir lögregluna ekki geta staðfest að Sean hafi farið til Spánar. Hann átti bókað flug í tiltekna vél til Spánar og flugsætið var notað en lögreglan vill ekki staðfesta að það hafi verið hann sem notaði sætið. Þá hefur ekkert sést til hans á Spáni.



Sean Bradley.

Fréttablaðið hefur verið í samskiptum við fjölmarga vini Seans en að þeirra sögn var hann mjög flughræddur. Aðspurður hvort það teljist ekki skrýtið að flughræddur maður fari skyndilega með flugi úr landi, segir Oddur málið í heild sinni vera skrýtið.

„Hann hafði verið í sambandi við einstaklinga hér heima og þetta virðist hafa verið mikil skyndiákvörðun að fara, ef hann hefur farið. Mér finnst málið bara allt skrýtið. Ekkert þetta eitthvað umfram annað,“ segir Oddur.

– mhj / sjá síðu 6

## Ríkisstjórnin tilbúin að ræða við Icelandair

**COVID-19** Tillaga fjögurra ráðherra þess efnis að ríkið sé tilbúið að eiga samtal um mögulega veitingu lánalínu eða ábyrgð á lánum til Icelandair var samþykkt á ríkisstjórnarfundi í gær. Fulltrúum stjórnvalda hefur verið haldið upplýstum um stöðu félagsins undanfarnar vikur meðan unnið er að fjárhagslegri endurskipulagningu þess og söfnun nýs hlutafjár.

Aðkoma stjórnvalda er háð því að fullnægjandi árangur náist í fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins.

Stjórn Icelandair tilkynnti í gær um áform um að afla allt að 200 milljón Bandaríkjadala í nýju hlutafé, en það jafngildir tæplega 30 milljörðum króna. Hlutafjárútboð er fyrirhugað í næsta mánuði að fengnu samþykki hluthafafundar félagsins. – eþs




## Veður




Norðaustan 5-10 í dag og él um norðanvert landið, en víða bjartviðri sunnan til. Þykknar upp með slydduéljum eða skúrum suðaustanlands síðdegis. Hiti 4 til 9 stig að deginum, en kringum frostmark norðan- og austan til. SJÁ SÍÐU 24



Árni fékk 71 prósent atkvæða.

# Árni er nýr formaður SI

**IÐNAÐUR** Árni Sigurjónsson, yfirlögfræðingur Marel, var í gær kjörinn nýr formaður Samtaka iðnaðarins. Tekur hann við af Guðrúnu Hafsteinsdóttur, markaðsstjóra Kjöríss. Árni var kjörinn með rúmlega 71 prósenti atkvæða og hafði betur gegn Guðlaugu Kristbjörgu Kristinsdóttur, stjórnarformanni Límtrés Vírnets og Securitas.

Árni segir að hann taki við góðu búi og að stefna samtakanna, meðal annars í nýsköpunarmálum, innviðauppbyggingu og málefnum byggingariðnaðarins, muni ekki breytast. „Það er áskorun að koma inn á þessum tíma. Verkefnin fram undan eru ærin og staðan er snúin, því skal ekki neitað. Margir af okkar félagsmönnum finna fyrir miklum samdrætti vegna þess ástands sem nú ríkir,“ segir Árni.

„Við erum með ótrúlega góðan hóp starfsmanna og stjórnenda sem hafa einhent sér í að þoka þessum málum í rétta átt og vinna þétt með stjórnvöldum og öðrum samtökum í Húsi atvinnulífsins. Ég leyfi mér að vera bjartsýnn og vonandi fer land að rísa áður en langt um líður.“

Samhliða formannskosningu fór fram kosning til stjórnar samtakanna. Kosningu hlutu Arna Arnardóttir, Egill Jónsson, Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir, Valgerður Hrund Skúladóttir og Vignir Steinþór Halldórsson. Fyrir í stjórninni eru Ágúst Þór Pétursson, Guðrún Halla Finnsdóttir, Magnús Hilmar Helgason og Sigurður R. Ragnarsson. **– ab**

# Lokað fyrir umferð í Gróttu



Frá og með deginum í dag og til 15. júlí er umferð í friðlandi Gróttu bönnuð fólki vegna varptíma fugla. Eftir 15. júlí er gangandi fólki heimilt að fara eftir fjörum eða öðrum opnum gönguleiðum á svæðinu. Óheimilt er að fara með hunda um svæðið og kattaeigendur hvattir til að setja bjöllu á kettina sína. Einnig eru sjóíþróttir við Seltjörn bannaðar til 1. ágúst. Mikil umferð og ásókn fólks hefur verið á svæðinu nýlega. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Þing fram á mitt sumar

**ALÞINGI** Alþingi starfar til 25. júní samkvæmt ákvörðun forsætisnefndar fyrr í vikunni. Starfsáætlun þingsins var kippt úr sambandi 19. mars vegna COVID-19. Nýsamþykkt starfsáætlun fyrir maí og júní gerir ráð fyrir að við áðurgildandi áætlun bætist tvær vikur.

> »» Starfsáætlun þingsins var kippt úr sambandi 19. mars vegna COVID-19.

Samkvæmt áætluninni á að verja tólf dögum í starf fastanefnda, utan hefðbundinna fundartíma nefnda. Þingfundir verða á 22 dögum.

Gert er einnig ráð fyrir sérstökum þingfundi fyrir árlega skýrslu utanríkisráðherra. Samkvæmt starfsáætluninni verða eldhúsdagsumræður 23. júní en þingheimur gerir jafnan upp starf liðins vetrar á eldhúsdegi. **– aá**

# Íslenskir lestrarhestar slógu heimsmet í lestri

**Íslenska þjóðin hefur slegið heimsmet í lestri eftir að hafa lesið í milljónir mínútna í apríl. Heimsmetið var unnið með lestrarátakinu Tími til að lesa sem sett var á til að hvetja til lestrar í skertu skólahaldi og samkomubanni.**

**SAMFÉLAG** „Við höfum nú þegar sett heimsmet og bara spurning hversu hátt við náum, hversu stórt metið verður,“ segir Gunnar Helgason, rithöfundur og landsliðsþjálfari í lestri, í samtali við Fréttablaðið. En í gær var síðasti dagur lestrarátaksins Tími til að lesa, sem staðið hefur yfir allan aprílmánuð. Markmið átaksins var að hvetja börn og fólk á öllum aldri til að lesa þrátt fyrir skert skólahald og samkomubann vegna kórónaveirufaraldursins og setja um leið heimsmet í lestri.

„Við erum svo heppin á þessu landi að vera með menntamálaráðherra sem hefur ástríðu fyrir auknum lestri barna og betri lesskilningi. Það var sem sagt Lilja Alfreðsdóttir sem bað mig að koma í hugmyndavinnu um þetta verkefni því hana langaði að gera eitthvað stórt fyrir börn þessa lands þegar ljóst var hvernig aprílmánuður yrði í þessu kórónaástandi,“ segir Gunnar.

Í kjölfar hugmyndar Lilju var átakinu hrint í framkvæmd og var þátttakan gríðarleg. „Stóra markmiðið var að börnum færi ekki aftur á meðan skólarnir voru lokaðir til hálfs eða fulls og til að hvetja þau til að taka þátt var ákveðið að setja heimsmet. Krakkar elska heimsmet og við gáfum þeim tækifæri til að vera með í að setja algerlega glænýtt heimsmet,“ segir Gunnar.

Í heimsmetinu felst að íslenska þjóðin lesi á einum mánuði í fleiri mínútur en nokkru sinni hefur verið gert áður. Gunnar segir að samkvæmt upplýsingum frá Guinness sé um nýja tegund heimsmets að ræða. „Það hefur hvergi áður í heiminum verið reynt við þetta þannig að við höfum svo sannarlega sett nýtt heimsmet. Sem við stefnum auðvitað á að kynna vel úti um heim allan og slá svo á næsta ári,“ segir hann.



Gunnar Helgason segir afar mikilvægt fyrir alla að lesa sem mest, sér í lagi fyrir börn. Lesturinn skili miklum ávinningi fyrir alla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Stóra markmiðið var að börnum færi ekki aftur á meðan skólarnir voru lokaðir til hálfs eða fulls.
>
> Gunnar Helgason, rithöfundur og landsliðsþjálfari í lestri

Þegar Fréttablaðið fór í prentun höfðu þátttakendur í átakinu lesið í samtals 7.868.196 mínútur, það eru 14 ár, ellefu mánuðir, 15 dagar, sautján klukkustundir og 6 mínútur. Hafnfirðingar áttu flestar lesnar mínútur og fast á hæla þeim komu íbúar í póstnúmeri 105. Þá höfðu íbúar í Reykhólahreppi vinninginn í lestri á hvern einstakling.

Gunnar segir mikilvægt fyrir fólk á öllum aldri að lesa en sérstaklega sé mikilvægt að börn til lestrar. „Ef börn lesa mikið gengur þeim betur í skóla, vinnu, hjónabandi og foreldrahlutverki. Það er einfaldlega búið að kanna þetta og sanna. Svo við tölum nú ekki um framtíð íslenskunnar. Viljum við halda henni? Þá verðum við að gera eitthvað í því og partur af því er að lesa meira.“ **birnadrofn@frettabladid.is**

BYRJAÐU DAGINN MEÐ
FRÉTTABLAÐINU
Lestu Fréttablað dagsins í snjalltækinu þínu, hvar og hvenær sem er!




Sæktu Fréttablaðsappið frítt!
Download on the App Store
GET IT ON Google Play

# BYGGJUM RÉTTLÁTT ÞJÓÐFÉLAG

## VIÐ HÖLDUM Í BARÁTTUANDANN ÞÓ 1. MAÍ VERÐI MEÐ ÖÐRU SNIÐI Í ÁR!

**Sameiginleg dagskrá ASÍ, BHM, BSRB og KÍ
í tilefni af baráttudegi launafólks
föstudagskvöldið 1. maí kl. 19.40 á RÚV**

Fram koma Ragnheiður Gröndal, Bubbi Morthens,
Amabadama, Jói P og Króli, Ellen Kristjáns og Auður,
KK, Jakob Birgisson uppistandari,
Lúðrasveit verkalýðsins og fleiri

## Til hamingju með daginn!

ASÍ

Bandalag háskólamanna

BSRB

KENNARASAMBAND ÍSLANDS




FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**1** **50 lík fundust í vörubíl í New York** Útfararstjóri í Brooklyn neyddist til að færa 50 lík í vörubíl án kælingar vegna plássleysis. Gangandi vegfarendur hringdu í lögregluna vegna óþefs.

**2** **Finnur og Guðmundur láta af störfum hjá Högum** Finnur Árnason, forstjóri Haga, og Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, munu láta af störfum hjá Högum.

**3** **Víðir hvetur samningsaðila SÍS og Eflingar til að semja** Víðir Reynisson hvatti samningsaðila Eflingar og Samband íslenskra sveitarfélaga til að leysa deilu sína sem fyrst.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á **www.frettabladid.is**

# Greiða tólf milljarða í atvinnuleysisbætur

**COVID-19** Vinnumálastofnun áætlar að greiða út samtals tólf milljarða króna vegna atvinnuleysistrygginga aprílmánaðar nú um mánaðamót. Þetta kemur fram í svari Unnar Sverrisdóttur, forstjóra Vinnumálastofnunar, við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Alls fá 18 þúsund einstaklingar greiddar atvinnuleysistryggingar samkvæmt almennum lögum á næstu dögum, 30 prósent þeirra eru sjálfstætt starfandi og 70 prósent eru launamenn. Af þeim tólf milljörðum sem greiddir verða út eru áætlaðir 7,7 milljarðar vegna umsókna um minnkað starfshlutfall eða vegna hlutabótaleiðarinnar svokölluðu og 4,3 milljarðar vegna almennra atvinnuleysistrygginga.

Í gær höfðu borist rúmlega 37 þúsund umsóknir um greiðslu vegna minnkaðs starfshlutfalls og segir Unnur ljóst að fækka muni í þeim hópi á næstunni vegna þeirra aðgerða sem stjórnvöld hafa gripið til.

Meðal þess sem kynnt var í þriðja aðgerðapakka stjórnvalda vegna COVID-19 síðastliðinn mánudag var þátttaka ríkisins í greiðslu hluta uppsagnarfrests fyrirtækja sem misst hafa að lágmarki 75 prósent af tekjum sínum vegna faraldursins.

Þá hefur 4.210 manns verið sagt upp störfum í hópuppsögnum nýlega, þar af um helmingur, eða 2.140 hjá Icelandair. Samanlagt hafa 51 fyrirtæki tilkynnt hópuppsagnir til Vinnumálastofnunar.

Flest fyrirtækin sem tilkynnt hafa um hópuppsagnir starfa í ferðaþjónustu eða tengdum greinum. En einnig fyrirtæki í öðrum greinum, til dæmis Eimskip. **– bdj**




**Unnur segir að fækka muni í hópi þeirra sem eru í minnkuðu hlutfalli.**

# Höfnuðu hugmynd um allt að sextíu milljóna króna þóknun

**Deilendur í gerðarmáli um sölu ALMC á LS Retail höfnuðu hugmyndum gerðarmannsins Davíðs Þórs Björgvinssonar landsréttardómara um allt að sextíu milljóna króna þóknun. Þrjátíu milljóna króna þóknun var samþykkt með semingi. Kostnaður vegna matsgerða í málinu nam yfir fjörutíu milljónum.**

**DÓMSTÓLAR** Davíð Þór Björgvinsson landsréttardómari, sem sat í gerðardómi í þremur málum um sölu eignaumsýslufélagsins ALMC á hugbúnaðarfyrirtækinu LS Retail, viðraði hugmyndir við deilendur í málunum um að hann fengi greiddar allt að sextíu milljónir króna í þóknun fyrir störf sín í dómnum. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins.

Þeim hugmyndum, sem voru kynntar aðeins um tveimur vikum áður en niðurstaða í málunum lá fyrir, var hins vegar hafnað af málsaðilum með harðorðu bréfi, að sögn þeirra sem þekkja vel til málsins, en þeir töldu tillögur gerðarmannsins keyra fram úr hófi.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í síðustu viku fékk Davíð Þór greiddar samanlagt tæpar þrjátíu milljónir króna fyrir störf sín í gerðardómi í umræddum málum en hann sinnti þeim að stórum hluta samhliða embættisstörfum sínum fyrir Landsrétt.

Ákvörðun í málunum þremur, sem voru rekin fyrir gerðardómi í einu lagi, var kveðin upp um miðjan síðasta mánuð en Davíð Þór var skipaður gerðarmaður til þess að fara með málin af dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur um mitt ár 2016. Þess má geta að um sex mánuðir liðu frá því að munnlegum málflutningi í málunum lauk þar til ákvörðunin lá fyrir.

Í kjölfar þess að tillögu Davíðs Þórs um allt að sextíu milljóna króna þóknun var hafnað lagði hann til, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, að þóknunin yrði alls um fjörutíu milljónir króna auk virðisaukaskatts. Þeirri tillögu var jafnframt tekið fálega af málsaðilum.

Hann lagði í kjölfarið fram tímaskýrslu sem hann hafði tekið saman vegna gerðardómsstarfanna undanfarin þrjú og hálft ár en þar sagðist hann hafa varið samtals ríflega 850 klukkustundum í málin. Tillagan að tímagjaldi sem hann bar þá undir málsaðila hljóðaði upp á um 35 þúsund krónur án virðisaukaskatts, eftir því sem heimildir Fréttablaðsins herma, og var hún samþykkt með semingi.

Auk áðurnefnds kostnaðar af störfum gerðarmanns nam kostnaður vegna tveggja matsgerða sem unnar voru vegna málsins, undirmats og yfirmats, samanlagt yfir fjörutíu milljónum króna.

Samkvæmt reglum um aukastörf dómara er dómurum að meginreglu óheimilt að taka að sér önnur störf samfara dómarastörfum. Frá því getur þó nefnd um dómarastörf veitt undanþágu, rétt eins og hún gerði í tilfelli Davíðs Þórs, en í svari nefndarinnar við fyrirspurn blaðsins í síðustu viku sagði að nefndin hefði tekið upp þá vinnureglu við gildistöku nýrra dómstólalaga nr. 50/2016 að heimila almennt nýjum dómurum að ljúka þeim aukastörfum sem þeir hefðu haft á hendi þegar þeir voru skipaðir.

Þeir lögmenn sem Fréttablaðið ræddi við nefna að þó svo að það hafi tíðkast í gegnum tíðina að dómarar tækju að sér ýmis aukastörf, svo sem í gerðardómi, samhliða hefðbundnum dómarastörfum, þá þekkist það ekki að aukastörfin séu það umfangsmikil og tímafrek að endurgjald fyrir þau nemi á heildina litið tugum milljóna króna.

hordur@frettabladid.is
kristinningi@frettabladid.is



**Kostnaður af störfum Davíðs Þórs Björgvinssonar landsréttardómara í gerðardómi nam um þrjátíu milljónum króna.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**850**
**er fjöldi vinnustunda sem Davíð Þór Björgvinsson varði samkvæmt tímaskýrslu í gerðardómsstörfin.**

# Gistinóttum fækkar mjög

**FERÐAÞJÓNUSTA** Heildarfjöldi greiddra gistinátta var 55 prósentum færri í mars í ár en í fyrra. Fækkunin kemur helst fram í gistinóttum sem bókaðar eru í Airbnb eða álíka síðum, þar nemur hún 65 prósentum. Þá fækkaði gistinóttum á hótelum um 54 prósent og á gistiheimilum um 48 prósent. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar.

Greiddar gistinætur í mars voru um 322 þúsund en 711 þúsund í fyrra. Flestir sem greiða fyrir gistingu á landinu gista á hótelum en þar voru greiddar gistinætur 175.400 í mars. Um 62 prósent voru á höfuðborgarsvæðinu eða 108 þúsund sem er fækkum um 52 prósent.

Samdráttur í gistinóttum á hótelum var mestur á Suðurnesjum, 62 prósent, en í öllum landshlutum nema á Austurlandi fækkaði þeim um meira en 50 prósent. Á Austurlandi fækkaði þeim um 29 prósent.

Á tólf mánaða tímabilinu frá apríl 2019 til mars 2020 fækkaði gistinóttum um þrjú prósent sé miðað við sama tímabil ári áður. Heildarfjöldi gistinátta á síðustu tólf mánuðum var um 4.331.000. **– bdj**




# Töf á afgreiðslu brúarlána óheppileg

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði óheppilegt hve langan tíma hefði tekið að koma veitingu brúarlána til fyrirtækja í framkvæmd, í svari við fyrirspurn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Miðflokksins.

Sex vikur eru liðnar síðan Alþingi samþykkti frumvarp um brúarlán og aðrar aðgerðir vegna heimsfaraldursins og áhrifa hans á atvinnulífið. Veiting lánanna er ekki ekki hafin og laut fyrirspurn Sigmundar til fjármálaráðherra að þessum töfum.

„Það er rétt sem háttvirtur þingmaður segir að það er nokkuð um liðið síðan Alþingi afgreiddi lagalegan grundvöll þess úrræðis og það er sömuleiðis talsvert síðan ég undirritaði samning við Seðlabankann um framkvæmd þessa úrræðis. En nú er sem sagt í lokafrágangi samkomulag milli Seðlabankans og fjármálafyrirtækjanna um þann enda málsins og ég get svo sem sagt fyrir mitt leyti að það er óheppilegt að þetta hafi tekið þennan tíma en þó ekki kannski orðið mikið tjón af því,“ sagði fjármálaráðherra.

Samkomulag Seðlabankans við viðskiptabankana lýtur til dæmis að skilyrðum fyrir ríkisábyrgð, undir hvaða kringumstæðum hún geti fallið niður og hvernig ganga eigi úr skugga um að skilyrði fyrir lánunum og ríkisábyrgð séu uppfyllt.

Ráðherra skipaði í gær þriggja manna nefnd til að hafa eftirlit með framkvæmd lánveitinga með ríkisábyrgð til fyrirtækja. Nefndina skipa Einar Páll Tamimi, formaður, Kristrún Heimisdóttir og Ásta Dís Óladóttir. **– aá**



**Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra, telur ekki mikið tjón af töfinni.**

1. MAÍ 2020

# BYGGJUM RÉTTLÁTT ÞJÓÐFÉLAG

Ísland er fyrirmynd annarra þjóða í viðbrögðum við Covid faraldrinum og við skulum líka vera fyrirmynd í því hvernig við byggjum okkur upp að nýju. Við viljum byggja réttlátt þjóðfélag.

Við skulum einsetja okkur að eftir eitt ár verði búið að útrýma atvinnuleysi í stórum stíl með góðum og öruggum störfum. Að hér hafi verið sköpuð ný tækifæri fyrir fólk og fyrirtæki. Við höfum styrkt innviðina og sameiginlegar grunnstoðir. Að við getum horft stolt til baka og séð að lífskjörin voru varin, jöfnuður og jafnrétti höfð að leiðarljósi og komið í veg fyrir að reikningnum væri velt yfir á heimilin.

Um þetta sameinumst við í dag – á baráttudegi verkalýðsins.

**ASÍ óskar launafólki til hamingju með daginn og minnir á baráttu- og skemmtiþátt í tilefni 1. maí á RÚV kl. 19.40 í kvöld.**

ASÍ

Alþýðusamband Íslands

# Foreldrar í Fossvogsskóla leita til lögmanns vegna svaraleysis

**REYKJAVÍK** Foreldrafélag Fossvogsskóla hefur leitað til lögmanns þar sem ekki berast svör frá Reykjavíkurborg um stöðu húsnæðis skólans. Borgin segir að svar muni berast á næstu dögum.

Húsnæði Fossvogsskóla var lokað að hluta í mars í fyrra vegna myglu. Framkvæmdir við skólann kostuðu hátt í hálfan milljarð króna. Upp um mygluna komst í úttekt sem ráðist var í eftir að foreldrar kvörtuðu vegna veikinda barna. Ekki eru allir foreldrar sannfærðir um að búið sé að uppræta mygluna og sendi foreldrafélagið erindi á skóla- og frístundasvið þann 21. febrúar síðastliðinn þar sem óskað var eftir svörum um stöðu framkvæmda í skólanum, en þá var þeim ekki lokið. Ekkert svar hefur borist þrátt fyrir ítrekanir.

Um miðjan mánuðinn sendi lögmaður foreldrafélagsins áskorun á borgarstjóra um að svara erindinu. Þar sem engin viðbrögð hafa borist við því hyggst foreldrafélagið leggja fram kæru til úrskurðarnefndar um upplýsingamál til að freista þess að fá svör.

**Við viljum bara fá staðfestingu á að það sé óhætt fyrir börnin okkar að vera þarna.**



Karl Óskar Þráinsson, formaður Foreldrafélags Fossvogsskóla

„Öll svið borgarinnar hundsa okkur og meirihluti kjörinna fulltrúa þegir þunnu hljóði. Þá neyðumst við til að leita til ytri eftirlitsaðila til að knýja fram svör. Þessi kæra er bara hluti af þeirri vegferð að fá samtal við borgina um hvort húsnæðið sem við sendum börnin okkar í sé öruggt eða ekki,“ segir Karl Óskar Þráinsson, formaður foreldrafélags Fossvogsskóla.

„Við erum ekki að biðja um að öðrum hálfum milljarði sé eytt eða sprengja húsið til grunna. Við viljum bara fá staðfestingu á að börnin okkar séu óhult í höndum borgarinnar.“

Í svari Reykjavíkurborgar við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að upplýsingarnar sem beðið var um séu byggingatæknilegs eðlis og því hafi fyrirspurninni verið vísað til umhverfis- og skipulagssviðs.

„Svar þaðan hefur borist og foreldrafélagið mun því fá svar á allra næstu dögum. Skóla- og frístundasvið biðst velvirðingar á töfum sem hafa orðið á afgreiðslu svars en það hefur m.a. tafist vegna ýmissa aðstæðna í samfélaginu.“ **– ab**



**Stúlkur leika sér á sparkvellinum við Laugarnesskóla í Reykjavík.**

## ÍSÍ úthlutar styrkjunum

**SAMFÉLAG** Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands verður falið að úthluta 450 milljóna króna stuðningi ríkisins til íþróttahreyfingarinnar til þess að mæta áhrifum COVID-19. Tilkynnt var um undirritun samnings þessa efnis á vef stjórnarráðsins í gær. Auk þess verður 50 milljónum úthlutað til æskulýðsfélaga á grundvelli umsókna þeirra. Stuðningurinn byggir á samþykkt Alþingis um fjárfestingarátak stjórnvalda til að vinna gegn samdrætti í hagkerfinu í kjölfar heimsfaraldursins.

**450**

**milljónir króna fá íþróttahreyfingarnar í styrk vegna áhrifa faraldursins.**

Hluti úthlutunarinnar kemur strax til framkvæmda á grundvelli reiknireglu en einnig verður úthlutað á grundvelli umsókna vegna sérstakra viðburða, móta og keppnishalds sem fellur niður vegna COVID-19.

Auk þessa stuðnings við Íþrótta- og æskulýðshreyfinguna verður lögð fyrir Alþingi tillaga um 600 milljóna aukafjárveitingu til sveitarfélaga vegna tímabundins stuðnings við fjölskyldur í erfiðri stöðu, svo tryggja megi jöfn tækifæri barna og ungmenna til íþrótta- og tómstundastarfs í sumar.

„Þá verður sérstaklega hugað að brottfalli úr íþróttum og verkefnum sem hvetja viðkvæma hópa til íþróttaiðkunar,“ segir Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra í tilkynningu á vef stjórnarráðsins. **– aá**

# Sean verið týndur í nær tvö ár

**„Hann var frábær listamaður og er vonandi,“ segir Helgi Bragason, fyrrverandi aðstoðarskólastjóri við Tónlistarskólann í Hafnarfirði sem Sean kenndi við um árabil. Þeir sem þekktu hann sakna hans sárt.**

**LÖGREGLUMÁL** Fiðluleikarinn Sean Bradley hvarf sumarið 2018. Hann hafði spilað með Sinfóníuhljómsveit Íslands í áratugi ásamt því að kenna við Tónlistarskólann í Hafnarfirði um árabil. Margrét Þorsteinsdóttir, fiðluleikari hjá Sinfóníunni, kenndi og spilaði með Sean á sínum tíma. „Hann var svakalega hæfileikaríkur fiðluleikari,“ segir hún í samtali við Fréttablaðið. Helgi Bragason, fyrrverandi aðstoðarskólastjóri tónlistarskólans, tekur í sama streng: „Hann var frábær listamaður og er vonandi.“

Hvarf Seans bar til með vægast sagt dularfullum hætti. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafði hann mælt sér mót við vinkonu sína í júní 2018. Þau ætluðu að keyra saman til Reykjavíkur og fara í kirkju. Hann mætti hins vegar ekki og þrátt fyrir ítrekuð símtöl náði hún ekki í hann. Ekkert spurðist til hans um tíma og kom sonur hans meðal annars til Íslands til að heimsækja föður sinn. Hann fann hins vegar föður sinn hvergi. Sean sagði síðan við vini sína á samfélagsmiðlum að hann væri kominn til Spánar.

Önnur vinkona Seans á Suðurlandi, sem vill ekki koma fram undir nafni, segir að hans sé saknað af þeim sem hann þekktu. „Við höfum saknað hans í nokkur ár,“ segir hún.

„Það síðasta sem við heyrðum af honum, þá var hann á Spáni. Hann sagðist vera kominn í búdda-klaustur að stunda íhugun, hann hefði það gott og við ættum að láta hann í friði,“ segir hún og bætir við að þetta hafi komið þeim sem þekktu hann í opna skjöldu.

„Það fannst okkur öllum mjög skrýtið því hann var ekki fyrir að fljúga. Hann vildi helst ekki fara upp í flugvél,“ segir hún. Sean er að sögn vina það flughræddur að það hafi haldið honum frá því að heimsækja fjölskyldu sína á Bretlandseyjum. Sean er með gigt og hreyfiskertur sökum þess. Hann gat einungis gengið stuttar vegalengdir án stuðnings. „Svo hvarf hann bara af Facebook og við höfum ekki heyrt neitt,“ segir hún.

Íslenska konan sem fór með Sean til Spánar bjó með honum á heimili hans um tíma en þau áttu ekki í rómantísku sambandi að því er Fréttablaðið kemst næst. Lögreglan ræddi við hana á heimili sínu á Selfossi en að sögn lögreglunnar liggur hún ekki undir grun. Lögreglan á Suðurlandi gerði ásamt tæknideild lögreglu ítarlega leit á heimili Seans í síðasta mánuði. Að sögn lögreglu var íbúðin grandskoðuð en engin ummerki voru um að neitt saknæmt hefði átt sér stað á heimili hans.



**Samkvæmt tilkynningu lögreglunnar var Sean skráður til heimilis að Austurvegi 34 á Selfossi.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Ljósmynd af Sean þegar hann spilaði með Sinfóníuhljómsveitinni.**

**Lögreglan á Suðurlandi gerði ásamt tæknideild lögreglunnar í síðasta mánuði ítarlega leit á heimili Seans. Að sögn lögreglunnar var íbúðin grandskoðuð en engin ummerki voru um að neitt saknæmt hefði átt sér stað þar.**

„Við erum með allar rannsóknarkenningar opnar í rauninni. Það eru sex kenningar sem geta komið upp þegar maður hverfur. Maður getur hafa veikst og lent einhver staðar inni á sjúkrahúsi, hann getur hafa ákveðið að láta sig hverfa, hann getur hafa verið drepinn, og svo framvegis. Það er í raun allt opið,“ segir Oddur Árnason, yfirlögregluþjónn á Suðurlandi og stjórnandi rannsóknarinnar.

Rannsókn málsins stendur enn yfir en Oddur segir málið vera flókið og erfitt til rannsóknar, sérstaklega þegar tilkynning berst lögreglunni meira en einu og hálfu ári seinna. „Það gerir allt erfiðara,“ segir Oddur. **mhj@frettabladid.is**



# Mánaðamót í appinu




Rafræn skjöl
Myntbreyta
Stillingar

Dreifa greiðslu
Sækja PIN
Hækka heimild

Yfirdráttur +

Greiða reikninga

Lán í appi

Millifæra

**Ráðgjafaverið** er opið alla virka daga milli kl. 9:00 til 16:00

**Netspjallið** er opið alla virka daga milli kl. 9:00 til 18:00

Á islandsbanki.is getur þú **bókað tíma í síma-ráðgjöf** þegar þér hentar.

Eldri borgarar geta **hringt í 440-3737** fyrir alla helstu bankaþjónustu.

**Islandsbanki.is/covid**

# 1. MAÍ



Ávarp Sonju verður sýnt á netinu.

## Förum ekki aftur í sama samfélagið

„Þetta verður vissulega erfitt næstu mánuði en það eru líka tækifæri í stöðunni. Ég held við förum ekki aftur í sama samfélagið sem var. Þess vegna er yfirskrift dagsins „Byggjum réttlátt þjóðfélag“, segir Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB.

**Fyrsta skrefið er auðvitað að verja afkomu fólks í þessum aðstæðum og síðan getum við séð hvar sóknarfærin eru.**

Hún segir að þótt það hafi verið tiltölulega mikill jöfnuður á Íslandi miðað við önnur lönd sé enn verk að vinna.

„Fyrsta skrefið er auðvitað að verja afkomu fólks í þessum aðstæðum og síðan getum við séð hvar sóknarfærin eru. Við teljum mjög mikilvægt að byggja upp fleiri undirstöðuatvinnugreinar en við erum með núna, þannig að hægt sé að stuðla að meira jafnvægi.“

Góðu fréttirnar séu þær að Ísland virðist vera að koma nokkuð vel út úr faraldrinum með tilliti til heilsufars og vonandi verði ekki bakslag í því. „Á móti er niðursveiflan dýpri en við vonuðumst til í upphafi og verður líklega langvinnari. Áskoranirnar verða því stærri en maður var að vona,“ segir Sonja Ýr.

Hún segir að helstu áhyggjurnar séu kannski af fólki sem falli milli skips og bryggju í úrræðum stjórnvalda. „Það er til dæmis þónokkur hópur sem hefur verið í sjálfskipaðri sóttkví og er þá tekjulaus á meðan. Sama gildir um foreldra sem hafa verið heima en ekki getað unnið vegna skerðingar á skólastarfi. Við höfum lagt mikla áherslu á að þessir hópar fái stuðning eins og aðrir.“

Sonja Ýr var kjörin formaður BSRB haustið 2018 en í fyrra var hún meðal ræðumanna á baráttufundi á Ingólfstorgi. Nú hefur ávarp hennar verið tekið upp og verður sýnt á netinu en þar að auki mun hún flytja stutt ávarp á skemmti- og baráttufundinum í kvöld.

„Við erum með átak á samfélagsmiðlum þar sem fólk getur búið til kröfuspjöld. Þannig geta allir sett fram sín skilaboð um hvað þeir vilji sjá í nýju og réttlátu þjóðfélagi. Samkenndin út af aðstæðunum gefur manni von fyrir framtíðina. Það er svona breytt forgangsröðun og við erum að endurhugsa hlutina.“ **– sar**

## Baráttudagur í skugga uppsagna



**Hátíðahöld vegna baráttudags verkalýðsins taka í ár mið af samkomubanni og hvorki skrúðgöngur né fjöldafundir munu fara fram. ASÍ, BHM. BSRB og KÍ standa hins vegar fyrir skemmti- og baráttusamkomu í Hörpu í kvöld sem verður send út í sjónvarpi.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Baráttan aldrei mikilvægari

**Hátíðahöld vegna baráttudags verkalýðsins verða með öðru sniði í ár en venjulega vegna samkomubanns. Forseti ASÍ segir verkalýðsbaráttuna aldrei mikilvægari en nú á tímum gríðarlegs atvinnuleysis.**

„Við sjáum að fólk um allan heim er að sækja í skjól verkalýðsfélaga um styrk og stuðning. Þannig að verkalýðsbaráttan hefur í rauninni aldrei verið mikilvægari en nú. En svo sjáum við líka stöðu einyrkja og þeirra sem eru í ótryggum ráðningarsamböndum. Það er fólkið sem er að fara verst út úr þessu. Þörfin fyrir kjarasamninga og góð vinnuskilyrði hefur þess vegna eiginlega aldrei verið sýnilegri en núna,“ segir Drífa Snædal, forseti ASÍ.

Vegna samkomubanns verður ekki hefðbundin 1. maí dagskrá og er það í fyrsta sinn síðan 1923 að launafólk á Íslandi getur ekki komið saman til að berjast fyrir kröfum sínum. Þess í stað verður haldin sérstök skemmti- og baráttusamkoma í Hörpu sem verður sjónvarpað á RÚV klukkan 19.40 í kvöld.

„Við ákváðum að það væri mikilvægt að bjóða upp á einhvern léttleika á þessum erfiðu tímum í bland við barátturæður og framtíðarsýn.“

Baráttudagur verkalýðsins fer nú fram í skugga sívaxandi atvinnuleysis og fjölda hópuppsagna.



Drífa Snædal segir fólk nú sækja styrk og stuðning til verkalýðsfélaga.

„Þetta eru ein viðbjóðslegustu mánaðamót sem við höfum upplifað. Við eigum hins vegar svolítið erfitt á þessum tímapunkti með að meta hina raunverulegu stöðu. Við vitum ekki enn hvert raunverulegt atvinnuleysi er en það er svakalegt.“

Þar vísar Drífa meðal annars til þess að ekki liggi endanlega fyrir hversu margir sem misst hafi vinnuna á síðustu dögum hafi verið á hlutabótaleiðinni. Þá eigi eftir að koma í ljós hvaða fyrirtæki muni fara í gang með starfsemi sína nú í maí sem hafi ekki getað starfað vegna samkomubanns. Verið sé að greiða himinháar upphæðir úr ríkissjóði til að styðja við atvinnulífið. Það þurfi að vera alveg skýrt að í þeim tilvikum sem ríkið borgar hluta launa á uppsagnarfresti komi fólk aftur inn í fyrirtækin á sömu kjörum þegar staðan verður betri.

**Við vitum ekki enn hvert raunverulegt atvinnuleysi er, en það er svakalegt.**

Drífa Snædal, forseti ASÍ

„Þetta ástand má ekki verða til þess að lækka laun fólks til frambúðar. Ef það verður ekki haldið rétt á spilunum gætum við verið að tala um einhverjar mestu launalækkanir sem um getur,“ segir Drífa.

Þá bendir hún á að samkvæmt greiningum ASÍ sé helsta ógnin sem heimilin standi frammi fyrir tekjufall. Útgjöld séu ekki endilega að hækka eða aukast.

„Það styður mjög við þá kröfu okkar að lengja tímann sem fólk getur verið á tekjutengdum bótum. En það þarf líka að hækka grunnatvinnuleysisbæturnar.“

**sighvatur@frettabladid.is**

# Ástandið kalli á heildarendurskoðun á grunnkerfum

„Við getum ekki komið saman og sýnt í verki samtakamátt og samstöðu hreyfingarinnar að þessu sinni. Við verðum að nota aðrar leiðir til þess,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR.

„En þetta eru ógnvænlegir tímar. Við höfum í sjálfu sér aldrei upplifað aðra eins daga eins og þá allra síðustu, aldrei séð annað eins atvinnuleysi. Þetta þýðir líka að álagið á stéttarfélögin er búið að vera gríðarlega mikið.“

Ragnar segir að áskorunin sem verkalýðshreyfingin standi nú frammi fyrir sé án fordæma. „Hvernig tryggjum við afkomu og uppbyggingu samfélagsins á þeim gildum og forsendum sem við erum að setja sem verkalýðshreyfing? Það verður heljarinnar verkefni en ég er í sjálfu sér ekkert hræddur við það.“

**Þetta þýðir líka að álagið á stéttarfélögin er búið að vera gríðarlega mikið.**

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR



Ástandið þýði einfaldlega að ráðast þurfi í heildarendurskoðun á grunnkerfum á borð við lífeyrissjóði og almannatryggingar.

„Við þurfum að hugsa hvernig við ætlum að takast á við það að hér tapist mögulega þúsundir starfa sem munu ekki endilega koma til baka. Þá þurfum við að endurskoða hvernig þessi grunnframfærslukerfi vinna saman og eru byggð upp.“

Láglaunakona á lífeyri fái nú 56 prósent af launum sem hún hafi aldrei getað lifað á. Bankastjórinn fái hins vegar 56 prósent af ofurlaunum.

„Þarna þurfum við að hugsa hvort við þurfum að endurskoða lífeyriskerfið frá grunni svo fólk geti lifað á grunnframfærslu.“

Auk þess að horfa til framtíðar þurfi að slökkva elda. Lykilverkefnið nú sé að verja heimilin. Þar vill Ragnar Þór sjá þak á vísitölu eða hún verði fryst með einhverjum hætti svo leiga og lán hækki ekki með verðbólgu.

„Nú koma sérfræðingar fram og segja að það sé ekkert í pípunum að verðbólga fari af stað. Þess þá heldur ætti að vera minna mál að veita fólki þessa tryggingu.“

Þá segist hann hafa áhyggjur af stöðu lífskjarasamningsins enda stjórnvöld enn ekki staðið við gefin loforð í tengslum við hlutdeildarlán og afnám verðtryggingar.

Ragnar segir einnig að tryggja þurfi hlut almennings í þeim kostnaðarsömu úrræðum sem stjórnvöld séu að fara í, upp á 300 milljarða.

„Þetta er reikningur sem skattgreiðendur munu þurfa að standa skil á. Mikið af þeim úrræðum sem við erum að berjast fyrir kosta ríkið sama og ekki neitt. Við þurfum að tryggja að fólkið verði ekki skilið eftir eins og eftir hrun. Það mun ekki gerast á okkar vakt og við erum tilbúin að beita öllum ráðum til að koma í veg fyrir það.“ **– sar**


#mínbarátta
Til hamingju með daginn!
1. maí er baráttudagur verkalýðsins
Árleg áminning um mátt samstöðunnar og nauðsyn áframhaldandi baráttu fyrir réttlæti og mannsæmandi lífskjörum fyrir alla.
Þínar kröfur – okkar barátta!
BARÁTTAN HELDUR ÁFRAM
ÞÍNAR KRÖFUR OKKAR BARÁTTA!
KYNFERÐISLEG ÁREITNI ER OFBELDI!
BYGGJUM RÉTTLÁTT ÞJÓÐFÉLAG
ÞEKKTU ÞINN RÉTT!
VR
VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | WWW.VR.IS







Í Bandaríkjunum hefur New York ríki verið þungamiðja faraldursins. Þar hafa greinst yfir 305 þúsund smit og meira en átján þúsund látið lífið vegna veirunnar. Alls hafa 61 þúsund látið lífið af völdum veirunnar í Bandaríkjunum sem eru mun fleiri en þau 58 þúsund Bandaríkjamanna sem létu lífið í Víetnamstríðinu á sínum tíma. MYND/GETTY

# Trump lætur viðmið um fjarlægð fjara út

Donald Trump ætlar ekki að framlengja ráðstafanir um fjarlægðarviðmið sem renna út í dag. Hann sakar Kínverja um að nýta COVID-19 faraldurinn til að klekkja á sér í kosningabaráttunni gegn Joe Biden, forsetaefni demókrata.

**BANDARÍKIN** Ráðstafanir um fjarlægðarviðmið vegna COVID-19 faraldursins renna út í Bandaríkjunum í dag. Donald Trump Bandaríkjaforseti segir að hann muni ekki framlengja þeim þar sem þær séu komnar á könnu ríkisstjóranna.

„Ég vil ekki að fólk venjist þessu,“ sagði Trump á blaðamannafundi. „Ég vil að nýja normið sé það sem það var fyrir þremur mánuðum.“

Í viðtali við fréttastofu Reuters fyrr í vikunni sakaði Trump Kínverja um að notfæra sér COVID-19 faraldurinn til að hindra endurkjör hans í nóvember. „Þeir nota stöðugt almannatengsl til að láta eins og þeir séu saklausir,“ sagði hann um kínverska stjórnmálamenn í viðtalinu.

Þá hélt Trump því fram að viðbrögð Kínverja við faraldrinum væru sönnun þess að þeir svifust einskis til að láta hann tapa kosningabaráttunni gegn Joe Biden í haust. Sagði Trump að Kínverjar styddu Biden í þeirri von að hann myndi aflétta þeim viðskiptahöftum sem Trump hefur í stjórnartíð sinni sett á Kína.

Hvíta húsið hefur skipað leyniþjónustu Bandaríkjanna að rannsaka hvort kínversk stjórnvöld og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hafi leynt upplýsingum um uppruna veirunnar.

> Ég tel að íbúar þessa lands séu gáfaðir. Ég held ekki að þeir muni kjósa vanhæfan mann.
>
> Donald Trump, forseti Bandaríkjanna

Ummæli Trumps koma í kjölfar þess að nýjustu skoðanakannanir sýna að Biden er kominn með forskot í kosningabaráttunni. Forsetinn gaf lítið fyrir þessar kannanir og sagðist ekki trúa á þær.

„Ég tel að íbúar þessa lands séu gáfaðir. Ég held ekki að þeir muni kjósa vanhæfan mann.“

Á sama tíma hrósaði Jared Kushner, tengdasonur og einn helsti ráðgjafi Trumps, viðbrögðum Bandaríkjastjórnar við faraldrinum og sagði þau vera hafa borið mikinn árangur.

„Ríkisstjórnin tókst á við áskorunina með frábærum árangri og ég held að það þurfi að segja frá því,“ sagði Kushner í viðtali í sjónvarpsþættinum Fox & Friends.

Meira en milljón COVID-19 smit hafa greinst í Bandaríkjunum og hafa yfir 61 þúsund manns látið lífið af völdum veirunnar.

arnartomas@frettabladid.is

# Þing kemur saman seinni partinn í maí

**KÍNA** Kínverska þjóðþingið kemur saman 22. maí næstkomandi, samkvæmt ákvörðun kommúnistastjórnarinnar sem var tilkynnt á miðvikudag. Venjulega kemur kínverska þingið saman seinnipartinn í mars en tilkynnt var um seinkun á samkomudegi þingsins um miðjan febrúar þegar faraldurinn var í hámarki í landinu.

Tilkynningin þykir til marks um að ríkið hafi náð tökum á faraldrinum en stefnt er að því að draga úr stífum sóttvarnaaðgerðum í höfuðborginni Peking, en tilkynnt hefur verið að þeir sem ferðast til Peking af öðrum svæðum innan Kína muni ekki þurfa að sæta tveggja vikna sóttkví eins og áður. Tveggja vikna sóttkví mun héðan í frá einungis taka til ferðamanna sem koma frá öðrum löndum. Ákvörðunin er í samræmi við þróun faraldursins í Kína undanfarið en flest smit í landinu eru nú rakin til ferðamanna sem koma til Kína erlendis frá.

Ekki kemur fram í tilkynningu kínverskra stjórnvalda hvernig form verður á fyrirhugaðri samkomu þingsins en venjulega kemur saman hátt á þriðja þúsund fulltrúa allra landshluta, auk embættismanna, forystumanna í kommúnistaflokknum, herforingja í fullum skrúða og fulltrúa fjölmargra ættbálka, í þjóðbúningum. Samkoman, sem fram fer í aðalsal þinghússins við Torg hins himneska friðar, er mikið sjónarspil en samtalið sjálft byggt á nákvæmum og vandlega yfirförnum handritum.



Kínverjar fögnuðu 70 ára afmæli alþýðulýðveldisins í fyrra og risamálverk af forseta landsins var afhjúpað á Torgi hins himneska friðar.

Í umfjöllun New York Times er haft eftir Jean-Pierre Cabestan, stjórnmálafræðingi við Háskólann í Hong Kong, að við athöfnina verði lögð áhersla á styrk Xi Jinping, áhrifamesta manns kommúnistaflokksins, en hann hvarf nánast alveg af sjónarsviðinu meðan ástandið var verst í Wuhan.

„Með fundinum vill Xi sýna að hann er enn í fullu fjöri,“ sagði Cabestan. – aá




50 ÁRA
RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

Rafiðnaðarsamband Íslands sendir félögum, fjölskyldum þeirra og landsmönnum öllum

# BARÁTTUSTRAUMA

á alþjóðlegum degi verkalýðsins, 1. maí. Þakkir til þess mikla fjölda sem staðið hefur í ströngu undanfarið við að halda innviðum þjóðfélagsins gangandi.

Dagurinn verður með breyttu sniði í ár en baráttan er enn til staðar. Þess vegna verðum við að vinna saman sem aldrei fyrr.

***Með samstöðu náum við árangri í átt að betri framtíð.***

Rafiðnaðarsamband Íslands er stoltur bakhjarl UN Women

UN WOMEN
United Nations Entity for Gender Equality and the Empowerment of Women

Aðildarfélög sambandsins:



Donald Trump Bandaríkjaforseti.

## Tugmilljónir án atvinnu

**BANDARÍKIN** Fjöldi Bandaríkjamanna á atvinnuleysisbótum er kominn yfir 30 milljónir manna. Það hefur ekki gerst síðan í kreppunni miklu á þriðja áratug síðustu aldar. Um leið skapar þetta mikinn þrýsting á stjórnmálaleiðtoga að aflétta takmörkunum og lokunum verði aflétt, sem hefur svo gríðarlegar afleiðingar fyrir efnahag landsins.

Samkvæmt tölum sem bandarísk stjórnvöld birtu í gær, bættust 3,8 milljónir manna í síðustu viku í þann hóp er sækir um atvinnuleysisbætur. Alls hafa því 30,3 milljónir manna misst vinnu á þeim sex vikum sem liðnar eru frá því að veirufaraldurinn hófst.

Uppsagnir síðustu vikna þýða að einn af hverjum sex bandarískum starfsmönnum er án vinnu. Það er meira en sem nemur öllum íbúum Texas ríkis, eða fleiri en allir íbúar borganna New York og Chicago samanlagt.

Hagfræðingar hafa spáð því að atvinnuleysi í Bandaríkjunum í aprílmánuði gæti orðið allt að 20 prósent. Svo mikið atvinnuleysi var síðast í þeirri kreppu viðskipta og efnahagslífs sem skall á haustið 1929. Þá fór hlutfall atvinnulausra í Bandaríkjunum hæst í 25 prósent. Afleiðingin var alvarleg heimskreppa sem varði í áraraðir. – ds



Horst Seehofer innanríkisráðherra.

## Þjóðverjar banna starfsemi Hezbollah

**ÞÝSKALAND** Innanríkisráðherra Þjóðverja tilkynnti í gær að ákveðið hefði verið að banna alla starfsemi Hezbollah samtakanna þar í landi. Þau eru nú skilgreind sem hryðjuverkasamtök. Á sama tíma réðst lögregla í húsleit í nokkrum moskum í Þýskalandi.

Hezbollah, eða flokkur Guðs, er íslömsk samtök sjía í Líbanon. Samtökin samanstanda bæði af stjórnmálaflokki og vopnuðum sveitum.

Samkvæmt þýska ríkisútvarpinu Deutsche Welle, telur Öryggislögregla Þýskalands að rúmlega eitt þúsund manns taki virkan þátt í starfsemi Hezbollah í Þýskalandi.

Þjóðverjar hafa gert greinarmun á stjórnmálaarmi Hezbollah og hersveita þeirra. Í áraraðir hefur hernaðararmurinn verið bannaður og sætt þvingunaraðgerðum í Þýskalandi, sem og öðrum vestrænum ríkjum, þar með talið Norðurlöndum. Þannig hefur sá armur Hezbollah verið á lista íslenskra stjórnvalda yfir þau samtök og einstaklinga sem sæta þvingunaraðgerðum vegna hryðjuverkastarfsemi af ýmsum toga.

Bandaríkjamenn og Ísraelar hafi þrýst á að öll starfsemi Hezbollah verði bönnuð á þýskri grund.

Nú verður merki Hezbollah bannað á samkomum og í fjölmiðlum. Þá getur þýska ríkið lagt hald á eigur samtakanna. - ds

## Afríka næsti miðpunktur



Fólk bíður nauðþurfta við hlið Rauða krossins í borginni Lagos í Nígeríu þar sem mat, heilbrigðisbúnaði og öðrum vistum er dreift. Afríka stefnir nú hraðbyri að því að verða miðpunktur COVID-19 faraldursins og grunur leikur á að mikill fjöldi tilfella hafi ekki enn verið greindur. Mörg tilfelli veirunnar hafa nýlega greinst í norðurhluta Nígeríu, einkum í borginni Kano og fjölmörg tilfelli má rekja til íslamskra heimavistarskóla. MYND/GETTY

# Atvinnuleysi vex í heiminum og gífurleg fátækt blasir við

**Alþjóðavinnumálastofnunin segir að hálfur milljarður manna vinni nú færri launaða tíma en hann vill eða sé án launaðs starfs. Atvinna helmings vinnandi manna í heiminum í hættu að mati stofnunarinnar. Aðeins einn af hverjum fimm á rétt á atvinnuleysisbótum og hrikaleg fátækt er í uppsiglingu víða.**

**COVID-19** Áhrif COVID-19 faraldursins á atvinnustig í heiminum eru mun meiri en talið var fyrir einungis tveimur vikum síðan, að sögn talsmanna Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO). Skýringarinnar er að leita í því að mörg ríki hafa síðan ákveðið lengri eða strangari lokun en áður var talið. Þótt Kínverjar séu nú byrjaðir að aflétta ýmsum takmörkunum, hafa önnur 64 ríki hvatt til eða krafist lokana vinnustaða frá 1. apríl síðastliðnum.

ILO er sérstofnun innan Sameinuðu þjóðanna með það hlutverk að standa vörð um mannréttindi og vinnuréttindi í þágu réttlætis og friðar.

Samkvæmt nýrri skýrslu stofnunarinnar sem birt var í vikunni, vinnur næstum hálfur milljarður manna um allan heim færri launaða tíma en hann vildi. Eða að þá skortir aðgang að launuðu starfi. Varað er við því að fátækt blasi við æ stærri hluta mannkynsins á næstu misserum vegna yfirvofandi atvinnuleysis.

Stofnunin áætlar nú að vinnustundir á öðrum ársfjórðungi 2020 verði 10,5 prósentum færri en fyrir veirufaraldurinn á síðasta ársfjórðungi 2019.

Það jafngildir tapi upp á 305 milljónir starfa. Þessi samdráttur sé nú að mestu til kominn af framlengingu lokunar og samkomubanns vegna veirufaraldursins. Fyrr í þessum mánuði hafði því verið spáð að á öðrum ársfjórðungi myndi fækkun vinnustunda jafngilda 195 milljónum starfa.

Af 7,8 milljörðum jarðarbúa eru tæpir 3,5 milljarðar í launuðum störfum. Af þeim starfa um tveir milljarðar í svokölluðu óformlegu hagkerfi, en það eru verktakar og þeir sem eru á skammtímaráðningarsamningum, eða jafnvel ekki með slíkan samning.



Verkafólk stendur í röð eftir fríu fæði í föstumánuðinum Ramadan í borginni Rawalpindi í Pakistan. ILO varar við að veirufaraldurinn geti haft „stórfelld fátæktaráhrif“ á þá 1,6 milljarða sem starfa í óformlega hagkerfinu.

**Af 7,8 milljörðum jarðarbúa eru tæpir 3,5 milljarðar í launuðum störfum. Af þeim starfa um tveir milljarðar í svokölluðu óformlegu hagkerfi.**

Sérfræðingar ILO telja að 1,6 milljarðar starfsmanna í óformlega hagkerfinu hafi orðið fyrir þungum skráveifum vegna veirufaraldursins. Það þýðir að næstum helmingur vinnandi fólks í veröldinni eigi á hættu atvinnuleysi eða vinnuskerðingu vegna veirufaraldursins.

Þá ber einnig að hafa í huga að aðeins einn af hverjum fimm starfsmönnum á rétt á atvinnuleysisbótum. Uppsagnirnar, sem þegar eru hafnar og fleiri munu bætast við, munu því hafa skelfileg áhrif á milljónir fjölskyldna.

Ríki heimsins hafa þegar kynnt ýmsa aðgerðarpakka til að takast á við faraldurinn og bjarga störfum. ILO hvetur ríki til þess að vinna með launþegahreyfingunum hvað þetta varðar.

david@frettabladid.is



Framúrskarandi fyrirtæki 2019

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Minnkum óvissu



**Hörður Ægisson**
hordur@frettabladid.is

Stórt og nauðsynlegt skref var stigið í vikunni. Með því að framlengja hlutabótaleiðina er komið til móts við fyrirtæki sem hafa orðið fyrir miklu tekjufalli en sjá fram á aukna eftirspurn innanlands í sumar. Þá mun sú ákvörðun að ríkið greiði að hluta uppsagnarfrest koma í veg fyrir að lífvænleg fyrirtæki – einkum í ferðaþjónustu – verði gefin upp til gjaldþrotaskipta og kemur þeim í skjól meðan mestu hremmingarnar ganga yfir. Kostnaður ríkisins af að gera ekki neitt hefði að lokum verið síst minni og þetta er aðgerð sem er til þess fallin að varðveita störf til lengri tíma litið. Það skiptir höfuðmáli núna þegar hætta er á að atvinnuleysi verði í sögulegum hæðum í lengri tíma en við höfum áður séð.

Enginn deilir um að stjórnvöld munu þurfa að gera meira. Tvennt mætti þar helsta nefna til. Þrátt fyrir að vextir Seðlabankans hafi verið lækkaðir í tvígang – um samtals eitt prósentustig – þá sætir furðu að ekki sé búið að ganga lengra nú þegar öllum er ljóst að við stöndum frammi fyrir verstu efnahagskreppu í manna minnum. Við slíkar aðstæður þurfa fjármagnseigendur að venjast umhverfi neikvæðra raunvaxta. Vextir bankans, sem hafa verið lækkaðir hlutfallslega minna en í nánast öllum okkar nágrannaríkjum frá því að þessar hamfarir hófust, hljóta því að verða teknir niður fyrir eitt prósent sem allra fyrst – ekki er í boði að bíða þangað til næsti fundur peningastefnunefndar fer fram eftir þrjár vikur.

Aðgerð ríkisins um að ábyrgjast allt að 70 prósent brúarlána til átján mánaða, að fjárhæð samtals 70 milljarðar, sem bankar kynnu að veita til fyrirtækja í rekstrarvanda er klúður. Þetta ættu bæði Seðlabankinn og fjármálaráðuneytið að vita. Sérstök eftirlitsnefnd með slíkum lánum, sem var skipuð í gær, er óþörf eins og sakir standa. Útilokað er að bankarnir muni nýta þetta úrræði, sem hefur verið ætlað stærri félögum landsins, svo neinu nemi enda eru skilyrðin með þeim hætti að fyrirséð er að þeir muni sitja eftir með fjárhagslega skellinn af því að lána til gjaldþrota fyrirtækja.

Hvað er til ráða? Efnahagsvandinn í dag er tvíþættur. Hann kemur annars vegar til vegna þeirra hörðu sóttvarnaaðgerða sem gripið hefur verið til og hins vegar er það óvissan sem er alltumlykjandi. Sú óvissa er afar kostnaðarsöm. Hægt er að draga verulega úr henni með markvissum og heildstæðum aðgerðum sem búa til raunverulega hvata fyrir bankakerfið, sem er ekki núna fyrir að fara, til að veita áfram útlán til atvinnulífsins.

Ein leið að því markmiði væri að Seðlabankinn veitti viðskiptabönkunum stóra lánalínu til nokkurra ára þar sem vaxtakjörin ráðast af því hversu mikið lánabók þeirra stækkar. Eftir því sem bankarnir lána meira, sem yrði í fyrsta kasti einkum til fyrirtækja sem standa betur að vígi, því lægri yrðu vextirnir á lánalínunni – og gætu mögulega orðið neikvæðir. Ávinningurinn myndi birtast okkur í því að bankarnir færu strax að bítast um bestu bitana á lánamarkaði. Fyrirtæki, sem hafa horft upp á vaxtaálög rjúka upp, gætu endurfjármagnað sig á mun betri kjörum, lausafé í kerfinu myndi aukast og fjárfestingarverkefni yrðu arðbærari. Óvissunni myndi létta og það kæmist smám saman hreyfing á hlutina. Beinn kostnaður ríkisins yrði líklega aðeins sambærilegur því og áætlað er að tap þess yrði af brúarlánunum. Það er ekki eftir neinu að bíða.

> **Ein leið væri að Seðlabankinn veitti viðskiptabönkunum stóra lánalínu þar sem vaxtakjörin ráðast af því hversu mikið lánabók þeirra stækkar.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Í Toppmálum**

**Íslendingar eru enn þá heimsmeistarar í að gera úlfalda úr mýflugu en þeir tryggðu titilinn á dögunum með viðbrögðum sínum við nýjum Toppi í dós. Í ljós kom að bragðbætta ropvatnið er ekki fengið úr alíslenskum krana vígðum af biskup líkt og gengur og gerist, heldur sé það afrakstur djöfullegra vélabragða frá frændum okkar í Svíþjóð. Ef íslenska vatnið er best í heimi þá ættu þessar tilraunir Neó-Kalmarsambandsins til að grafa undan íslenskum vatnsbændum að skila litlu. Er það ekki á kristaltæru?**

**Gefum bolnum að bíta**

**Samkvæmt eigendum bílaleiga landsins hefur eftirspurn Íslendinga eftir húsbílum aukist til muna eftir að heimsfaraldurinn skall á. Ef þetta eru ekki samhæfð viðbrögð unga fólksins við húsnæðisvandanum má því búast við að hlutfall Íslendinga á helstu ferðamannastöðum landsins muni rjúka upp úr öllu valdi í sumar. Neysluvenjur innfæddra eru auðvitað allt aðrar en ferðamanna, og munu hyggnir rekstraraðilar á búllum landsins því líklega verða fljótir að rífa niður lyklakippur og lundahúfur og koma fyrir munntóbakspokum og Happaþrennum.**

**arnartomas@frettabladid.is**

# Stjórnavalda er mátturinn að eilífu, amen



**Þuríður Harpa Sigurðardóttir**
formaður Öryrkjabandalags Íslands

Árið 2006 mynduðu fimm stjórnmálaflokkar pólitíska samstöðu með hagsmunasamtökum fatlaðs og langveiks fólks og eldri borgurum, undir nafninu „þjóðarsátt um virkara velferðarríki“. Saman mótuðu þessir aðilar nútímalegar hugmyndir að samfélagi þar sem allir gætu tekið þátt. Vinna átti að einfaldara almannatryggingakerfi, hærri lífeyri og skattleysismörkum, minnkun skerðinga vegna atvinnutekna, aukinni atvinnuþátttöku, einstaklingsmiðaðri búsetu, aukinni þátttöku í menntun og endurhæfingu og að heildstæðari heilbrigðisþjónustu. Fjórtán árum síðar hefur lítið breyst. Nú eru þrír þessara flokka við stjórnvölinn.

Á þessum fjórtán árum hafa kjör fatlaðs og langveiks fólks versnað stórlega. Þeim sem leita á náðir hjálparsamtaka eftir mat og öðrum nauðsynjum, hefur fjölgað mikið, en nærri 70% þeirra er fatlað fólk. Öryrkjum er gert að lifa af upphæð langt undir atvinnuleysisbótum. Sumir neyðast til að búa í bílum og í tjöldum allt árið um kring. Sárafátækt er veruleiki alltof margra og um 6.000 íslensk börn búa við mikla fátækt.

Í dag ganga öryrkjar undir rauðum fána og gera kröfu um breytingar og réttlátara þjóðfélag, enda krafan um hækkun örorkulífeyris og að virðing sé borin fyrir mannlegri reisn fatlaðs og langveiks fólks áþekk kröfunni um hækkun launa og virðingu fyrir vinnuframlagi fólks.

Örorkulífeyrisþegar krefjast þess að njóta virðingar sem endurspeglast í því að lífeyrir dugi til mannsæmandi lífs, að dregið sé verulega úr skerðingum og að aðgengi að samfélaginu sé í raun. Ég skora á þessa þrjá flokka að standa nú við yfirlýsingar sínar, að bæta úr misgjörð síðasta áratugar. Í því ástandi sem nú herjar á heiminn er mikilvægt að skilja enga eftir! Betra er seint en aldrei og nú verður að efna loforðin, en ekki svíkja.

Stjórnvöld, hvar eru efndirnar?

> **Ég skora á þessa þrjá flokka að standa nú við yfirlýsingar sínar, að bæta úr misgjörð síðasta áratugar.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is,* **FRÉTTASTJÓRAR:** Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is,* Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Kristjón Kormákur Guðjónsson *kristjon@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Að skjóta veiruna


Í DAG



Guðmundur Steingrímsson


Hugmyndin um að drekka sótthreinsispritt til þess að drepa kórónaveiruna er allrar athygli verð. Kosturinn við þessa hugmynd er sá, að það er algerlega óhætt að segja að hún eykur mjög líkurnar á að maður deyi þá alla vega ekki úr COVID-19. Út af fyrir sig má hugsa sér margar aðrar leiðir til þess að ná því sama markmiði. Sjálfsagt er hægt að drepa veiruna líka með því að fá sér rottueitur, drekka vítissóda, terpentínu, bryðja þvottaefnistöflur eða gleypa rakvélablöð. Hugmyndin um að drepa hana með geislum er á sama hátt mjög góð. Góður ofurheitur geisli niður í kokið — kannski á alþjóðadegi Star Wars sem er núna á mánudaginn — sem eyddi þar öllu lífi myndi ábyggilega drepa veiruna. Í þeim anda má svo aftur hugsa sér margar fleiri aðferðir. Sjálfsagt er hægt að brenna veiruna. Það er líka hægt að kæfa veiruna með því að troða þvottapoka eða viskustykki mjög langt ofan í kokið. Keðjusög drepur veiruna sé henni beitt með réttum hætti. Og svo má líka ábyggilega skjóta veiruna. Eini gallinn við það — eins og reyndar með allar þessar hugmyndir — er að ef maður ætlar að skjóta veiruna að þá verður maður líka að skjóta sig upp að einhverju marki. Það breytir þó ekki hinu: Maður drepst þá alla vega ekki úr COVID-19, sem er auðvitað út frá vissu sjónarmiði hálfur sigur.

**Klemman**

Flestir skilja, en alls ekki allir — eins og gerist og gengur — að markmiðið um þessar mundir er að finna aðferðir til þess að drepa kórónaveiruna án þess að drepa sig. Þetta er visst lykilatriði. Ef þetta væri ekki lykilatriði væru margar álitlegar leiðir í boði, eins og hér hefur verið rakið.

Það sem er hins vegar bitastætt við hugmyndir eins og að drekka sótthreinsivökva eða klór, eins frámunalega heimskulegar og þær hljóma, er að í raun og veru hitta þær nákvæmlega inn í kjarnann á því sem allir faglegir viðbragðsaðilar heimsfaraldursins og heimskreppunnar eru að reyna, nótt og dag, að gera ekki. Reynt er að hanna bóluefni. Ástæða þess að það tekur svona óheyrilegan langan tíma er einmitt sú að vísindamenn vilja ekki að bóluefnið verði eins og sótthreinsivökvi. Að það drepi veiruna og okkur líka. Að bóluefnið hafi verri afleiðingar en sjúkdómurinn, má ekki gerast.



**Önnur viðureign**

Þessa klemmu má yfirfæra á stöðu efnahagsmála. Æ betur er að koma í ljós að glíman er ekki einungis við skæða veiru heldur er hún í vaxandi mæli farin að snúast líka um að komast í gegnum einhverjar erfiðustu efnahagsþrengingar sem um getur í veraldarsögunni. Leiðarljósið í þeirri viðureign verður að vera hið sama og í viðureigninni við sjúkdóminn. Þar viljum við heldur ekki skjóta veiruna. Við þurfum að vinna bug á kreppunni án þess að sliga þjóðfélagið.

Nóg hefur veiran gert. Stærsta atvinnugrein þjóðarinnar er stopp. Ekki skal þó vanmetið hvernig hæglega er hægt að gera afleitt ásigkomulag enn verra með því að drekka efnahagsleg eiturefni á þessari stundu í hagsögunni. Hér eru nokkrar hugmyndir: Við getum blásið til átaka á vinnumarkaði. Í það stefnir, sem er ótrúlegt. Við getum misst atvinnulífið í fjöldagjaldþrot. Það er ekki langt undan, þó svo aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafi keypt tíma. Við getum staðið eftir án flugsamgangna. Sú staða er hreint ekki óhugsandi. Við getum dregið þróttinn úr einkaframtakinu. Urmull af skapandi frumkvöðlum sér núna áratuga streð sitt puðast út í vindinn. Við getum einangrast sem þjóð. Þetta sumar mun einkennast af hinu gamla og mjög svo varhugaverða slagorði þjóðernissinna hér á landi, þótt hafa megi smá gaman af því nú. Nú rætist það bókstaflega: Ísland fyrir Íslendinga. Það yrði vont ef það yrði ofan á sem efnahagsstefna.

**Tækifærin**

Veiran og kreppan. Þetta eru lúmskir skrattar. Þokukenndir draugar. Í tilviki kreppukvikindisins blasir við að brugðið getur til beggja vona. Við getum misst allt í dauða og djöful en við getum líka, sem betur fer, snúið á hana. Við getum beinlínis fundið leiðir til þess að nýta kreppuna okkur í hag. Kreppu fylgir andrúm. Við getum dyttað að. Brugðist við uppsafnaðri viðhalds- og uppbyggingarþörf. Við getum menntað okkur. Við getum eflt nýsköpun, listsköpun, þróun og vísindastarf. Við getum eflt samstöðuna sem hefur myndast í þessum þrengingum og byggt á henni sameiginlega sýn um réttlátt, kraftmikið og fjölbreytt þjóðfélag. Svo ég missi mig alveg í því að líkja þessum tveimur viðureignum saman, uppfullur af andagift á sjálfum baráttudegi verkalýðsins: Að fá veiru myndar mótefni gegn henni. Að fá kreppu getur líka myndað mótefni gegn henni. Ef við höldum vel á spöðunum komum við út úr þessu sterkari en áður.

# Fylgjumst einhuga að!




Dóra Björt Guðjónsdóttir
borgarfulltrúi Pírata í Reykjavík


Baráttudagur verkalýðsins sækir uppruna sinn í mál sem er okkur Pírötum hjartans mál; styttingu vinnuviku, það er að segja átta stunda vinnudag og helgarfrí. Fyrstu skref baráttu verkalýðsins grundvölluðust þar að auki í kröfunni um verkfallsréttinn sem telst nú órjúfanlegur hluti af nútímalegum lýðræðisríkjum. Að leggja niður störf til að krefjast bættra kjara er grundvallarréttur verkafólks og nýtist eingöngu þegar allt um þrýtur, er það því réttur sem ganga þarf langt til að standa vörð um. Óneitanlega setur COVID-19 svip á hátíðarhöldin að þessu sinni. Við Píratar viljum óska launafólki góðs dags. Fögnum árangrinum sem náðst hefur og mætum endurnærð til baráttunnar fram undan.

Hinn 1. maí árið 1886 lagði verkafólk í Bandaríkjunum niður störf í kjölfar langrar baráttu fyrir bættum kjörum og átta stunda vinnudag. Íslenskar rætur dagsins sækja einnig upphaf sitt í baráttuna um styttri vinnudag. Vökulögin sem voru lögfest árið 1921 og tryggðu íslenskum sjómönnum sex tíma hvíld á sólarhring. Þau eru einn fyrsti sigurinn sem hefur unnist á Íslandi í verkalýðsbaráttu. „Hér skal orðtakið það: Fylgjumst einhuga að!“ segir í auglýsingu Kröfugöngunefndar á forsíðu Alþýðublaðsins 1. maí árið 1923.

Stytting vinnutíma er lýðræðismál og mannréttindamál. Það er vitað að með skemmri vinnudegi fylgir meiri ánægja í starfi, færri veikindadagar og aukin lífsgæði. Það varðar aukna hamingju og samverustund með fjölskyldunni. Starfið okkar á að styðja við okkar heilsu og velferð. Við erum ekki



**Það er vitað að með skemmri vinnudegi fylgir meiri ánægja í starfi, færri veikindadagar og aukin lífsgæði.**

hlutir sem hægt er að nýta og ofnýta og henda svo í ruslið.

Nýverið var skrifað undir kjarasamninga fyrir lægsta launahóp okkar Reykvíkinga og það er mér mikið gleðiefni að ásamt því að leiðrétta laun kvennastétta og hækka lægstu laun er þar kveðið á um styttingu vinnuviku dagvinnufólks úr 40 í 36 klukkustunda vinnuviku – og enn meiri styttingu fyrir vaktavinnufólk. Þessum hópi, Eflingarfólki og öðru mikilvægu starfsfólki annarra verkalýðsfélaga, vil ég þakka fyrir að standa eins og klettur í framlínunni vegna COVID-19. Ég vil einnig nota tækifærið og hvetja önnur sveitarfélög til að ganga frá samningum. Pólitík er ekki leikur og ábyrgðin er mikil á tímum sem þessum að ganga ekki til samninga.

Baráttunni er hvergi lokið. Við eigum öll rétt á góðu lífi með reisn. Gleðilegan 1. maí.




# Reiðin á tímum kórónaveirunnar



Sæunn Kjartansdóttir
sálgreinir

Sjaldan hefur ótti verið jafn útbreiddur um heimsbyggðina og undanfarnar vikur. Fólk óttast að það sjálft eða ástvinir þess veikist og jafnvel deyi, við óttumst að við sjálf og aðrir getum verið smitberar, margir óttast atvinnuleysi og fátækt og ekkert okkar veit hvernig samfélagið og heimurinn allur mun komast út úr þessum hremmingum. Þegar við erum óttaslegin er okkur eiginlegt að leita öryggis í nánd annarrar manneskju en fjölmargir hafa verið sviptir þeirri hughreystingu því hún gæti reynst hættuleg.

**Mismunandi farrými**

Í þessari sérkennilegu óvissuferð má segja að við séum öll á sama báti, vegna þess að veiran fer ekki í manngreinarálit, en þegar kemur að aðstæðum til að takast á við hana erum við óneitanlega á ólíkum farrýmum. Ekki er t.d. hægt að líkja hlutskipti heilbrigðisstarfsfólks við þá sem eyða deginum í hámhorf á Netflix. Þá njóta sumir þess að verja auknum tíma með fjölskyldunni í samgöngubanni og sóttkví en öðrum stafar hætta af sínum nánustu. Hinu verður ekki neitað að í samanburði við önnur lönd erum við Íslendingar á fyrsta farrými með ábyrgt fólk í brúnni sem tekur mark á vísindum og segir okkur satt.

Þegar alvarlegir erfiðleikar dynja yfir er okkur tamt að tala um samtakamátt þjóðarinnar og það er að mörgu leyti rétt. Í bráðafasa hamfara höfum við margsinnis fundið og sýnt samkennd. Þegar mesta hættan er liðin hjá, daglegt líf tekur við og við horfum fram á breyttan veruleika mun hins vegar reyna á okkur á annan hátt. Við verðum öll orðin lúin og óþolinmóð, ferðafrelsi verður áfram skert og við vitum ekki hversu lengi við þurfum að sætta okkur við alls kyns hömlur. Sumir munu taka upp þráðinn þar sem frá var horfið en annarra bíða fyrst og fremst áhyggjur vegna atvinnumissis og tekjuleysis. Þegar fótunum er fyrirvaralaust kippt undan stórum hópum fólks þarf ekki að undra sterk viðbrögð. Til að bæta gráu ofan á svart getur áfall af þessum toga virkað eins og olía á eld gamalla áfalla sem tengjast því að vera vanmáttugur eða beittur órétti.

**Fyrir viðkvæma einstaklinga jafnast það á við að búa í sundraðri fjölskyldu að horfa upp á framgöngu fulltrúa okkar á Alþingi og í borgarstjórn eins og hún var í kjölfar hrunsins.**

**Reiðin tranar sér fram**

Viðbrögð við svo erfiðum tilfinningum eru af ýmsum toga en misjafnlega gagnleg. Reiðin er dæmi um bjargráð sem oft er gripið til því hún hefur lag á að ýta erfiðari tilfinningum til hliðar, eins og dapurleika og vanmáttartilfinningu. Kona sem missti vinnuna orðaði þetta ágætlega í viðtali við Morgunblaðið þegar hún sagði: „Ég held ég kjósi að vera frekar reið heldur en áhyggjufull. Það gefur manni þó drifkraft.“ Síðast þegar við urðum fyrir alvarlegu samfélagslegu áfalli varð reiðin áberandi en henni var að einhverju leyti beint í farveg með því að berja potta, grýta eggjum í Alþingishúsið og ákæra bankamenn. Að þessu sinni er sökudólgurinn ósýnileg veira sem mun aldrei svara til saka eða gangast við ábyrgð sinni.

Hvað gerist þegar reiðin hefur ekkert viðfang?

Í stuttu máli búum við það til. Margir beina reiðinni að sér sjálfum; með niðurrifi, vanrækslu eigin þarfa eða hegðun sem veldur þeim vanlíðan. Aðrir leita að sökudólgum og þá fjölgar besservisserum. Kveikjuþráður flestra verður styttri og það bitnar á fjölskyldu og vinum, allt frá hversdagslegum pirringi yfir í alvarlegt ofbeldi. Við efnum til illinda út af stóru sem smáu og grípum hvert tækifæri til að hneykslast, skammast, hnýta í og bölsótast. Síðast en ekki síst búum við til hópa af „okkur“ og „hinum“, gjarnan undir forystu þeirra sem sjá sér hag í sundrungu. „Við“ hötumst út í „hina“ sem geta verið sérfræðingar, útlendingar, opinberir starfsmenn, listamenn, öryrkjar, atvinnurekendur, stjórnmálamenn o.s.frv. Óbeisluð reiði veitir stundarfró en leysir ekki neitt. Þvert á móti eykur hún á vanlíðan og getur skapað hættulegt ástand á heimilum jafnt sem í samfélaginu.

**Hvers konar fyrirmyndir eru kjörnir fulltrúar?**

Hvernig er hægt að sjá við reiðinni og hafa á henni taumhald? Ég vísa til allra góðra ráða varðandi streitustjórnun, svefn, næringu, hreyfingu, slökun, hugleiðslu o.fl. Til viðbótar er mikilvægt að hver og einn líti í eigin barm og eigi samtöl við fólk sem kann að hlusta og horfa á bak við reiðina, hvort sem það eru vinir, Rauði krossinn, Geðhjálp, starfsfólk heilsugæslunnar eða annað fagfólk. Ég vil sérstaklega hvetja fólk sem kemur fram á opinberum vettvangi til að huga að eigin reiði og reyna að sjá við henni. Þar gegna kjörnir fulltrúar þjóðarinnar lykilhlutverki.

Þeirra vandasama verk er að leiða okkur í gegnum hremmingarnar og gæta ólíkra hagsmuna en í þeirri vinnu skiptir gríðarlegu máli fyrir geðheilsu okkar sem fylgjumst með að við upplifum að reynt sé að vinna saman af skynsemi, sanngirni og gagnsæi. Fyrir viðkvæma einstaklinga jafnast það á við að búa í sundraðri fjölskyldu að horfa upp á framgöngu fulltrúa okkar á Alþingi og í borgarstjórn eins og hún var í kjölfar hrunsins. Vissulega eru stjórnmálamenn undir miklu álagi en þeir mega ekki leyfa sér að nota ástandið sem farveg fyrir eigin reiði eða persónulegan metnað. Hversu ósammála sem þeir kunna að vera þurfa þeir að vanda sig í samskiptum og spara gífuryrðin. Nú sem aldrei fyrr þörfnumst við fyrirmynda sem sýna yfirvegun, heiðarleika og auðmýkt eins og fólkið í Skógarhlíðinni gerir alla daga, hvað sem á dynur.

# Prófessorar komnir í kuklið



Reynir Eyjólfsson
doktor í lyfjafræði

Nú keppast óvitrir framleiðendur/seljendur óbótaefna hver um annan þveran við að auglýsa og selja gagnslaus efni allt frá klóri til C-vítamíns sem varnir við kórónaveirunum.

En ekki nóg með það: Á mánudeginum 23. mars s.l. var langt viðtal í Morgunblaðinu við prófessor í augnlækningum, sem greinir frá því að hann og lyfjafræðiprófessor hafi sullað saman blöndu úr lýsi og óbundnum fitusýrum í 2% þéttni. Þetta samsull segir hann að eigi að setja snarlega á markað sem vörn gegn kórónaveirusmiti með því að skola munninn og kokið með þessu 2 - 4 sinnum á dag. Smit um nef og augu nefnir hann ekki.

Þessu til stuðnings nefnir hann um 30 ára gamlar athuganir sem áttu að sýna fram á veiruhemjandi áhrif blöndu úr 0,5% fitusýrum í lýsi í tilraunaglösum. Auðvitað segja svona tilraunir ekkert um virkni blöndunnar í fólki. Engar athuganir hafa verið gerðar á áhrifum blöndunnar á kórónaveirurnar og niðurstöður úr klínískum rannsóknum vantar alveg. Þess vegna er þetta bara ótínd snákaolía.

Jafnvel þó þessi snákaolía hefði einhver veiruhemjandi áhrif gæti notkun hennar valdið fölsku öryggi þar sem hættan á smiti um nef og augu er eftir sem áður galopin. Einnig er ólíklegt að blandan haldist stundinni lengur í munnholi og koki.

Mér finnst það sorglegt að menn, sem kenna sig við vísindi og kenna lækna- og lyfjafræðinemum, skuli gera sig uppvísa að kukli á borð við þetta og ætla sér að notfæra sér það átakanlega ástand sem nú ríkir í þjóðfélaginu til að markaðssetja svona samsull til þess eins að græða á því.

# Það sem ríkið þarf ekki að gera



Kristófer Alex Guðmundsson

Í baráttunni við COVID-19 hefur enginn skortur verið á hræðilegum hugmyndum. Þar má nefna áætlanir Andrew Cuomo, ríkisstjóra New York, til að þvinga fanga til að framleiða sótthreinsispritt launalaust. Lyklaborðskommúnistar þarlendis sögðu þetta lausnina sem markaðshagkerfið byði upp á. Menn þurfa hins vegar að vera djúpt sokknir í pólitískum kreddum til þess að halda að ríkisvald sem þvingar fólk í nauðungarvinnu fyrir skipulagða framleiðslu endurspegli markaðshagkerfi.

Verðfrysting á spritti og andlitsgrímum hefur einnig borið á góma, jafnvel að ríkisstjórnir stilli verð niður í brotabrot af framleiðslukostnaði. Í fljótu bragði kann það að hljóma vel en það liggur í augum uppi að ef verði á vöru er haldið niðri með valdi hverfur hvati einstakra fyrirtækja til að breyta háttum og hefja framleiðslu á slíkum vörum. Með lágmarksverð og þ.a.l. lágmarksframleiðslu hvetja stjórnvöld þá sem selja vörurnar til þess að sitja á þeim og framleiða ekkert og skapa þar með skortinn sem þau vildu forðast í upphafi. Vísast er að leyfa framleiðendum og kaupendum að ákveða verð og stilla framleiðslu í takt við það. Slíkt veitir samkeppnishæfustu aðilunum tækifæri til að framleiða það magn sem heilbrigðisstarfsfólk og aðrir þurfa til þess að takast á við faraldurinn. Nú þegar hafa verkstjórar í bavarískum bílaiðnaði og bandarískum málningarverksmiðjum séð hag sinn í framleiðslu á öndunarvélum og spritti, án afskipta þarlendra yfirvalda.

Ríkið þarf ekki að skikka málningarframleiðendur og bílaverksmiðjur (eða þvinga fanga) til að breyta framleiðslulínum og búa til lífsnauðsynlegan hlífðarbúnað eins og grímur og spritt. Ríkið þarf heldur

**Blessunarlega hefur þó framtak fyrirtækja og einstaklinga dregið úr áhyggjum um matvælaöryggi og framleiðslu á lífsnauðsynlegum birgðum. Því hugviti og þeirri forsjálni megum við vera þakklát.**

ekki að skipuleggja vörudreifingu og heimsendingu til tugþúsunda manna á svipstundu.

Við njótum öll góðs af því að fyrir nokkrum árum síðan sáu áhættusæknir frumkvöðlar fyrir sér framtíð þar sem hver sem er gæti pantað hvað sem er (og sér í lagi mat) á Internetinu og fengið það sent heim að dyrum. Allir sem hafa unnið með matvöru þekkja að það er hægara sagt en gert að koma henni frá býli til bæjar í góðu lagi og hvað þá lokametrana að matarborðinu. Allir sem hafa unnið við vefforritun þekkja líka að það tekur marga forritara mörg ár með margar milljónir að þróa hugbúnað sem uppfyllir kröfur almennings. Við stillum gæðakröfurnar okkar við stafrænar vörur frá Facebook, Apple og Amazon með sína tugi þúsunda hugbúnaðarverkfræðinga og hönnuði. Lítill sproti þarf að keppa við það til að halda athyglinni okkar og viðskiptum. Það er þeirri vinnu að þakka að við getum núna tekist á við faraldurinn betur en ella.

Ríkisstjórnir um allan heim þurftu að skipuleggja ýmislegt við upphaf árs til þess að búa sig undir heimsfaraldurinn. Margar hefðu líka mátt huga að því betur á árunum í aðdraganda veirunnar, eins og að ganga úr skugga um nægar birgðir fyrir heilbrigðisstarfsfólk. Blessunarlega hefur þó framtak fyrirtækja og einstaklinga dregið úr áhyggjum um matvælaöryggi og framleiðslu á lífsnauðsynlegum birgðum. Því hugviti og þeirri forsjálni megum við vera þakklát.

# Nagladekkjaóhóf



Magnús Skúlason
arkitekt

Nú á dögum veirunnar er meira um göngu- og hjólaferðir um nágrennið, en umferð bíla hefur að sama skapi minnkað. Því vekur það sérstaka athygli að heyra hávært skröltið frá stórum hluta hinna fáu bíla sem eru á ferðinni – þeir eru enn á nagladekkjum í blíðunni! Og í sumar þarf, svo sem endranær, að fara í milljónatuga endurbætur á götum bæði í Reykjavík og Akureyri án þess að þeir sem valda skaðanum þurfi að borga krónu.

Í Noregi hefur um árabil verið sett gjald á nagladekk til að bæta tjón af völdum nagla og minnka notkun þeirra. Þeir sem kjósa að aka um á nagladekkjum geta það án sérstaks gjalds, en ef ekið er um stærri bæi eða borgir þarf að greiða. Í allri Mið-Evrópu eru nagladekk bönnuð vegna þess að þau eru talin valda meiri skaða en gagni. Þar er þó oft ísing á morgnana á sléttlendi og svo snjóar stundum mikið á fjallvegum. Sums staðar er það skylda að hafa keðjur meðferðis til fjalla. Ef ferðamaður vill leigja sér bíl í Austurríki til að aka á skíðasvæði fengi hann aldrei bílaleigubíl á nagladekkjum, það er einfaldlega ekki í boði.

Nú myndi einhver spyrja hvað miðbæjarrotta úr Reykjavík sé að belgja sig, en þá er þess að geta að vinnu minnar vegna hef ég í gegnum árin farið margar ferðir um landið að vetrarlagi á ónegldum dekkjum og prófað nokkrar tegundir allt frá loftbólu-, harðkorna-, harðskeljadekkjum yfir í dekk með iðnaðardemöntum. Þau síðarnefndu slógu reyndar allt út, betri hemlun á hreinum klaka en með nagladekkjum. Jafnt í þéttbýli sem dreifbýli valda vatnsfylltar rásir af völdum naglanna einnig hættu. Alvarlegasta afleiðing óhóflegrar nagladekkjanotkunar er hins vegar skerðing loftgæða. Árvisst hefur það gerst bæði á Akureyri og í Reykjavík að loftgæði fara langt yfir hættumörk. Er það ásættanlegt að loka þurfi leikskólabörn í Reykjavík og Akureyri inni á lognkyrrum dögum svo ekki sé minnst á fólk með vandamál tengd öndunarfæri?

Naglalaus vetrardekk eru orðin það góð að þau duga í flestum tilfellum. Svo er hægt að fá snjósokka eða léttar keðjur sem auðvelt er að setja á. Naglalaus vetrardekk má einnig nota allt árið sem getur verið kostur, t.d. við útleigu bíla til ferðamanna í ævintýrahug. Aðalatriðið er þó ávallt að haga akstri eftir aðstæðum, ekki síst að stilla ökuhraða í hóf, og þá má jafnvel spyrja hvort nagladekk veiti í sumum tilvikum falskt öryggi.

Maður sem býr uppi á brekkunni á Akureyri og hefur aldrei notað nagladekk, líkti þessu við að ganga daglega í gúmmístígvélum ef skyldi rigna þann daginn. Við þetta má því bæta að eiginlega er það stílbrot að sjá smábíla í Reykjavík, ætlaða til innanbæjaraksturs, á svona búnaði. Er ekki löngu tímabært að endurskoða þetta mál með það fyrir augum að slá á notkun nagla í þéttbýli?




# Hver gerði þjóðarsátt um fátækt?

Árið 2006 mynduðu fimm stjórnmálaflokkar pólitíska samstöðu með hagsmunasamtökum fatlaðs og langveiks fólks og eldri borgurum. **Sameiginlega voru mótaðar nútímalegar hugmyndir um samfélag þar sem allir geta verið þátttakendur.**

**Samstaða var um að vinna markvisst að eftirfarandi:**

- Einfaldari almannatryggingar
- Hærri lífeyrir og skattleysismörk
- Minni skerðingar vegna atvinnutekna
- Atvinnuþátttaka allra með nútímalegri úrræðum
- Einstaklingsmiðuð búseta og samfélagsþátttaka
- Aukin þátttaka í menntun, hæfingu og endurhæfingu
- Notendavænni og heildstæðari heilbrigðisþjónusta

**Í dag eru þrír þessara flokka við stjórnvölinn: Framsóknarflokkur, Sjálfstæðisflokkur og Vinstrihreyfingin grænt framboð.**

**Á þeim 14 árum sem liðin eru frá þjóðarsátt um virkara velferðarríki hafa kjör örorkulífeyrisþega farið sífellt versnandi.**

**Við skorum á þessa þrjá flokka að standa við yfirlýsingar sínar og hefja strax aðgerðir!**






# Að vera eða vera ekki sjálfstætt starfandi



**Jakob Tryggvason**
formaður Félags tæknifólks í rafiðnaði

Verkefnabrestur og atvinnuleysi sjálfstætt starfandi fólks í veirufaraldrinum varpar ljósi á veika og óljósa stöðu þessa stóra hóps á vinnumarkaði. Engin ein skilgreining nær yfir sjálfstætt starfandi og við blasir að margir slíkir verði útundan þegar stjórnvöld marka stefnu og ákveða ráðstafanir til stuðnings þeim sem standa nú skyndilega uppi tekjulausir. Þeir teljast hvorki vera fyrirtæki né launamenn heldur oft í litt eða ekki skilgreindu ráðningarsambandi sem verktakar eða í afmörkuðum verkefnum í einhvers konar lausamennsku.

Í Félagi tæknifólks í rafiðnaði, sem ég er í forsvari fyrir, eru margir einyrkjar í tæknistörfum í miðlun, skapandi greinum og upplýsingatækni. Enn stærri hópur stendur utan stéttarfélaga og fer stækkandi. Ég vísa hér til fólks sem starfar að ýmsum verkþáttum kvikmyndagerðar, afþreyingariðnaðar, viðburðaþjónustu, framleiðslu sjónvarps- og margmiðlunarefnis og víðar.

Svo vill til að rétt áður en veirufárið brast á sótti ég ráðstefnu á Írlandi um sjálfstætt starfandi fólk. Þar kom fram að í Evrópusambandinu væri skjalfestur réttur allra til aðildar að stéttarfélagi, óháð ráðningarformi. Enn fremur að samkeppnisyfirvöld ESB litu á það sem meginhlutverk að verja rétt þeirri smáu gagnvart þeim stóru. Í því fælist til að mynda að umsvif eða réttindi sjálfstætt starfandi yrðu ekki heft eða takmörkuð til aðildar að kjarasamningum eða stéttarfélögum. Með öðrum orðum að óhefðbundið ráðningarform yrði ekki sett skör lægra en ráðning í launað starf í venjulegum skilningi.

Jafnframt hjó ég eftir því að viðurkenning á þessum skilningi er í reynd mislangt á veg komin í ESB. Hollendingar og Írar hafa stigið stærstu skrefin í breytingum á samkeppnisrétti og tengdri löggjöf. Þeir og fulltrúar stéttarfélaga í fleiri ríkjum kannast einfaldlega ekki við að það sé vandamál að þjóna sjálfstætt starfandi og semja um kaup og kjör fyrir hönd þeirra.

Þarna sé ég verkefni fyrir íslenska verkalýðshreyfingu að fást við. Veirukreppan sýnir beinlínis fram á nauðsyn stéttarfélagsskjóls fyrir sjálfstætt starfandi, hvort heldur krísan sú verður skammvinn eða langvinn.

Byrjunin gæti verið að skilgreina hópinn sem um ræðir. Í mínum huga er einfaldlega átt við þá sem starfa sjálfstætt með því að selja eigin þekkingu, sérhæfða kunnáttu eða hugvit án formlegs, fastbundins ráðningarsambands.

Fljótt á litið er auðvelt að greina hvað telst ráðningarsamband annars vegar og verktaka hins vegar á vinnumarkaði. Í reynd stækkar hins vegar stöðugt sá hópur sem fellur einhvers staðar á milli þessara skilgreininga. Á vef ríkisskattstjóra segir að ef nánari könnun á verksamningi og framkvæmd hans leiði í ljós að í raun sé um vinnusamning að ræða, þótt hann kallist verktakasamningur, sé um „gerviverktöku“ að ræða.

Gott og vel. Þarna kann nú að vera auðveldara um að tala en í að komast skýrt afmarkaða flokka samkvæmt skilgreiningu skattayfirvalda. Þannig eru dæmi um fyrirtæki þar sem verktakar eru skuldbundnir til að vera til reiðu og ráðstöfunar á tilteknu tímabili. Fyrirtækið leggur til tæki og búnað, ákveður hvernig og hvenær er unnið og ætlast til þess að verktakarnir sjálfir skili verkinu en ekki undirverktakar. Þarna setur verkkaupi með öðrum orðum skilyrði sem leiðir samband við verktakann í far vinnustaðasamnings frekar en verktöku. Slíkt getur átt sér stað í starfsemi sem nýtur stuðnings og fjárveitinga ríkisvaldsins. Undir hálfopinberum hatti eru þannig sett skilyrði sem nálgast mjög það sem ríkisskattstjóri kallar „gerviverktöku“. Verktökum stendur ekki annað til boða en að starfa við slík skilyrði eða hafna verkefninu!

Lausráðnir launamenn eiga oft við sama vanda að etja og sjálfstætt starfandi. Ráðningarsamband þeirra er stundum kallað „núlltímasamningur“ eða tímalaunasamningur og þeir fara gjarnan á mis við rétt sem fastráðið launafólk hefur. Staðan og varnarleysið er nær því sem þekkt er hjá þeim sem starfa sjálfstætt.

Aðgerðapakkar stjórnvalda vegna veirukreppunnar henta sjálfstætt starfandi fólki misvel. Erfitt kann að vera að skilgreina vel markmið skammtímaúrræða þegar undirliggjandi reglur eru eins ógagnsæjar og raun ber vitni. Nú er lag að rýna mál þessa hóps ofan í kjölinn og laga reglur að veruleikanum. Verkefnið er að tryggja líka þeim sjálfstætt starfandi eðlilegan rétt til baklands og samstöðu með öðrum á vinnumarkaði. Leikreglur samfélagsins eiga að varða alla, ekki bara suma.



# Verðlaunum nýskapandi verkefni fyrir auðugri náttúru



**Elva Rakel Jónsdóttir**
formaður dómnefndar umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs



**Fanney Karlsdóttir**
skrifstofustjóri umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs

**Verðlaunaféð, sem er 350.000 danskar krónur, fer til verkefnis sem felur í sér frumlega og nýskapandi leið til þess að tryggja auðugri náttúru fyrir sameiginlega framtíð okkar.**

Náttúra Norðurlanda er stórbrotin, fögur og viðkvæm en saga náttúruverndar á Norðurlöndunum er samofin sögu tuttugustu aldarinnar. Nyrst í ballarhafi, þar sem veðurfar og jarðhræringar setja lífinu skorður, er vistkerfaþjónusta náttúrunnar grundvöllur fyrir blómstrandi samfélög manna. Með hnattrænni hlýnun og fækkun tegunda henni samhliða eykst áskorunin sem felst í því að standa vörð um líffræðilega fjölbreytni. Samkvæmt náttúruvísindanefnd Sameinuðu þjóðanna (IPBES) hefur tap á lífbreytileika í vistkerfum náttúrunnar aldrei verið meiri.

Náttúruleg búsvæði og manngerð vistkerfi sem eru rík af tegundum eru betur í stakk búin til þess að aðlagast loftslagsbreytingum. Ef gripið er til aðgerða til að styrkja lífbreytileika fæst oft annar ábati í kaupbæti. Aukin líffræðileg fjölbreytni í borgarumhverfi getur dregið úr líkum á flóðum og skapað græna og mannvæna umhverfi sem stuðlar að betri lýðheilsu. Endurheimt votlendis, landgræðsla og skógrækt eykur lífbreytileika um leið og dregið er úr losun eða binding gróðurhúsalofttegunda aukin. Matvælaöryggi byggist að stórum hluta á lífbreytileika, sem getur falist í gæðum jarðvegs á landi og í fullnægjandi fæðuframboði nytjafisks í hafi.

Umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs verða í ár veitt framtaki á sviði líffræðilegrar fjölbreytni. Verðlaunin vekja athygli á og styðja við áhrifarík verkefni sem efla góð fordæmi á Norðurlöndunum í þágu náttúrunnar. Verðlaunaféð, sem er 350.000 danskar krónur, fer til verkefnis sem felur í sér frumlega og nýskapandi leið til þess að tryggja auðugri náttúru fyrir sameiginlega framtíð okkar.

Með fókus á líffræðilega fjölbreytni styðja umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs við 14. og 15. heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um líf í hafi og á landi. Tilkynnt verður um sigurvegara verðlaunanna samhliða þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík 27. október í ár. Tekið er á móti tilnefningum til verðlaunanna til 13. maí næstkomandi á vef Norðurlandaráðs og Norræna hússins í Reykjavík. Hægt er að tilnefna aðila á borð við fyrirtæki, samtök og einstaklinga á Norðurlöndunum. Hver verðskuldar verðlaunin að þínu mati?

# Stóri dauði – hin miklu hamfaraskeið í sögu lífs á Jörðu



**Þorleifur Friðriksson**
sagnfræðingur

**Ástæðurnar voru bæði markviss fjöldamorð og sjúkdómar sem Evrópumenn báru með sér.**

Á þeim fjórum milljörðum ára sem talið er að líf hafi þrifist á plánetunni Jörð hafa tegundir lífríkisins komið og farið. Fimm sinnum hafa hamfarir orðið svo miklar að nær hefur legið að allt líf hyrfi. Þessar hamfarir nefna vísindamenn aldauða hrinu (mass extinction). Hér er notast við orðið Stóridauði yfir hvert þessara fimm skeiða. Á fyrsta hamfaraskeiðinu, Ordovicium, (fyrir 439 milljónum ára) varð kuldaskeið til þess að um 70% af öllu lífi, sem þá var bundið við hafið, dó út. Um 80 milljónir ára liðu þar til annað mikið kuldaskeið, Devon, (fyrir ca 364 milljónum ára) varð til þess að aftur hvarf um 70% lífs.

Næsta mikla hamfaraskeið í sögu jarðlífs var fyrir um það bil 251 milljón ára, í lok tímabils sem nefnt er Perm. Þetta var ægilegasta útgáfa Stóradauða, frá upphafi lífs á Jörðu. Allt að 95% allra lifandi tegunda hvarf. Fjórða hamfaraskeiðið tók yfir langt tímabil á milli Trias og Júra, fyrir um það bil 199–214 milljónum ára. Þá er talið að um 75% alls lífs hafi horfið. Það síðasta, og jafnframt það sem flestir kannast við, var á Krítartímabilinu fyrir um 65 milljónum ára eftir að smástirni skall á Júkatanskaga í Mexíkó. Afleiðingarnar urðu að svo mikil kólnun varð í lofthjúpi Jarðar að risaeðlurnar dóu út auk um 75% allra annarra lifandi tegunda.

## Manneskjan og heljarslóð

Allar þessar miklu hamfarir urðu áður en nútímamaðurinn (homo sapiens sapiens) kom til sögunnar. Hann er sú tegund sem á sér hvað stysta sögu spendýra en hefur á eftir sér langa slóð eyðingar. Kannski er það óvarlegt að líkja dauðaslóð mannsins við fyrrnefnd fimm hamfaraskeið. Hins vegar er það tæpast of mikið sagt að þótt slóðin sé jarðsögulega stutt beri hún vott um einstaka afkastagetu einnar tegundar við að láta aðrar tegundir hverfa. Forfeður okkar Íslendinga eiga þar nokkurn hlut og nægir að nefna geirfuglinn og íslandsrostunginn.

Með breyttum atvinnuháttum og vaxandi borgarastétt og kapítalisma í Evrópu á 16., 17. og 18. öld, urðu æ fleiri tegundir að víkja og, nota bene, evrópskir útrásarvíkingar lögðu undir sig lönd og álfur með þeim afleiðingum að fjöldi þjóða hvarf einnig úr heimi hér. Í framhaldi evrópskra „landafunda“ í Vesturheimi undir lok 15. aldar urðu allt að 90% frumbyggja Ameríku eyðingu að bráð. Ástæðurnar voru bæði markviss fjöldamorð og sjúkdómar sem Evrópumenn báru með sér. Enginn veit með vissu hversu margar þjóðirnar voru sem mættu þeim örlögum að hverfa og skilja eftir sig fá spor, ekki frekar en við vitum hversu margar tegundir flóru og fánu hafa horfið fyrir tilstuðlan mannsins.

Auknar langsiglingar Evrópumanna í árdaga Nýaldar urðu til þess að sæfarendur þurftu að leggja sig mjög fram við mataröflun á langri leið. Það er rökrétt að ætla að þeir hafi þar helst borið niður þar sem bráðin lá best við. Enda var það svo. Og menn fóru mikinn. Þannig var síðasti dúdúfuglinn drepinn á eynni Máritíus árið 1681. Hann var stór og kjötmikill, ófleygur og spakur. Sömu örlög biðu reyndar geirfuglsins í Eldey 163 árum síðar. Hann var líka ófleygur og spakur. Stellers sækýrinnar sem flatmagaði á eyjum í Beringshafi biðu sömu örlög og dúdú- og geirfugls, enda risavaxin skepna gæf og varnarlaus. Talið er að sú síðasta hafi verið drepin árið 1768 aðeins 27 árum eftir að tegundin hafði uppgötvast. Þessi dæmi eru eitt agnarlítið skjáskot af heljarslóð mannsins en jafnframt forboði þess sem síðar átti eftir að gerast af meiri þunga og með auknum hraða.

Með mikilli fólksfjölgun á 19. og 20. öld og áherslu samfélaga á hagvöxt og neyslumenningu hefur fjölda tegunda lífríkisins verið útrýmt með beinum eða óbeinum hætti. Í mörgum tilfellum hafa vísindamenn ekki svör við því hvað olli dauða einstakra tegunda, en þykjast þó vita að orsakir megi rekja til aðgerða mannsins. Enginn veit með vissu hversu margar tegundir lifa á plánetunni og heldur ekki hversu margar tegundir hverfa á ári hverju. Það sem vísindamenn þykjast þó vita er að fjöldi þeirra tegunda sem hverfa árlega er margfalt meiri en raunin væri nyti brotthvarf þeirra ekki aðstoðar okkar manna.

Ýmsir fræðimenn halda því fram að með rökum megi segja að við lifum sjötta tímaskeið Stóradauða. Árið 2008 birtist grein í vísindatímaritinu The Proceedings of National Academy of Sciences. Höfundarnir voru bandarísku vísindamennirnir David Wake og Vance Vredenburg. Greinin nefnist „Are we in the midst of the sixth mass extinction?“ Þar færa þeir rök fyrir því að að svo væri, að við lifum nú skeið Stóradauða. Að þessu sinni væri orsaka þó hvorki að leita í hreyfingu jarðfleka eða smástirna heldur væri nútímamaðurinn nú gerandinn. Í grein þeirra kemur fram að undir árslok 2007 hafi 41.415 dýrategundir verið á válista Alþjóða náttúruverndarsamtakanna (IUCN). Af honum voru þá 785 tegundir útdauðar og 16.306 í bráðri útrýmingarhættu.

Þótt saga mannsins sé stutt skeið í heildarsögu jarðlífs hefur nútímamaðurinn haft meiri áhrif en nokkur önnur lífvera á allt sem plánetunni fylgir, dautt sem lifandi. Í sögu mannsins á þessari jörð virðist fara saman hraði eyðingar annars vegar og mannfjölgun og áhersla á hagvöxt hins vegar. Ef þetta er rétt stendur sú spurning eftir hvort hagvöxtur sem „löggengt“ form efnahagslífs sé ekki fölsk birtingarmynd „hamingju“? Hvort hagvöxtur hafi ekki breyst í andhverfu þess sem honum var ætlað? Hvort lífveran sem Sköpunarsagan segir að Guð hafi skapað til að drottna yfir dýrum jarðar, gæta lífs en ekki eyða, hafi komið af stað nýrri hrinu Stóradauða, þeirri sjöttu frá því líf kviknaði á plánetunni Jörð.




Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# Vill hraðari og skilvirkari vinnubrögð á erfiðum tímum

**Einn reynslumesti stjórnarmaður íþróttafélaga á Íslandi, Viðar Halldórsson, formaður FH, segist vilja sjá færri taka ákvarðanir um íþróttir á þessum skrítnu tímum. Hann vill þó að fleiri láti ljós sitt skína og finnst flatneskja ráða för. Betra sé að þegja og halda bara kjafti. Viðar sér meiri samstöðu hjá félögum.**




Íþróttastarf fer senn af stað að nýju eftir að hafa legið í dvala síðan kórónaveiran kom hér upp. Viðar vill snarari handtök innan íþróttahreyfingarinnar og finnst flatneskjan vera látin ráða ríkjum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**ÍÞRÓTTIR** Viðar Halldórsson formaður aðalstjórnar FH og stjórnarmaður í ECA, hagsmunafls knattspyrnufélaga í Evrópu sem samanstendur af 200 félögum víða um álfuna, vill að íþróttahreyfingin vinni hraðar og skilvirkar. Aðspurður um hvað framtíðin beri í skauti sér fyrir íþróttafélögin segir Viðar að höggið sem íþróttafélög séu að verða fyrir sé nánast rothögg.

„Mín sýn á forystufólk í íþróttahreyfingunni er kannski öðruvísi en margra annarra. Mér finnst þetta orðið svo flatt einhvern veginn. Mér finnst, hvort sem þetta heitir hand-, fót-, eða körfubolti, eða hvaða nafn sem íþróttin heitir, að fólk hafi skoðanir en láti þær aldrei í ljós. Það er bara haldið kjafti og þagað. Það er eins og flatneskjan ráði för og mér finnst þetta vera að versna.“

Í þinggerð KSÍ frá síðustu ársþingum má sjá að knattspyrnuforystan hefur verið einkar léleg að tjá sig á þingunum. Það er þó nóg tuðað bak við tjöldin. Umsjónarmenn útvarpsþáttarins fótbolti.net hafa bent á að nóg sé rætt við þá um þetta og hitt, en enginn þori að stíga fram. Þess má geta að auk Viðars tóku til máls á síðasta ársþingi tveir aðrir fulltrúar um tug milljóna tap sambandsins.

„Í ECA er vissulega stór stjórn, en þar eru ákvarðanir teknar af allra stærstu félögunum. Þessir stóru ráða, en hugsa um leið vel um litlu félögin. Stóru félögin hafa þekkinguna, peningana og mannaflann. Það virðist ekki vera svipað hér á Íslandi. Það þarf að sjálfsögðu að huga vel að félögunum úti á landi en það er hellingur af félögum sem er tekið tillit til. Það er ekki vinsæl skoðun að kalla þetta bumbubolta en þannig félög eru að taka ákvarðanir um kvennabolta, barna- og unglingastarf og ýmislegt fleira. Mér finnst eins og það sé verið að taka of mikið tillit til þeirra.“

Viðar segir að hann hefði viljað sjá meiri hraða í þeirri vinnu sem hefur verið í gangi varðandi íþróttirnar. „Manni finnst að í svona ástandi eins og hefur verið að menn þurfi að leggja mikið á sig og vinna hlutina hraðar. Almannavarnateymið okkar, þríeykið okkar til dæmis. Það var sett í það fólk sem þekkir málin. Hópurinn er lítill sem mér finnst að íþróttahreyfingin ætti að horfa til. Í íþróttum eru allir með puttana í þessum málum. ÍSÍ, KSÍ, HSÍ, KKÍ, ÍBR, íþróttabandalög og héraðssambönd.

> Það er ekki vinsæl skoðun að kalla þetta bumbubolta en þannig félög eru að taka ákvarðanir um kvennabolta, barna- og unglingastarf.
>
> Viðar Halldórsson, formaður FH



Hér eru ákvarðanir teknar of seint því ég efast um að stóru félögin á Íslandi láti litlu félögin út á klaka ef það þarf að ákvarða eitthvað. Það er hreinlega ekki í eðli manna.“

Viðar hefur verið formaður FH frá 2008 og setið í aðalstjórn síðan 2003. Hann var einnig formaður knattspyrnudeildarinnar um árabil. Erfitt er að finna reynslumeiri stjórnarmann í íslensku íþróttalífi. Hann segir tímana nú vera verri en tímana eftir hrun.

„Það eru auðvitað miklir erfiðleikar hjá félögunum í landinu og ég held að félögin, hvort sem þau heita FH eða hvað, þá held ég að félögin hafi skoðað sín mál miklu betur eftir þetta kjaftshögg. Þetta er reyndar meira en kjaftshögg, þetta er nánast rothögg. Að hluta til voru menn í allt of miklu kapphlaupi yfir einhverju sem þeir héldu að væri en of margir og þar á meðal við, ég dreg ekkert okkur út úr þessu, erum búnir að vera í rússíbana sem er erfiður og búnir að semja um of mikil útgjöld. Þetta högg mun setja menn á jörðina aftur og ég held að menn séu að sjá að það þurfi að breyta þessu og gera hlutina öðruvísi.

Núna held ég að það komi meiri samstaða. Það var oft eins og hver væri í sínu horni og héldu að þeir væru með svo flott módel og enginn mætti þar með vita hvernig þeir gerðu hlutina. En ég held að menn sjái að félögin eiga margt sameiginlegt sem fari saman.“

**benediktboas@frettabladid.is**

# Leiknismenn feta í fótspor Liverpool-akademíunnar

**FÓTBOLTI** Bæjarráð í Fjarðabyggð hefur samþykkt að leggja nýtt gervigras í höllina og tók verðtilboði frá Metatron á Polytan Ligaturf RS 240 gervigrasi sem kostar um 40 milljónir króna. Verðtilboðið miðast við að geta endurnýtt gúmmípúðana undir vellinum og 70 prósent af því gúmmíi sem er á vellinum fyrir.

Á heimasíðu Polytan kemur fram að akademía Liverpool hafi stólað á alveg eins gras. John Owens, fyrrverandi stjóri akademíunnar segir í samtali við síðuna að hann sé mjög ánægður með grasið og það hafi verið akkúrat eins og þeir hafi óskað sér.

Þá kemur einnig fram að Stuttgart hafi tekið grasið í notkun árið 2017 á æfingavellinum sínum.

Í úttekt sem KSÍ gerði á Fjarðabyggðarhöllinni fyrir komandi tímabil kom í ljós að gervigrasið var orðið mjög slitið, það voru víða göt á því og viðgerðir sem hefur verið farið í sköpuðu hættu.

Fjöldi ljósa var óvirkur, nokkur sæti í stúkunni brotin og ekki var nægjanlegur fjöldi sæta í þeim búningsklefum sem tilheyra knattspyrnuhöllinni. Úttektin var gerð af Viði Reynissyni, sem þá var verkefnastjóri hjá KSÍ.



Leiknir kom öllum á óvart og vann 2. deildina en liðinu var spáð falli. MYND/AUSTURFRÉTT GUNNAR

Leiknir kom öllum á óvart og vann 2. deildina en liðinu var spáð falli fyrir tímabilið af þjálfurum liðanna á fótbolti.net. Liðið endaði með 46 stig, stigi meira en Vestri og tveimur stigum meira en Selfoss. Talað var um eitt af knattspyrnuævintýrum sumarsins. – bb




Blikar hækkuðu gjaldskrá yngstu iðkenda. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Hækka gjaldskrá yngstu iðkenda

**ÍÞRÓTTIR** Íþróttaráð Kópavogs hefur óskað eftir nánari upplýsingum frá Breiðabliki sem hækkaði gjaldskrá hjá áttunda flokki í knattspyrnu, sem eru yngstu iðkendur knattspyrnunnar. Í samantekt yfir gjaldskrárbreytingar æfingagjalda hjá íþróttafélögum í bænum frá síðasta ári kemur fram að í langflestum tilfellum hefur verið haldið að sér höndum þegar kemur að gjaldskrárhækkunum æfingagjalda milli ára og er íþróttaráð ánægt með íþróttafélögin í bænum. Þó vill íþróttaráð fá nánari upplýsingar frá borðtennisdeild HK og tiltekins hóps hjá Gerplu, án þess að taka fram hvaða hópur það sé. Þá vill ráðið fá upplýsingar frá Breiðabliki vegna körfuboltadeildarinnar og áttunda flokksins.

Áttundi flokkur er börn fædd árin 2014-2016 sem æfðu þrisvar í viku hjá Blikunum í vetur. Blikar eru með gríðarlega fjölmennt yngri flokka starf og greiddu þjálfurum, leikmönnum og yfirstjórn yfir 300 milljónir í laun á síðasta ári, samkvæmt ársreikningi félagsins. Blikar fengu 115 milljónir í æfingagjöld samkvæmt sama reikningi sem var mikil aukning frá fyrra ári þegar komu inn 88 milljónir í sömu gjöld. – bb



Liverpool er með 25 stiga forystu á toppi enska boltans og á níu leiki eftir. MYNDIR/GETTY

## Óttast fögnuð í Liverpool-borg

**FÓTBOLTI** Joe Anderson, borgarstjóri í Liverpool, er hræddur við hópamyndun í borginni þegar Liverpool fær titilinn afhentan, en liðið er með 25 stiga forystu þegar níu leikir eru eftir. Anderson segist óttast að þúsundir stuðningsmanna muni flykkjast á Anfield til að fagna. Enska úrvalsdeildin stefnir á að hefja leik að nýju áttunda júní. „Jafnvel þó áhorfendum verði ekki hleypt inn þá munu þúsundir safnast saman fyrir utan Anfield. Líka þó leikið verði á öðrum leikvangi. Lögreglan hefur áhyggjur og ég líka, því þetta er erfið staða. Ég tel að það yrði mjög erfitt fyrir lögregluna að hafa hemil á fólki og fá það til að halda fjarlægð. Þetta gæti endað með ósköpum,“ segir Anderson, sem finnst að réttast væri að hætta keppni og krýna Liverpool meistara. „Þeir hafa klárlega unnið deildina og eiga skilið að fá meistaratitilinn. Það ætti að krýna þá meistara. En heilsa og öryggi fólks er það mikilvægasta,“ segir Anderson. – bb

Fólk
Lífsstíll
FÖSTUDAGUR 1. MAÍ 2020



Sandra B. Franks, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, segir stéttina þurfa aukna viðurkenningu á þekkingu sinni og færni, meiri sýnileika og aukinn mannskap. Nýir kjarasamningar marka tímamót hvað varðar vinnutíma sjúkraliða og bæta starfsumhverfi þeirra verulega. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sjúkraliðar gegna lykilstörfum

Kjarabarátta sjúkraliða hefur nýlega fært þeim nýja samninga sem bæta laun og vinnuumhverfi. En stéttin þarf aukinn sýnileika og meiri viðurkenningu. →2

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is
Fylgstu með!

**Framhald af forsíðu ➪**

Sjúkraliðafélag Íslands hefur verið til í 54 ár og varð stéttarfélag árið 1991. Félagið gætir að hagsmunum sjúkraliða í hvívetna. Það hefur nýlokið við að ganga frá kjarasamningum sem marka tímamót í starfsumhverfi sjúkraliða, en vinnutímastytting fyrir sjúkraliða er mikilvæg leið til að tryggja framtíð heilbrigðiskerfisins. Það er þó enn mikið starf fyrir höndum til að tryggja stétt sjúkraliða sýnileika, endurnýjun og viðurkenningu á sérþekkingu sinni.

„Við erum fimm á skrifstofu félagsins og við sinnum kjarasamningum og réttindamálum sjúkraliða, gefum út tímarit, sjáum um umsýslu menntasjóða og höldum utan um orlofskosti,“ segir Sandra B. Franks, sem er á öðru ári sínu sem formaður félagsins. „Nú erum við búin að ljúka nær öllum samningum og þar náðum við nokkrum árangri.“

## Tímamótasamningar

„Kjarasamningarnir í ár marka ákveðin tímamót varðandi vinnutíma sjúkraliða og bæta starfsumhverfi þeirra verulega,“ segir Sandra. „Um 90% allra sjúkraliða eru í vaktavinnu, sem er ákveðinn álagsþáttur, og vegna þess hvað starfið reynir mikið á hefur fólk ekki ráðið við að vera í fullu starfi, heldur er það yfirleitt í 75-80% starfshlutfalli. Sjúkraliðar líta svo á að 80% vinnuframlag á þessum vöktum jafngildi 100% starfi og þetta hefur verið helsta baráttumál stéttarinnar í mjög langan tíma. Þetta var okkar meginkrafa í kjarasamningum og með mikilli samvinnu annarra stéttarfélaga náðist hún í gegn. Þetta gerir það að verkum að starfsumhverfi sjúkraliða verður betra og segja má að þetta sé ákveðinn áfangasigur sem komi til með að skila miklu í framtíðinni.

Launahækkun er í samræmi við Lífskjarasamninginn og munu mánaðarlaun hækka að meðaltali um 90-100 þúsund krónur á samningstímanum,“ útskýrir Sandra. „Þá kom inn í samningana heimildarákvæði um viðbótarlaun vegna álags, sem er hægt að grípa til þegar sjúkraliðar eru undir mikilli pressu, eins og til dæmis núna á tímum COVID-19. Þetta veitir heimild til að umbuna sjúkraliðum fyrir að fara í gegnum tímabundna álagspunkta.

Við gerðum bókun um viðbótarmenntun fyrir sjúkraliða, sem er gríðarlega mikilvægt fyrir þessa stétt, sem hefur metnað til að bæta við sig þekkingu. Félagið hefur lengi barist fyrir þessu,“ segir Sandra. „Vonir standa til að það verði hægt að hrinda þessari námsleið í framkvæmd á háskólastigi og bjóða diplómanám fyrir sjúkraliða svo þeir geti sérhæft sig enn frekar.

Þetta er meginkjarninn í samningunum og við teljum þá stéttinni til framdráttar,“ útskýrir Sandra. „Hins vegar er það aldrei svo að allar kröfur náist í gegn. Ég lít svo á að við náðum ekki lengra að þessu sinni. En svo eru það lífeyrismálin sem á sínum tíma voru tekin af fólki í almannaþjónustu. Það á eftir að bæta okkur þá skerðingu.“

## Ósýnileg en mikilvæg stétt

„Sjúkraliðar gegna lykilstörfum í heilbrigðiskerfinu,“ segir Sandra. „Oft og tíðum áttar fólk sig ekki á því hve mikilvægt faglegt starf sjúkraliðar vinna öllu jöfnu á sjúkrahúsum, heilbrigðisstofnunum, heilsugæslum og í heimahjúkrun, en fjölbreytileikinn er mjög mikill. Sjúkraliðar hafa lengi verið ósýnilega stéttin, en þeir sinna þeim sem þurfa nærhjúkrun. Það eru sjúkraliðar sem veita sjúklingum viðeigandi aðstoð við allar athafnir daglegs lífs. Þeir sjá til þess að sjúklingurinn nærist og fylgjast með útskilnaði, hvíld, hreyfingu og meta ástand hjá viðkomandi. Þeir aðstoða við almennt hreinlæti, böðun, munnhirðu og fylgjast með andlegri og líkamlegri líðan. Sjúkraliðar hjálpa þannig sjúklingum með allar grunnþarfir sem þeir ráða ekki við sjálfir, svo þeir eru í raun augu og eyru sjúklinganna sem þeir sinna.

Án sjúkraliða gæti heilbrigðiskerfið ekki virkað,“ segir Sandra. „Sjúkraliðar eru jafnan í mikilli samvinnu og samskiptum við hjúkrunarfræðinga og í raun er hjúkrunarþjónusta tengd þessum tveimur stéttum órjúfanlegum böndum. Sjúkraliðar eru því alltaf lykilhlekkur í teymi sem tryggir öryggi og gæði hjúkrunar.

Ásamt því að sinna fólki við allar athafnir daglegs lífs miðla þeir þekkingu með því að gefa ráð og leggja mat á heilsu og ástand sjúklinga frá degi til dags. Við metum þróunina og í samstarfi við hjúkrunarfræðinga metum við hvort gera þurfi breytingar á hjúkrunaráætlun,“ segir Sandra. „Þessi vinna er oft vanmetin og margir átta sig ekki á mikilvægi þessarar grundvallarþjónustu og halda jafnvel að hjúkrunarfræðingar sinni verkefnum sjúkraliða. Þess vegna þarf að árétta mikilvægi okkar, bæði fyrir almenning og ekki síður innan heilbrigðiskerfisins.“

## Verða að fá viðurkenningu

„Sjúkraliðar búa yfir mikilli þekkingu eftir nám sitt. Námið hefur þróast mikið frá því það var fyrst sett á laggirnar og er nú mjög hagnýtt. Fyrir vikið eru sjúkraliðar mjög færir í ýmsum flóknum hjúkrunarverkefnum og geta sinnt mjög krefjandi hjúkrun,“ segir Sandra. „Sjúkraliðar búa líka yfir yfirgripsmikilli þekkingu á líkamsstarfsemi, en sumir innan heilbrigðiskerfisins gera sér ekki grein fyrir því hversu gríðarlega þekkingu sjúkraliðar fá úr náminu, því það hefur breyst svo mikið.

Þegar nánustu samstarfsfélagar gera sér ekki grein fyrir faglegri hæfni sjúkraliða er hætta á að þeir séu vanmetnir og þeim sé ekki treyst,“ segir Sandra. „Það veldur auknu álagi hjá þeim fagstéttum sem vinna saman og getur leitt til kulnunar. Því er mikilvægt að almenn þekking á færni sjúkraliða sé til staðar innan heilbrigðiskerfisins og þeir séu metnir að verðleikum og njóti viðurkenningar.“



Sandra segir að það hafi sjaldan verið betri tími til að slást í hóp sjúkraliða en nú, en nýju kjarasamningarnir koma til með að breyta vinnutímanum og tryggja almennt betra starfsumhverfi til framtíðar. Hún telur að það séu bjartari tímar fram undan hjá stéttinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Sjúkraliðar búa yfir mikilli þekkingu og eru mjög færir í ýmsum hjúkrunarverkefnum. Þeir búa líka yfir yfirgripsmikilli þekkingu á líkamsstarfsemi. Án þeirra gæti heilbrigðiskerfið ekki virkað.

> Oft og tíðum áttar fólk sig ekki á því hve mikilvægt, faglegt starf sjúkraliðar vinna öllu jöfnu á sjúkrahúsum, heilbrigðisstofnunum, heilsugæslum og í heimahjúkrun.

## Góður tími til að vera með

„Það eru um 2.100 sjúkraliðar starfandi á Íslandi um þessar mundir og meðalaldur stéttarinnar er hár, 47 ár,“ segir Sandra. „Það er skortur á þessu vinnuafli innan kerfisins og því er mjög mikilvægt að ráðast í markvissar aðgerðir til að fjölga í stéttinni, hvort sem það er með sértækum aðgerðum eða í samvinnu við skóla og heilbrigðisstofnanir.

Það eru um 4.400 manns sem hafa lokið prófi og hafa gild leyfisbréf sem sjúkraliðar, svo það er um helmings brottfall,“ útskýrir Sandra. „Við verðum að reyna að halda betur utan um okkar fólk. Þó að eitthvert brottfall sé eðlilegt er þetta of mikið. Ein leið til þess er að bjóða sjúkraliðum upp á viðbótarnám, en með því að bjóða upp á slíka námsleið er hægt að auka sérhæfingu sjúkraliða, sem styrkir stöðu þeirra og eykur líkur á að þeir haldist í stéttinni. Þá fellur sú námsleið að áherslum stjórnvalda, þar sem til stendur að bjóða upp á námsleiðir sem draga úr færnibili á vinnumarkaði og mæta þörfum atvinnulífsins fyrir menntað starfsfólk í undirmönnuðum starfsgreinum, eins og til dæmis með fagháskólanámi í heilbrigðisgreinum.

Starf sjúkraliðans hefur ekki þótt aðlaðandi, meðal annars vegna vinnutímans, en núna erum við að fá breytingu á honum og almennt betra starfsumhverfi, svo það hefur sjaldan verið betri tími til að slást í hóp sjúkraliða,“ útskýrir Sandra. „Ég er bjartsýn að eðlisfari og ég leyfi mér því að segja að það séu bjartari tímar fram undan hjá okkar stétt.“

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

# Við óskum launafólki til hamingju með daginn

50 ÁRA
RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

BÁRAN
STÉTTARFÉLAG
STOFNAÐ 25. JÚNÍ 2002

Bandalag háskólamanna

EINING-IÐJA
www.ein.is

FL
Félag lífeindafræðinga
The Icelandic Association of Biomedical Scientists

V.L.F. HLÍF

MATVÍS

VS FK

Vlf Suðurlands

VERKALÝÐS- OG SJÓMANNAFÉLAG SANDGERÐIS
VSFS
STOFNAÐ 27.OKTÓBER 1929

BYGGIÐN
Félag byggingamanna

Samfylkingin

# Þrjár gómsætar grillsósur

Kokkurinn Steinn Óskar Sigurðsson sér fram á frábært grillsumar í Danmörku og deilir með lesendum þremur uppskriftum að einföldum og girnilegum grillsósum fyrir grillmatinn í sumar.

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is



Tæpt ár er síðan Steinn flutti búferlum með konu sinni Guðrúnu Árnýju Guðmundsdóttur og tveimur yngstu dætrum sínum frá Íslandi til Odense í Danmörku. „Það var kominn tími til þess að stækka þægindarammann og hægja á. Við vildum tengja fjöldskylduna sterkari böndum og eyða meiri tíma saman. Stressið var orðið ansi mikið og erum við sammála um að ætlunarverkið hafi tekist og gott betur. Stuttu síðar fluttu elsta dóttir okkar og tengdasonur út og eignuðust sína fyrstu dóttur í október. Fjölskyldan stækkar og dafnar hér í Danaveldi.

Guðrún, konan mín, tók vinnuna með sér og bætti við sig söngtækninámi hjá Complete Vocal Technique í Kaupmannahöfn. Sjálfur fékk ég leyfi frá Sýn hf. þar sem ég starfa sem yfirkokkur á veitingastað fyrirtækisins, Besta Bistró. Nú er ég kokkur á litlum veitingastað sem heitir Mølle Kroen, en staðurinn er einn virtasti veisluþjónustustaðurinn á Fjóni. Það má segja að staðurinn sé nánast í bakgarðinum en það tekur mig innan við mínútu að vippa mér í kokkagallann og labba í vinnuna," segir Steinn.

Steinn ætlaði sér ekki að verða kokkur fyrr en upp úr tvítugu. „Ég ætlaði aldrei að verða kokkur því ég ætlaði að verða atvinnumaður í fótbolta. Eftir grunnskólann fann ég mig ekki í menntaskóla og vann á dekkjaverkstæði í þrjú ár áður en köllunin kom. Eftir það var ekki aftur snúið og ég er ekki frá því að ég verði meiri „matarnörd" með árunum."

Steinn byrjaði að læra kokkinn í Kaupmannahöfn 1995 og kláraði í Hótel- og veitingaskólanum. „Eftir námið vann ég með frábærum kokkum á mörgum af betri veitingastöðum landsins, en var lengst af á Sjávarkjallaranum sáluga. 2006 sigraði ég Matreiðslumann ársins og ári síðar hafnaði ég í 3. sæti í Matreiðslumanni Norðurlanda. Þá var ég í íslenska Kokkalandsliðinu í nokkur ár og fékk svo að standa á hliðarlínunni og miðla minni reynslu. Það eru forréttindi að vera



**Frá vinstri: Ingimundur Elí Jóhannsson, Salka Dögg Ingimundardóttir, Sandra Dögg Steindóttir. Á bekk: Dagný Sól Steinsdóttir, Steinn Óskar, Guðrún Árný Guðmundsdóttir og María Ósk Steinsdóttir. Simbi liggur fremst.**



**Þrjár grillsósur fyrir sumarið.**

orðinn þessi „gamli" og fylgjast með öllum þessu flottu kokkum, læra meira og halda áfram að þróa sig sem matreiðslumaður," segir Steinn.

Nú eru Danir farnir að dusta rykið af grillgræjunum. „Það vill svo skemmtilega til að grillið hefur lítið farið inn hjá okkur því veturinn hefur verið með mildara móti. Við fengum smá rigningu í byrjun árs en þetta hvíta sem angrað hefur marga heima hefur ekki látið sjá sig.

Það má segja að grillið og garðurinn hafi bjargað fjölskyldunni og kannski geðheilsunni á þessu skrítnu tímum, en við höfum öll verið heima síðan í byrjun mars. Þá notum við tímann saman við grillið í tilraunastarfsemi. Ég er svo sem enginn ofurgrillari en finnst gaman að grilla. Nú er markmiðið að skipta út gasgrillinu fyrir alvöru gott kolagrill og gefa sér meiri tíma í að mastera grillmatseldina."

### Þrjár ferskar, einfaldar og sumarlegar grillsósur

## Kasjúhnetusósa

**2 dl kasjúhnetur**
**1 hvítlauksgeiri**
**Rifinn börkur og safi úr ½ sítrónu**
**½ tsk. gott sjávarsalt**
**1½ -2 dl möndlumjólk (hægt að nota vatn líka)**
**1 msk. Dijon-sinnep m. hunangi**
**2 fínsaxaðir vorlaukar**
**Malaður, svartur pipar (best að mala svartan pipar úr kvörn)**

Kasjúhnetur lagðar í vatn yfir nótt eða minnst 4 klst. Þá er vatninu hellt af og þær settar í matvinnsluvél með hvítlauk, sítrónu, sjávarsalti, möndlumjólk og hunangssinnepi. Þegar sósan er orðin silkimjúk er vorlauknum bætt saman við hana. Smakkað til með pipar og salti.

Þessi er algjör snilld með grilluðu grænmeti eins og sætum kartöflum, blómkáli, á salatið eða með grænmetisbuffinu. Geymist í allt að eina viku í lokuðu íláti í kæli.

## Kóríander-jógúrtsósa

**200 g þykk, grísk jógúrt**
**1 tsk. malað cumin**
**1 tsk. reykt paprika**
**1 hvítlauksgeiri**
**1 tsk. þurrkað, malað kóríander**
**½ búnt ferskt kóríander**
**1 msk. hunang**
**Rifinn börkur og safi úr ½ límónu**
**Kóríanderolía**
**½ búnt kóríander**
**1 búnt steinselja**
**2 dl góð, bragðlítil matarolía**

Jógúrtin er hrærð saman við krydd, hunang, fínsaxaðan hvítlauk og grófsaxað kóríander og sósan smökkuð til með límónu, salti og kóríander-olíu.

## Kóríanderolía

Olía og kryddjurtir sett saman í blandara í um 12 mín. eða uns hún hefur náð heiðgrænum lit. Þá er olían sigtuð í gegnum hreint viskastykki og er klár til að bragðbæta jógúrtsósuna. Restina af olíunni má nota ofan á sósuna eða á brakandi ferskt salat.

Sósan er fersk og bragðmikil og smellpassar á kryddaðan grillaðan lax, skelfiskspjót eða hvaða grillaða fisk sem er. Eins er sósan góð með bragðmiklum mexíkóskum réttum.

## Sumarleg Chimichurri

**2 msk. söxuð, fersk steinselja**
**2 msk. saxað, ferskt oreganó**
**2 msk. saxað, ferskt kóríander**
**2 msk. söxuð skessujurt (má sleppa)**
**1 fínsaxaður hvítlauksgeiri**
**1 vorlaukur í sneiðum**
**½ fínskorið rautt chili**
**½ tsk. þurrkuð, sæt paprika**
**½ tsk. mulið, þurrkað cumin**
**½ tsk. mulið, þurrkað kóríander**
**50 ml góð ólífuolía**
**Rifinn börkur og safi úr ½ sítrónu**
**1 msk. gott eplaedik**
**Sjávarsalt og malaður, svartur pipar (ferskur úr kvörn er bestur)**

Fínsaxið ferskar kryddjurtir og blandið saman í skál, ásamt fínsöxuðum hvítlauk, vorlauk í sneiðum og fræhreinsuðu chili. Setjið þurrkrydd saman við og loks sítrónusafa, olíu og edik. Smakkið til með salti og pipar.

Þessi steinliggur með grillsteikinni eða á grillað flatbrauð.

Skessujurt fæst stundum í verslunum en með vorinu vex hún víða villt og hægt að fara út og tína hana.


GARÐAR OG HELLULAGNIR

Sérblað um garða og hellulagnir kemur út fimmtudaginn 7. maí

Tryggðu þér auglýsingapláss í mest lesna blaði landsins



**Nánari upplýsingar um blaðið veitir:**

Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654 /jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ




**BETRA BORGAR SIG**

Opið virka daga 10 - 18 og laugardaga 11 - 16

RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

# Fór grátandi á hláturnámskeið

## Alþjóðlegi hláturdagurinn verður haldinn á sunnudag. Þá eru landsmenn hvattir til að fara út, teygja hendur til himins, hlæjandi í bæn eða ósk um góða heilsu, gleði og frið í heiminum.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Fyrsti sunnudagur í maí er alþjóðlegur hláturdagur. Við lifum á krefjandi tímum og þurfum á andlegum og líkamlegum styrk að halda. Á þessum degi sameinast hláturjógaiðkendur um allan heim í hlátri án tilefnis og vilja með því minna okkur öll á að hláturinn stuðlar að bættri heilsu, hamingju og friði,“ segir Ásta Valdimarsdóttir, hláturambassador og hláturjógakennari.

Í hláturjóga er hlegið án tilefnis. „Það er engin þörf fyrir utanaðkomandi áreiti eða vaka til að geta hlegið. Aðeins viljinn til að hlæja þarf að vera fyrir hendi. Byrjað er að hlæja af ásetningi og fljótlega verður hláturinn eðlilegur, græskulaus og flæðir sjálfkrafa,“ upplýsir Ásta.

Hún segir fyrir löngu sannað að hlátur sé mikil heilsubót.

„Hlátur gefur okkur aukinn styrk, bæði andlega og líkamlega. Hann má nota sem tæki til örvunar ýmissa hvata sem skapa vellíðan og má líkja við áhrif af því að fara út að ganga, stunda hvers konar hreyfingu og að syngja í kór.“

### Hláturinn líka alvarlegur

Upphafsmaður hláturjóga er indverski læknirinn Dr. Madan Kataria. Hann stofnaði fyrsta hláturklúbbinn í mars 1995 ásamt konu sinni Madhuri og þremur vinum þeirra. Síðan hafa þau unnið ötullega að því að kynna hláturjóga um heimsbyggðina.

„Smám saman rennur hláturinn saman við betri lífsstíl. Gleðin sem vaknar við það að hlæja verður hvatning til jákvæðra hugsana og gjörða: Hvað vil ég fá út úr lífinu? Hvernig hugsa ég um líkama minn? Á hverju næri ég hann? Hvernig næri ég huga minn? Eru hugsanir mínar jákvæðar? Hvernig get ég bætt líðan mína og samskipti við sjálfan mig og annað fólk? Hvar þarf ég að taka til og hvernig geri ég það svo að mér finnist að vel fari?“ segir Ásta um margt af því sem hláturiðkendur vakna til umhugsunar um.

Ásta var búsett í Noregi þegar hún ákvað að sækja sér kennsluréttindi í hláturjóga.

„Ég hafði þá heyrt viðtal við sálfræðinginn Fransisku M. Johansen sem hafði opnað dagblað um borð í flugvél og séð þar fulla blaðsíðu af hlæjandi Indverjum. Hún varð svo hrifin að hún fór til Indlands til að læra fræðin og ég lærði af henni,“ segir Ásta sem í dag er eini starfandi hláturjógakennarinn á Íslandi.

Hún hitti Dr. Madan Kataria fyrst í eigin persónu árið 2003 og svo aftur 2004 þegar þau hjónin komu til Íslands á vegum Lækna með húmor.

„Hlátur er líka alvarlegt mál. Ég fór á hláturleiðbeinandanámskeið hjá Dr. Kataria í París 2006. Þar var maður sem hafði nýverið misst konuna sína og sjálf fór ég grátandi á námskeiðið því ég hafði nýlega gengið í gegnum mjög erfiðan skilnað og fékk systur mína sem bjó í Lúxemborg til að koma með til halds og trausts. Ég fór svo aftur ári seinna á námskeið til Dr. Kataria á Mallorca, til að ná því sem ég hafði ekki náð árið á undan en þá hafði hláturmeðferðin gert sitt gagn og mér leið miklu betur,“ segir Ásta og brosir að minningunni.



Ásta er hláturambassador sem vekur athygli á hláturjóga og kostum þess að stunda það. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Við þurfum meira á hlátri að halda en nokkru sinni fyrr.



Frá græskulausri hláturjógastund við þvottalaugarnar í Laugardal 2016.



Ásta með Sif Ingólfsdóttur, Dr. Madan Kataria og konu hans, Madhuri.

Hún segir Dr. Kataria frekar alvarlegan að sjá þótt stutt sé í hláturinn.

„Fæstir tryðu því að hann væri mikill hláturjógamaður ef þeir sæju hann úti á götu en hann leggur mikla áherslu á hlátur til heilsubótar og hefur sannreynt það sjálfur,“ segir Ásta sem sjálf hlær sér heilsubótar.

„Að eðlisfari er ég alvarleg og áhyggjufull og ef slíkt hellist yfir mig nota ég hlátur. Það er ótrúlegt hvernig hann breytir samstundis tilfinningum og hugarástandi. Þetta er mín leið en hver og einn þarf að upplifa heilandi mátt hlátursins á sjálfum sér.“

### Má hlæja á erfiðum stundum

Ásta þjálfar hláturleiðbeinendur sem fara með hláturjóga í alls kyns hópa; á fundi, ráðstefnur, í heilsugeirann, afmæli og hvers kyns samfundi.

„Það er ákaflega vinsælt og ef fólk vill gera eitthvað sem er heilsusamlegt, bætir og kætir, þá biður það um hláturjóga. Sjálf hef ég ekki mikinn húmor, þótt hann hafi batnað mikið síðan ég fór að stunda hláturjóga, en mér finnst kostur að í því þurfi ekki að hafa brandara á takteinum. Dr. Kataria byrjaði með brandara en svo varð fólk uppiskroppa með góða brandara og fór að segja móðgandi brandara í staðinn en það þótti of langt gengið. Þá datt honum í hug að nota hláturæfingar og þær eru ótrúlega góðar. Fólk trúir því varla að hægt sé að hlæja út af engu en hláturjóga skapar græskulausa gleði,“ segir Ásta.

Hún segir ekki út í hött að hláturjóga snúist um „fake it until you make it“.

„Maður getur ákveðið eigið hugarástand en ekki breytt hugarástandi annarra ef þeir vilja það ekki. Við erum alltaf að berjast við okkur sjálf og hvernig okkur líður. Því kalla ég það án tilefnis að geta hlegið guðsgjöf og manni líður alltaf vel með fólki sem hlær af gleði. Það er svo engin skömm að því að hlæja á erfiðum stundum. Kona ein spurði hvað hún ætti að gera þar sem hún færi alltaf að hlæja í jarðarförum. Ég sagði henni að hlæja áður en hún færi í jarðarförina því hláturinn hennar snerist um að losa um streitu og uppsafnaða spennu. Sumir gráta og það er losun líka, en mín reynsla er sú að þegar ég hlæ fæ ég orkuna til baka en þegar ég græt verð ég þreytt á eftir.“

Ásta segir hláturjóga hafa breytt sér og sýn sinni á lífið.

„Þeir sem þekktu mig áður hefðu ekki trúað því að ég færi út í hláturkennslu því ég var alltaf svo mikið til baka sem krakki. Ég hafði þó eina ástríðu sem ég brann fyrir og það var söngur. Ég lærði því að syngja og tók kennarapróf úr Söngskólanum sem var mjög góð undirstaða fyrir það að kenna hláturjóga því þá hafði ég komist í gegnum þann hjalla að standa fyrir framan fólk og opinbera mig.“

### Hlátur styrkir ónæmiskerfið

Á tímum samkomubanns býður Dr. Madan Kataria upp á ókeypis hláturjógatíma á netinu. Hann segir Alþjóða hláturdaginn hugsaðan til að vekja athygli á heilsu, hamingju og heimsfriði í gegnum daglega iðkun hláturjóga.

„Í dag þurfum við meira á hlátri að halda en nokkru sinni. Slagorð okkar er: „Við hlæjum ekki vegna þess að við erum hamingjusöm; við erum hamingjusöm vegna þess að við hlæjum“,“ segir Dr. Kataria.

Á tímum COVID-19 sé hláturjóga öflug tækni sem heldur huganum jákvæðum.

„Með hláturjóga getum við hlegið lengur og meira en við annars mundum gera og jafnvel lengur en okkur langar til að hlæja. Hlátur er alþjóðlegt tungumál og án landamæra. Þannig hefur hláturklúbburinn teygt anga sína til fleiri en 110 landa og tengt saman fólk af ólíkum þjóðum og menningu,“ upplýsir Dr. Kataria.

Á meðan á heimsfaraldrinum hefur staðið hafa tugþúsundir gert hláturæfingar með fjölskyldunni heima í stofu og nýtt sér ókeypis hláturjógatíma Dr. Kataria í gegnum Zoom og Skype.

„Aðeins tíu til fimmtán mínútna hláturjógaæfingar geta dregið úr streitu, haldið okkur jákvæðum og styrkt ónæmiskerfið. Hlátur og öndunaræfingar veita líka aukið súrefni til lungnanna, styrkir ónæmiskerfið og ver okkur fyrir sýkingum,“ segir Dr. Kataria.

„Ég hvet alla sem geta að fara út fyrir dyr eða út á svalir klukkan 13.30 á sunnudag og teygja hendur til himins, hlæjandi í bæn eða ósk um góða heilsu, gleði og frið í heiminum.“

Nánar á laughteryoga.org og Facebook undir Hláturjóga á Íslandi.




FLOTT SUMARFÖT, FYRIR FLOTTAR KONUR
LÍTTU VIÐ Á BELLADONNA.IS
Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Frjáls framlög

SAMFERÐA
GÓÐGERÐARSAMTÖK

enginn kostnaður!

# VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

907 1081 – 1.000 kr.
907 1083 – 3.000 kr.
907 1085 – 5.000 kr.
907 1090 – 10.000 kr.



Þú finnur okkur á Facebook – ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

www.facebook.com/samferdafoundation

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

### Bátar



**STÁLPLÖTUKRÓKAR TIL HANDFÆRAVEIÐA.**
25% afmælisafsláttur. Heimavik.is s: 892-8655

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Felli tré og grysja og klippi runna. Ódýr þjónusta. Halldór garðyrkjum. s:698 1215

### Bókhald

Rétta ehf.
Suðurlandsbraut 32
108 Reykjavík, Ísland
GSM. 00354 854 8080
Sími. 00354 516 8080
www.retta.is
olafur@retta.is
Rétta ráðgjafa- og bókhaldsþjónusta

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Húsnæði

### Húsnæði í boði



**JÖRÐIN HOF Í VOPNAFIRÐI.**
Þjóðkirkjan - Biskupsstofa auglýsir til leigu jörðina Hof. Jörðin er um 1.700ha að stærð en á jörðinni stendur fallegt 284fm íbúðarhús á tveimur hæðum. Leigusali óskar eftir tilboðum fyrir 10. mai nk. Hlunnindi jarðarinnar eru undanskilin.
**Frekari upplýsingar og myndir má nálgast á vef kirkjunnar: www.kirkjan.is**

Rúmgóð 3ja herb. íbúð til leigu í 104 Rvk. Uppl s: 869-4948.

Til leigu 2ja herb. íbúð með öllu innbúi, á svæði 105 Rvk. Með góðu útsýni yfir sundin og esjuna. Laus 1. mai. Uppl. í síma 893-3475.

### Húsnæði óskast

Kona óskar eftir íbúð til leigu. Uppl. í s: 620-4464

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

### Til sölu

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is






# Wizar

...fyrir lífsins ljúfu stundir



Hægindastóllinn sem slegið hefur í gegn.

360° snúningur | innbyggður fótaskemill
hallanlegt bak | stillanlegur höfuðpúði

Fáanlegir **Wizar** litir

**Verð frá**
**199.900 kr.**

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Sigurrós Ingvadóttir**

lést á heimili sínu laugardaginn 18. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. Aðstandendur þakka auðsýndan hlýhug og samúð.

**Bára Mjöll Ágústsdóttir** | **Helgi Magnús Baldvinsson**
**Ómar Þór Ágústsson** | **Margrét Rósa Sigurðardóttir**
**Jóna Vigdís Kristinsdóttir** | **Stefán Þorvaldsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Hjartans þakkir fyrir alla samúð og hlýjar kveðjur vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Grétars Þórs Sigurðssonar**

Austurgötu 11, Keflavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk gjörgæsludeildar og á deild 12E á Landspítalanum v/Hringbraut.

**Signý Hrönn Sigurhansdóttir**
**Gunnar Þór Grétarsson** | **Sólveig Gísladóttir**
**Signý Jóna, Helena Rós, Daníel,**
**Bryndís Grétarsdóttir** | **Hafsteinn Guðmundsson**
**Hanna Guðný, Hafdís,**
**Magnea Grétarsdóttir** | **Sigurður R. Magnússon**
**Grétar Þór, Svava Rún, Sigurpáll Magni.**



Ástkær bróðir okkar, afi, langafi og langalangafi,

**Þorsteinn Jónatansson**

verkalýðs- og stjórnarmaður Einingar – Iðju og KEA, til heimilis að Grundargerði 3a, Akureyri,

lést í faðmi fjölskyldunnar á dvalarheimilinu Furuhlíð þann 19.04.2020. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Viljum við senda starfsfólki Furuhlíðar hjartans þakkir fyrir góða umönnun og hlýju. Einnig viljum við þakka ættingjum og vinum fyrir ómetanlegan stuðning undanfarin ár.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Ragnar Jónatansson**
**Gróa Jónatansdóttir**
**Heiðdís Steinsdóttir** | **Almar Eiríksson**
**Fanndís Steinsdóttir**
**Þórdís Steinsdóttir**
**barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Elís Gíslason**

skipstjóri, Grundarfirði,

lést sunnudaginn 26. apríl. Útförin fer fram frá Grundarfjarðarkirkju laugardaginn 9. maí með fjölskyldu og nánustu ættingjum. Við þökkum starfsfólki á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Fellaskjóli og starfsfólki heimahjúkrunar Heilsugæslunnar í Grundarfirði fyrir kærleiksríka umönnun. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð dvalarheimilisins Fellaskjóls.

**Hulda Valdimarsdóttir**
**Valdimar Elísson** | **Guðlaug Sturlaugsdóttir**
**Jóhanna Elísdóttir** | **Gísli Bachmann**
**Ragnheiður Elísdóttir** | **Haukur Tómasson**
**Hugrún Elísdóttir**
**Katrín Elísdóttir**
**Gísli Karel Elísson** | **Vala Ólöf Jónasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .



**„Við vildum brjóta upp það hefðbundna kerfi sem var búið að festa í sessi, þannig að pláss yrði fyrir okkur.“** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Rauðsokkur fram á völlinn

**Konur með áhuga á kynjajafnrétti settu svip á 1. maí gönguna fyrir fimmtíu árum. Þær voru í rauðum sokkum. Ein þeirra var Auður Hildur Hákonardóttir veflistakona.**

Það var árið 1970 sem rauðsokkur gerðu sig gildandi fyrst með því að mæta í kröfugöngu verkalýðsins 1. maí til að vekja athygli á misrétti kynjanna. Þær báru styttu af konu með borða sem á stóð Manneskja – ekki markaðsvara. Síðan er liðin hálf öld.

„Þessi ganga markaði tímamót og samtakamáttur kvenna það vor varð upphaf að miklum breytingum,“ segir Auður Hildur Hákonardóttir, vefari og baráttukona fyrir bættum heimi. „Við ætluðum að endurtaka leikinn núna og raða okkur aftast í hina hefðbundnu 1. maí-göngu verkalýðsfélaganna en ekkert verður af henni og þá ekki okkar göngu heldur,“ segir hún. Síðan hverfur hún í huganum fimmtíu ár aftur í tímann og rifjar upp viðbrögðin á Hlemmi þegar konurnar mættu. „Okkur var ekki vel tekið. Verkalýðshreyfingin sagði í raun og veru nei við þátttöku okkar, en auðvitað var ekki hægt að banna okkur að ganga niður Laugaveginn á eftir hinum. Lögreglan komst í málið en var róleg og fannst víst ekki líklegt að átök brytust út. Það var líka fullkomlega eðlilegt fyrir okkur að fara í verkalýðsgönguna því eitt af því fyrsta sem við rákum okkur á þegar við fórum að rýna í aðstæður kvenna var hið hróplega misræmi í launum kynjanna. Konur höfðu verið settar í sérstakt verkalýðsfélag og þannig var miklu hægara að halda þeim niðri.“



**Manneskja - ekki markaðsvara var letrað á borða styttunnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Þó þetta væri á vissan hátt bylting vil ég meina að við höfum siglt ótrúlega vel milli skerja. Reyndum að breyta vitund þjóðarinnar í þeirri trú að ef okkur tækist það mundi annað fylgja. Ég held það hafi heppnast.**

### Sóttu fyrirmynd til Dana

Hildur telur hugmyndina að íslensku rauðsokkahreyfingunni hafa komið frá Danmörku, þar voru rødstrømpene. „Áður en við fórum í gönguna var haldinn kvennafundur í Norræna húsinu. Vilborg Dagbjartsdóttir skáld boðaði til fundarins símleiðis, enda ekki fésbók eða SMS þá. Hún hringdi að minnsta kosti í mig, var strax framarlega í kvennabaráttunni og lengi síðan. Mæting á fundinn var svo góð að við sprengdum fundarherbergið á efri hæð Norræna hússins og þurftum að færa okkur niður í kjallara. Vilborg segir að ég hafi sprangað þar um í rauðum sokkum. Ég man það ekki en þori ekkert að mótmæla því. Þarna varð vitundarvakning því samfélagið var komið að einhverjum þolmörkum, eins og þegar stífla brestur og vatn finnur sér nýjan farveg. Það er kallað núna „að vera í flæði“ ef fólk hittir á rétta orku svo úr verður sameinað afl, það gerðum við sannarlega. Þjóðfélagið þurfti á þessu að halda svo það gæti þróast áfram og sveigt sig að mýkri gildum en höfðu verið við lýði.“

### Þetta var skæruliðahreyfing

Til að byrja með segir Hildur engar harðar kröfur hafa verið uppi meðal kvennanna, heldur hafi gangan 1970 verið leið til að feta sig áfram. „Í framhaldinu fór af stað mikil rannsóknarvinna á því hvar vandinn lægi og hvernig væri hægt að ráða bót á honum. Við unnum í hópum og um haustið var komið vinnuplagg,“ rifjar hún upp. „Við vildum brjóta upp það hefðbundna kerfi sem var búið að festa í sessi, þannig að pláss yrði fyrir okkur. Við þurftum að beita sterkum rökum alla daga og hafa hugrekki til að vinna í frjálsu formi. Vorum ekki með leiðtoga sem lagði línuna og stjórnaði en náðum ótrúlegum árangri á jafningjagrunni. Þá vissi heldur enginn hvernig átti að taka á okkur. Það var engin félagaskrá enginn formaður, engin aðildargjöld. Þetta var skæruliðahreyfing.“

Alls staðar voru veggir og þá þurfti að leysa upp á mörgum sviðum, með aðgerðum, mjúkum eða hörðum, að sögn Hildar. „Við vildum ekki láta stimpla okkur pólitískt. Þó þetta væri á vissan hátt bylting vil ég meina að við höfum siglt ótrúlega vel milli skerja. Reyndum að breyta vitund þjóðarinnar í þeirri trú að ef okkur tækist það mundi annað fylgja. Ég held það hafi heppnast.“

Spurð hvort hún hafi verið gift kona á þessum tíma svarar Hildur. „Ég var að sigla inn í seinna hjónabandið. Hann Þór Vigfússon tók þessari jafnréttishugsjón minni vel, það var ekki vandamál. Ég þurfti ekki að slást við hann. Það var frekar að hann væri að slást fyrir mig!“

**gun@frettabladid.is**

# FRÁBÆR TILBOÐ!































## OPNUNARTÍMI 1. MAÍ
## 12:00 - 18:00*

*NEMA Á AKUREYRI **13:00 - 17:00**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ



# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Reykjavík 7 °C 2
Ísafjörður -2 °C 7
Akureyri 1 °C 2
Egilsstaðir 3 °C 6
Kirkjubæjarkl 7 °C 4
Hveravellir -1 °C 6

Norðaustan 5-10 í dag og él um norðanvert landið, en víða bjartviðri sunnan til. Þykknar upp með slydduéljum eða skúrum suðaustanlands síðdegis. Hiti 4 til 9 stig að deginum, en kringum frostmark norðan- og austantil.

## Laugardagur

Reykjavík 5 °C 6
Ísafjörður -1 °C 2
Akureyri 1 °C 3
Egilsstaðir 3 °C 3
Kirkjubæjarkl 3 °C 6
Hveravellir -3 °C 6

## Sunnudagur

Reykjavík 7 °C 2
Ísafjörður 1 °C 1
Akureyri 0 °C 1
Egilsstaðir 0 °C 2
Kirkjubæjarkl 4 °C 1
Hveravellir 0 °C 6

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 8 | 5 | | | | 4 | 1 |
| 3 | | | | | | | 7 | |
| | 4 | 5 | 3 | 6 | | | 9 | |
| 8 | 6 | | 1 | 9 | | 5 | | |
| | 5 | 2 | | | | | | 4 |
| 1 | | | | | | | | |
| 2 | 8 | | | | 3 | | | 9 |
| | | 6 | 7 | | 5 | 2 | | 8 |
| | 3 | 7 | | 8 | 2 | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | 5 | | 4 | | 9 |
| 2 | | | | 4 | 6 | | | |
| 9 | | | 7 | 8 | | | | |
| | 6 | | 2 | 9 | | 5 | | |
| 3 | 8 | | 4 | | | | 6 | 2 |
| | | 7 | | 3 | 8 | | | |
| | | 3 | | | | | 7 | 1 |
| | | 2 | 1 | | | | | |
| | | | | 2 | | 3 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | 8 | | | | 1 | 6 |
| | | 6 | | | 7 | | | 9 |
| | | | | 4 | | | 8 | |
| 1 | | | | 3 | | | | |
| | 8 | 4 | 2 | 1 | | | | 7 |
| | | | | | | | | |
| | | | | 5 | 3 | 2 | | |
| | 1 | | 7 | 8 | | | 6 | 5 |
| | 2 | 3 | | | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. þynnu
5. spreia
6. sjúkdómur
8. sár
10. tveir eins
11. haf
12. álít
13. heimamaður
15. tónlist
17. gildra

**LÓÐRÉTT**
1. bær
2. stunda
3. meiðsli
4. utanmál
7. malarsáld
9. ásækja
12. snerill
14. hólf
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. himnu, 5. úða, 6. ms, 8. skráma, 10. aa, 11. rán, 12. held, 13. íbúi, 15. kántri, 17. snara. **LÓÐRÉTT:** 1. húsavík, 2. iðka, 3. mar, 4. ummál, 7. sandsía, 9. áreita, 12. húnn, 14. bás, 16. rr.

## Skák Gunnar Björnsson

Bragi Þorfinnsson átti leik gegn Þresti Þórhallssyni á Íslandsmótinu í netskák – BRIM-mótinu.

**37. Hf4! 1-0.** Stórmeistarinn Hjörvar Steinn Grétarsson sigraði á mótinu eftir að hafa unnið Vignir Vatnar Stefánsson í úrslitaeinvígi. Guðmundur Kjartansson og Róbert Lagerman urðu í 3.-4. sæti. Mótið var afar vel sótt en 120 skákmenn tóku þátt og þar á meðal átta stórmeistarar. **www.skak.is:** Nethraðskákmót klúbba fer fram á morgun.

**Hvítur á leik**




| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 2 | 4 | 1 | 5 | 3 | 8 | 6 |
| 5 | 6 | 1 | 3 | 7 | 8 | 2 | 9 | 4 |
| 4 | 3 | 8 | 6 | 9 | 2 | 7 | 5 | 1 |
| 3 | 4 | 9 | 5 | 6 | 7 | 1 | 2 | 8 |
| 6 | 1 | 7 | 8 | 2 | 3 | 9 | 4 | 5 |
| 8 | 2 | 5 | 9 | 4 | 1 | 6 | 3 | 7 |
| 9 | 8 | 3 | 7 | 5 | 6 | 4 | 1 | 2 |
| 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 4 | 8 | 7 | 9 |
| 2 | 7 | 4 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 2 | 9 | 6 | 3 | 4 | 5 | 8 | 1 |
| 6 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 | 9 | 2 | 4 |
| 8 | 4 | 1 | 9 | 5 | 2 | 3 | 6 | 7 |
| 4 | 3 | 2 | 5 | 1 | 6 | 8 | 7 | 9 |
| 5 | 7 | 6 | 2 | 9 | 8 | 4 | 1 | 3 |
| 9 | 1 | 8 | 3 | 4 | 7 | 2 | 5 | 6 |
| 3 | 9 | 7 | 1 | 2 | 5 | 6 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 5 | 4 | 6 | 3 | 7 | 9 | 2 |
| 2 | 6 | 4 | 8 | 7 | 9 | 1 | 3 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 7 | 9 | 6 | 3 | 4 | 2 | 5 |
| 9 | 5 | 2 | 4 | 7 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 3 | 6 | 4 | 2 | 1 | 5 | 7 | 8 | 9 |
| 1 | 4 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 5 | 2 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 8 | 6 | 1 | 9 | 4 |
| 5 | 8 | 9 | 1 | 2 | 4 | 6 | 3 | 7 |
| 7 | 2 | 5 | 6 | 3 | 1 | 9 | 4 | 8 |
| 6 | 9 | 8 | 7 | 4 | 2 | 5 | 1 | 3 |
| 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 9 | 2 | 7 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

### Góð tilfinning að vera kominn heim



**Þorsteinn Víglundsson** hefur öðru sinni á lífsleiðinni tekið við stjórnartaumunum hjá BM Vallá, fyrirtækinu sem faðir hans eyddi allri starfsævinni í að byggja upp. Hann telur að þeir feðgar hafi verið órétti beittir þegar fyrirtækið var sett í þrot eftir hrunið.

### Framlenging á stofunni



**Emilía Borgþórsdóttir** iðnhönnuður heldur námskeið við Endurmenntun Háskóla Íslands þann 25. maí næstkomandi fyrir þá sem vilja auka færni sína í að fegra útisvæðið og leituðum við til Emilíu um nokkur góð ráð.

### Tækifærin í breytingum



Slakað verður á samkomubanni á mánudaginn þó að ýmsar takmarkanir verði sannarlega enn við lýði. **Mjöll Jónsdóttir** sálfræðingur mælir með því að við nýtum tækifærið á tímum breytinga og aukum okkar eigin lífsgæði og fólksins okkar til frambúðar.

**Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi**




**BYGGJUM RÉTTLÁTT ÞJÓÐFÉLAG**

*Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu* sendir félagsfólki sínu og landsmönnum öllum baráttukveðjur í tilefni dagsins. Tökum höndum saman og byggjum réttlátt þjóðfélag!



# SÆKTU EÐA FÁÐU SENT

Frítt í Snjallbox, Póstbox, pósthús og heim dyrum*

NÝ VEF VERSLUN

* Frítt að 20kg í Póstbox og Snjallbox, allt að 10. kg á pósthús og heim að dyrum



# GRÆJU SUMAR

Sumarið er komið í Tölvutek. Stútfullar verslanir af nýjum sjóðheitum græjum og tilboðum, ný glæsileg vefverslun á tolvutek.is og fyllt verður á snjallboxið góða í Mörkinni 3 jafnóðum alla helgina.

OPIÐ 2.MAÍ 10-18 SNJALLBOX OPIÐ ALLA HELGINA




## SNJALLBOX MÖRKIN 3

Fáðu sent í Snjallboxið fyllum á alla helgina



~~2.990~~ 1.495

FERÐARAFHLAÐA

TÖLVUTEK

Reykjavík • Mörkin 3 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



67.990
1TB PS4 PRO DREAMS
+VEGGFESTING
79.990
69.990
55"Mi TV 4K HDR
Verð frá
39.990
FARTÖLVUR
ALLT AÐ
50.000
AFSLÁTTUR
Verð frá
129.990
LEIKJATURNAR
NÝTT!
119.900
ONEPLUS 8
NÝTT!
69.990
32" QHD 144Hz
Verð frá
12.990
HEILSUÚR Í ÚRVALI
ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR
Verð frá
1.495
SPORT HEYRNARTÓL
9.990
7.992
GPS KRAKKAÚR
1. maí 2020 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

## Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

**1. MAÍ 2020**

**Hvað?** Kúltúr klukkan 13
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Vefútsending frá Salnum á stundin.is og Facebook-síðum Stundarinnar og Menningarhúsanna í Kópavogi



Þau Ágúst Ólafsson barítón, Lilja Guðmundsdóttir sópran og Eva Þyri Hilmarsdóttir píanóleikari, flytja píanólög eftir Tchaikovsky, Rachmaninov og Borodin. Tónleikarnir eru partur af þeirri dagskrá sem þríeykið ætlaði að flytja á Tíbrártónleikum 21. apríl.

## Barnabækur á toppnum

Milljarðastrákurinn, barnabók eftir David Walliams, er nú í efsta sæti metsölulista Eymundsson. Walliams er dásamlega skemmtilegur höfundur, auk þess að vera einkar geðug persóna, og bækur hans rata yfirleitt rakleiðis að hjörtum barna víða um heim. Hann á greinilega stóran aðdáendahóp hér á landi.




Gaman er að sjá barnabók í efsta sæti listans og svo skemmtilega vill til að barnabók er einnig í öðru sæti, Skólaráðgátan eftir Martin Widmark, spennandi bók fyrir lesendur á aldrinum 6-10 ára.

Á tímum þar sem margir eru kvíðnir er mikilvægt að sofa vel og bókin Þess vegna sofum við. Alþjóðleg metsölubók, eftir Matthew Walker er í þriðja sæti. Viveca Sten er síðan í fjórða sæti með glæpasögguna Í vondum félagsskap. Þess má svo geta að í tíunda sæti er klassísk barnabók Þar sem óhemjurnar eru eftir Maurice Sendak.

# Afburðatækni með vatnslitum

**Sýning á verkum sænska listamannsins Mats Gustafson í Listasafni Íslands. Safnstjórinn Harpa Þórsdóttir segir vatnslitaverk listamannsins vera alveg einstök.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Listasafn Íslands verður opnað almenningi á ný næstkomandi mánudag, 4. maí. Opið er alla daga vikunnar frá 10-17. Í safninu er sýningin Að fanga kjarnann, þar sem sjá má vatnslitaverk sænska listamannsins Mats Gustafson. Á sýningunni, sem er í tveimur sölum, eru öll þekktustu verk listamannsins sem hann hefur unnið með tískuhúsum á borð við Christian Dior, Commes de Garçons, Yohji Yamamoto, Romeo Gigli og Yves Saint Laurent fyrir tímarit eins og Vogue og Harper's Bazaar. Einnig eru á sýningunni vatnslitaseríur hans af náttúru og nekt og portrett af samferðafólki hans.



Nektarmyndir frá tíunda áratugnum sem listamaðurinn tileinkaði þeim vinum sem hann missti úr alnæmi.

**Goðsögn í tískuheiminum**

„Mats er fæddur árið 1951 í smábæ í Svíþjóð en fluttist ungur til New York og býr þar. Hann fór í listnám og var fyrst ráðinn til Hennes og Mauritz sem teiknari. Þeir hjá breska Vogue tóku eftir verkum hans síðla á áttunda áratugnum og þá fóru hjólin að snúast, Mats var ráðinn þangað og upp frá því hefur hann unnið fyrir tískuheiminn, tímaritin og tískuhúsin. Í dag vinnur hann eingöngu fyrir Christian Dior," segir Harpa Þórsdóttir safnstjóri.

Harpa segir verk Mats vera einstök, eins og sýningin sannar reyndar mjög glöggt: „Vatnslitaverk hans hafa gert hann að goðsögn í tískuheiminum. Hann hefur einstakan stíl sem er auðþekkjanlegur. Það sem einkennir hann er að hann eimar efnið þar til kjarninn stendur eftir. Í vatnslitnum tekst honum að draga fram efniskennd eins og tjull eða fjaðrir með einstakri tækni og svo sjáum við í sumum verkum eins og hann fangi dramatík augnabliksins. Það er margt hægt að skoða og dást að í þessum vatnslitaverkum sem hann vinnur fyrir tískuheiminn og rétt að minna á mikilvægi teikningarinnar eða eins og hér, vatnslitamynda, sem frásagnarforms, fyrir tíma tískuljósmyndanna. Mats er ekki hönnuður en það er hans að stílfæra hátískuna með þessum einstaka hætti."



Í þessari vatnslitamynd af herðaslá sést hversu vel listamanninum tekst að draga fram það efniskennda.



Þessi mynd Mats Gustafson af módeli er á sýningunni.

> Í PORTRETTUNUM LEIKUR HANN SÉR MEÐ MISMUNANDI AÐFERÐIR OG ÉG ER VISS UM AÐ MARGIR FÁ INNBLÁSTUR VIÐ AÐ SKOÐA ÞESSI VERK HANS.

**Reisn, virðing og viðkvæmni**

Í öðrum salnum á efri hæð listasafnsins eru náttúruverk, nektarmyndir og portrett. „Þessi verk sýna hina hliðina á Mats, afburðatæknin með vatnslitinn er alltaf til staðar, en þarna er hann í öðru elementi. Næmni hans gagnvart fyrirsætunni í einstökum verkum þar sem karlmannsnektin er afhjúpuð, sería sem hann vann á tíunda áratugnum í Stokkhólmi og tileinkaði þeim mörgu vinum sem hann hafði misst úr alnæmi. Reisn, virðing og viðkvæmni í senn og það sjáum við líka í portrettum sem hann málar af sínu nánasta fólki. Í portrettunum leikur hann sér með mismunandi aðferðir og ég er viss um að margir fá innblástur við að skoða þessi verk hans. Náttúruverkin eru svo í sínum einfaldleika ákaflega sterk, myndir af berum stofnum lauftrjáa eða steinhnullunga og þessi verk má tengja við vatnslitahefð sem við þekkjum frá Japan. Mjög eftirminnileg verk sem fólk hrífst auðveldlega af."

Sýningin stendur fram í ágúst.

# Töfrafjallið, stórvirki Thomas Mann, er meðal þess sem væntanlegt er á íslensku

Miðstöð íslenskra bókmennta tilkynnti nýlega um fyrri styrkjaúthlutun ársins til þýðinga á íslensku. Hærri upphæð er veitt en áður og þýðingastyrkjum fjölgað. Er það gert til að bregðast við áhrifum heimsfaraldurs kórónaveirunnar á bókaútgáfu og störf höfunda og þýðenda.

Meðal verka sem hlutu þýðingastyrki er þýðing á nýrri skáldsögu hinnar gríðarvinsælu Elenu Ferrante, La vita bugiarda degli adulti. Sigurjón Björnsson hefur verið ötull við að þýða skáldsögur Balzacs og þannig glatt sanna bókmenntaunnendur. Þýðing hans á Illusions perdues eftir franska meistarann fékk styrk. Gauti Kristmannsson þýðir stórvirki Thomasar Manns, Töfrafjallið, og vitanlega fékk sú þýðing sömuleiðis styrk. Bók eftir nýjasta Nóbelsverðlaunahafann Peter Handke í þýðingu Árna Óskarssonar fékk einnig styrk.

> HÆRRI UPPHÆÐ ER VEITT EN ÁÐUR OG ÞÝÐINGASTYRKJUM FJÖLGAÐ.



Gauti Kristmannsson þýðir Thomas Mann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fjöldi barnabóka hlaut styrki og má þar nefna Fantastic Mr. Fox eftir Roald Dahl í þýðingu Sólveigar Sifjar Hreiðarsdóttur. Einnig bók í flokknum um Önnu frá Grænuhlíð, Anne of Ingleside, eftir E. M Montgomery og Die erstaunlichen Abenteuer de Maulina Schmitt eftir Finn-Ole Heinrich og Rán Flygenring í þýðingu Jóns Stefáns Kristjánssonar.

nar, Ragnheiður, Daníel, Þorsteinn, Guðný, Lilja, Guðjón, Páll, Ólöf, Eva, Hulda, Davíð, Sólveig, Sveinn, Steinunn,
r, Unnur, Birgir, Þórunn, Óskar, Þóra, Kolbrún, Alexandra, Berglind, Bryndís, Karl, Ásdís, Jóhannes, Jóna, Íris, Hau
ndri, Hrafnhildur, Ásgeir, Justyna, Elfa, Haraldur, Róbert, Birna, Linda, Ágúst, Erna, Kjartan, Smári, Tómas, Þórdís
nína, Þórður, Friðrik, Hörður, Edda, Valgerður, Júlíana, Guðlaug, Aron, Bjarki, Hanna, Atli, Halla, Tanya, Sigurbjör
tur, Baldur, Rúnar, Anton, Kristjana, Sandra, Karen, Brynjar, Benedikt, Hafdís, Lára, Hjördís, Harpa, Alexander, Bjö
ni, Örn, Hrefna, Rósa, Hólmfríður, Andrea, Aðalheiður, Björgvin, Brynja, Ragnhildur, Gunnhildur, Stefanía, Tinna,
ug, Helena, Ingvar, Sævar, Sindri, Ingólfur, Snorri, Gyða, Reynir, Arna, Ágústa, Kári, Halla, Garðar, Laufey, Kristóf
Haukur, Hlynur, Þórir, Elsa, Ingunn, Þórarinn, Rannveig, Jakob, Þorbjörg, Dagný, Hafsteinn, Svava, Sóley, Ása, Try
, Grétar, Vilhjálmur, Ari, Hjalti, Jón, Guðrún, Anna, Sigurður, Guðmundur, Sigríður, Kristín, Arndís, Gunnar, Margr
rún, Einar, Magnús, Ingibjörg, Artur, Kristján, Hannes, María, Stefán, Jóhanna, Jóhann, Björn, Jean, Elín, Árni, Bja
erður, Pétur, Arnar, Katrín, Kristinn, Guðbjörg, Ásta, Hildur, Erla, Daði, Gísli, Ragnar, Ragnheiður, Daníel, Þorstein
n, Bjartur, Páll, Ólöf, Eva, Hulda, Davíð, Sólveig, Sveinn, Steinunn, Elísabet, Inga, Auður, Unnur, Birgir, Þórunn, Ó
Berglind, Ófeigur, Bryndís, Karl, Ásdís, Jóhannes, Jóna, Íris, Haukur, Sara, Halldóra, Andri, Hrafnhildur, Ásgeir, H
bert, Birna, Linda, Ágúst, Erna, Kjartan, Ýr, Tómas, Þórdís, Sigurjón, Jónas, Jónína, Þórður, Friðrik, Hörður, Edda,
, Guðlaug, Aron, Bjarki, Hanna, Atli, Sigurbjörg, Rakel, Hilmar, Eiríkur, Nadezda, Baldur, Rúnar, Böðvar, Kristjana
jar, Benedikt, Hafdís, Lára, Hjördís, Harpa, Ásgerður, Alexander, Björg, Fannar, Sverrir, Egill, Guðni, Örn, Sigurbo
ríður, Aðalheiður, Björgvin, Brynja, Ragnhildur, Stefanía, Tinna, Andrea, Ómar, Áslaug, Helena, Agnes, Ingvar, Sa
Snorri, Reynir, Arna, Sebastian, Ágústa, Kári, Halla, Garðar, Laufey, Kristófer, Viktor, Hafþór, Sigurlaug, Hlynur, Þó
órarinn, Rannveig, Axel, Jakob, Þorbjörg, Dagný, Hafsteinn, Torfi, Svava, Sóley, Ása, Tryggvi, Ívar, Ingi, Soffía, Gre
, Ari, Hjalti, Jón, Guðrún, Anna, Sigurður, Guðmundur, Sigríður, Kristín, Gunnar, Margrét, Arnaldur, Helga, Ólafu
nús, Ingibjörg, Kristján, María, Stefán, Jóhanna, Jóhann, Björn, Elín, Árni, Kevin, Bjarni, Helgi, Halldór, Pétur, Arn
tinn, Guðbjörg, Ásta, Hildur, Erla, Gísli, Ragnar, Ragnheiður, Daníel, Þorsteinn, Guðný, Lilja, Guðjón, Páll, Ólöf, E
lveig, Sveinn, Steinunn, Elísabet, Inga, Auður, Unnur, Birgir, Þórunn, Indriði, Óskar, Þóra, Kolbrún, Berglind, Bryn
nnes, Jóna, Íris, Haukur, Erling, Sara, Halldóra, Andri, Hrafnhildur, Ásgeir, Eiður, Haraldur, Róbert, Birna, Linda, Á
iðar, Tómas, Þórdís, Arnór, Sigurjón, Jónas, Jónína, Þórður, Friðrik, Hörður, Edda, Valgerður, Guðlaug, Aron, Sel
i, Sigurbjörg, Rakel, Hilmar, Eiríkur, Baldur, Rúnar, Kristjana, Sandra, Karen, Brynjar, Benedikt, Hafdís, Lára, Birta
xander, Björg, Sverrir, Egill, Guðni, Örn, Hrefna, Rósa, Hólmfríður, Aðalheiður, Lína, Björgvin, Krzysztof, Brynja, R

# 13.319.680 þakkir! Þið vitið hver þið eruð.

Viðskiptavinir Orkunnar hafa nú afhent Votlendissjóðnum **13.319.680 kr.** sem safnast hafa sl. 9 mánuði. Með því að fylla aftur upp í skurði sem hafa lokið hlutverki sínu endurheimtum við votlendið. Það er áhrifaríkt, einföld og ódýr leið sem skilar strax árangri. **Takk fyrir að velja áhrifaríkustu leiðina**.

ORKAN

Endurheimt votlendis
SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

**Allar nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á orkan.is**



Opna úr bókinni um Vigdísi forseta sem kemur út nú í maímánuði .

# Vigdís til Suður-Kóreu

Útgáfurétturinn að Vigdísi-Bókinni um fyrsta konuforsetann eftir Rán Flygenring hefur verið seldur til Suður-Kóreu. Þýðing á kóreska titlinum er Nágrannakona mín er forsetinn: Saga Vigdísar, fyrsta kvenforseta heims. Bókin kemur út þar í landi í þessum mánuði, en hún kom út hér á landi í fyrra.

Spurð út í forsöguna segir María Rán Guðjónsdóttir útgáfustjóri Angústúru: „Hye Joung Park og Karl Ómarsson reka fyrirtækið Kíki (kikir.net), sem veitir ráðgjöf og aðstoð í alls kyns samskiptum milli Íslands og Suður-Kóreu í tengslum við viðskipti, menningu og ferðamennsku. Þau hrifust af bókinni um Vigdísi eftir Rán Flygenring og kynntu hana fyrir útgáfunni Yellow Brick Books sem féll líka fyrir henni. Huy þýddi bókina.

Í Suður-Kóreu er mikill áhugi á stjórnskipan á Norðurlöndunum, velferð og jafnrétti og fannst útgáfunni það endurspeglast vel í bókinni.“




Kápa hinnar kóresku útgáfu.









Það má segja að ég sé með alla lífsgátuna undir, segir Stefán.FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Hugarleikfimi fyrir lesandann

## Stefán Þór Sæmundsson sendir frá sér þriðju ljóðabók sína, Mar. Setti þrjár rafbækur á Facebook, ljóð og ljósmyndabækur.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Mar er þriðja ljóðabók Stefáns Þórs Sæmundssonar, íslenskukennara í Menntaskólanum á Akureyri. Fyrsta ljóðabókin kom út fyrir þrjátíu árum og önnur ljóðabók hans, Upprisa, kom út fyrir tæpu ári.

Um Mar segir hann: „Heitið getur bæði tengst sjónum og marblettum á sál og líkama. Umfjöllunarefnin eru fjölbreytt. Það má segja að ég sé með alla lífsgátuna undir, enda er lífið margar gátur.

Þarna eru bernskumyndir, þarna er fjallað um þá stórsjói sem einstaklingar lenda í og þarna er líka ort um efri árin. Þarna er hyldjúpur sársauki enda kostar það erfiðleika að vera maður. Lífið býður upp á kvöl og pínu en einnig mikla gleði.

> **ÞAÐ VEITIR EKKERT AF AÐ HRÆRA UPP Í OKKAR ÞJÓÐ Í SAMBANDI VIÐ ÍSLENSKT MÁL OG ÞANN MENNINGARARF SEM BRAGFORMIÐ ER.**

### Á kamelljónanótum

Stefán segir að fólk eigi að hafa fullt frelsi til að túlka ljóðin sínum eigin skilningi. „Ég vil vara fólk við að tengja ljóðmælandann beint við mig, höfundinn. Ljóðmælandinn í þessum ljóðum er ekki einhver einn, hann er ungur, hann er eldri, hann er karl, hann er kona. Mér finnst alveg út í hött að mata fólk á skoðunum því reynsla og bakgrunnur einstaklinga er með ýmsu móti.“

Um form ljóðanna segir hann: „Ég er á kamelljónanótum þar, er með limrur, sonnettu og ferskeyttan hátt en líka og kannski meira óbundin ljóð og tilraunakennd form, lúmskt rím en samt óbundið. Þetta er eiginlega hugarleikfimi fyrir lesandann. Það veitir ekkert af að hræra upp í okkar þjóð í sambandi við íslenskt mál og þann menningararf sem bragformið er og binda fróðleik og sannindi í ljóðform.“

### Rafbækur á Facebook

Stefán setti nýlega þrjár rafbækur á Facebook. „Á þessum fordæmalausu tímum ákvað ég að hafa ofan af fyrir vinum og vandamönnum og setti á Fésbókina ljóð sem hafa orðið út undan í þessu brölti mínu. Síðan hef ég verið býsna duglegur við að taka myndir og fengið ágætis hrós fyrir þær þannig að ég efndi í tvær ljósmyndabækur, annars vegar um liti náttúrunnar og hins vegar um húsakynni.

Núna eru margir að syngja og spila en ég er ekki góður í því, þannig að þetta er mitt framlag til þessara tíma.“

# Bestu óperurnar að mati óperusöngvara

Óperusöngvarar eiga sínar uppáhaldsóperur. Tónlistartímarit BBC hafði fyrir ekki margt löngu samband við 172 þekkta óperusöngvara og bað þá að velja uppáhaldsóperu sína, þar á meðal voru Placido Domingo, Kiri Te Kanawa, Renée Fleming og Bryn Terfel. Ópera Mozarts, Brúðkaup Fígarós, fékk helmingi fleiri atkvæði en óperan í öðru sæti.



MYND/GUÐMUNDUR INGÓLFSSON



Wolfgang Amadeus Mozart

1 Brúðkaup Fígarós
*Mozart*
2 La boheme
*Puccini*
3 Der Rosenkavalier
*Richard Strauss*
4 Wozzeck
*Alban Berg*
5 Peter Grimes
*Benjamin Britten*
6 Tosca
*Puccini*
7 Krýning Poppeu
*Monteverdi*
8 Don Giovanni
*Mozart*
9 Óþello
*Verdi*
10 Tristan og Ísold
*Wagner*




**Í KVÖLD** 19:00
**OPIN DAGSKRÁ**

# Stjórnarball á Stöð 2

Stöð 2 ætlar að bjóða landsmönnum á sannkallað Stjórnarball. Það er því tilvalið að bregða undir sig betri fætinum heima í stofu, reima á sig dansskóna og tjútta við eitt lag enn og láta sér líða vel um leið.  Láttu þig ekki vanta á Stjórnarball á Stöð 2.

**stod2.is  1817**

## Föstudagskvöld á RÚV




kl. 19.40

Skemmti- og hvatningardagskrá í Hörpu í tilefni baráttudags verkalýðsins. Landsþekktir tónlistarmenn, skemmtiatriði og hvatningarorð frá forystu verkalýðshreyfingarinnar. Þátturinn er táknmálstúlkaður á RÚV 2.




kl. 20.25

Farið yfir málefni líðandi stundar, brakandi ferskt tónlistaratriði og ómissandi innslag Berglindar Festival. Gestir þáttarins eru Guðjón Valur Sigurðsson, Dóri DNA, Unnur Anna Valdimarsdóttir og hljómsveitin GRÓA.

RÚV okkar allra


# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## HRINGBRAUT

**20.00 Bílalíf (e)** Bílalíf er fjörlegur og fjölbreyttur þáttur um bílana okkar í leik og starfi.
**20.30 Fasteignir og heimili (e)** Upplýsandi og fróðlegur þáttur um allt sem viðkemur fasteignum og góðum húsráðum.
**21.00 21 - Úrval á föstudegi** Samantekt úr bestu og áhugaverðustu viðtölunum úr Tuttuguogeinum í liðinni viku.
**21.30 Saga og samfélag (e)** Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

## RÚV SJÓNVARP

**09.00 Heimaleikfimi**
**11.00 Skólahreysti**
**11.30 Heilabrot Almennt um geðheilsu**
**12.00 Ferðastiklur. Frá Rauðanesi í Vopnafjörð**
**12.14 Í garðinum með Gurrý III**
**12.45 Úti**
**13.10 Leitin að Livingstone**
**13.35 Kastljós**
**13.50 Menningin**
**14.00 Blaðamannafundur vegna COVID-19** Bein útsending frá blaðamannafundi vegna COVID-19.
**14.40 Heimaleikfimi**
**14.55 Poirot - Konan með blæjuna**
**15.45 Popp- og rokksaga Íslands Upphófst ferlegur larmur**
**16.40 Landinn**
**17.10 Söngvaskáld Sóley**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Fótboltastrákurinn Jamie**
**18.29 Sögur - Stuttmyndir**
**18.40 Krakkafréttir vikunnar**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Byggjum réttlátt þjóðfélag** Útsending frá sérstakri skemmtiog hvatningardagskrá sem flutt er í Hörpu í tilefni baráttudags verkalýðsins. Landsþekktir tónlistarmenn, skemmtiatriði og hvatningarorð frá forystu verkalýðshreyfingarinnar einkenna þennan sögulega viðburð. Að dagskránni standa eftirfarandi heildarsamtök launafólks: ASÍ, BHM, BSRB og KÍ. Stjórn upptöku: Ragnar Santos.
**20.25 Vikan með Gísla Marteini** Gísli Marteinn tekur á móti góðum gestum á föstudagskvöldum í vetur og fer með þeim yfir helstu atburði vikunnar í stjórnmálum, menningu og mannlífi. Persónur og leikendur koma í spjall og brakandi fersk tónlistaratriði koma landsmönnum í helgarstemninguna. Dagskrárgerð: Guðmundur Einar. Stjórn útsendingar: Ragnheiður Thorsteinsson.
**21.10 Matur og munúð. Delicious**
**22.00 Endeavour – Endeavour IV** Flokkur breskra sakamálamynda um Morse rannsóknarlögreglumann í Oxford á yngri árum. Hann ræður strembnar morðgátur, kynnist mönnum sem hann á eftir að starfa með næstu áratugina og þróar með sér eftirtektarverð skapgerðareinkenni sem hann á eftir að finpússa á löngum og gifturíkum ferli. Í helstu hlutverkum eru Shaun Evans, Roger Allam og James Bradshaw. Atriði í myndunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.30 Flashdance Leifturdans**
**01.00 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**07.00 Ísland vaknar. Útsending frá morgunþætti K100.**
**10.00 Dr. Phil**
**10.45 Everybody Loves Raymond**
**12.00 Dr. Phil**
**12.45 For the People**
**13.30 Rel**
**14.05 The Late Late Show**
**14.50 Venjulegt fólk**
**15.20 Mannlíf**
**16.10 Malcolm in the Middle**
**16.30 Everybody Loves Raymond**
**16.55 The King of Queens**
**17.15 How I Met Your Mother**
**17.40 Dr. Phil**
**18.25 Happy Together**
**18.45 Black-ish**
**19.10 Love Island**
**20.10 Bruce Almighty**
**21.50 Ronin** Ronin er japanska orðið yfir samurai stríðsmann án meistara. Í þessu tilfelli, þá eru Ronin alls konar sérfræðingaúrhrök, sem bjóða öllum þjónustu sína fyrir peninga.
**23.55 The Good Lie**
**01.45 RoboCop 2**
**03.40 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.55 Morgunbæn og orð dagsins**
**07.00 Fréttir**
**07.03 Um aldur og ævi**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.05 Fátækt. Hugleiðingar um fátækt**
**09.00 Fréttir**
**09.03 Í ljósi sögunnar**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Óskastundin**
**11.00 Verst er farið með vinnukonurnar. Frásagnir af nokkrum harðduglegum konum**
**12.00 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**13.00 Heimskviður**
**14.00 Vekalýðsbarátta í skugga COVID**
**15.03 Sögur af landi**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Glans**
**16.55 Hermdu mér Þjóðunn Þjóðansdóttir**
**18.00 Kvöldfréttir**
**18.10 Borgarmyndir Aþena í Grikklandi**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Flugur Janis Carol**
**19.50 Líf eru hættuleg. Smásaga**
**20.35 Lofthelgin**
**21.25 Kvöldsagan. Konan við 1000 gráður** (31 af 41)
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Erum við ekki öll í millistétt?**
**23.05 Roðinn í austri**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.40 Ingrid Goes West**
**13.15 Every Day**
**14.50 Nancy Drew and the Hidden Staircase**
**16.20 Ingrid Goes West**
**17.55 Every Day**
**19.30 Nancy Drew and the Hidden Staircase**
**20.00 The Interview**
**21.00 Blackkklansman**
**23.55 Breakable You**

## STÖÐ 2

**08.00 Pokémon Detective Pikachu**
**09.40 Bubbi byggir - tryllitrukkar**
**10.40 Foodfight**
**12.05 Jamie's Quick and Easy Food**
**12.35 Evrópski draumurinn**
**13.05 Tveir á teini**
**13.35 Óbyggðirnar kalla**
**14.00 Golfarinn**
**14.25 I Feel Bad**
**14.45 Born Different**
**15.15 Dodgeball. A True Underdog Story**
**16.45 Föstudagskvöld með Gumma Ben**
**17.25 Friends**
**17.45 Friends**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**19.00 Stjórnarball á Stöð 2** Stjórnin er ein ástsælasta hljómsveit landsins og hefur fyrir löngu stimplað sig inn í hug og hjörtu þjóðarinnar með hressandi og upplífgandi lögum.
**20.05 In Her Shoes**
**22.15 Anon**
**23.55 The Favourite**
**01.50 Miss Bala**
**03.30 Dodgeball. A True Underdog Story**

## STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

**08.00 Barnaefni**
**20.00 Friends**
**20.20 Friends**
**20.45 The Middle**
**21.05 Arrow**
**21.50 True Detective**
**22.45 American Horror Story 8. Apocalypse**
**23.25 The Simpsons**
**23.50 Bob's Burgers**
**00.00 Friends**
**00.30 Friends**
**00.45 The Middle**

## STÖÐ 2 SPORT

**18.20 Lovísa Thompson** Frábærir nýir þættir í umsjón Birnu Maríu Másdóttur sem ræðir við íþróttafólk og áhugafólk um heilbrigðan lífsstíl á léttu nótunum. Birna æfir með þeim, kíkir heim til viðmælenda, ræðir næringu, fer í kalda pottinn og skyggnist inn í þeirra daglega líf. Meðal viðmælanda í þáttaröðinni eru kraflyftingakonan Arnhildur Anna, körfuboltamaðurinn Kristófer Acox, handboltakonan Lovísa Thompson, hlaupadrottningin Aníta Hinriksdóttir og ljósmyndarinn og áhrifavaldurinn Snorri Björnsson svo einhverjir séu nefndir.
**18.40 La Liga Stay at Home** Sérstakur þáttur frá La Liga á Spáni. Leikmenn og þjálfarar liða í deildinni leyfa áhorfendum að skyggnast í líf sitt á meðan á útgöngubanni stendur á Spáni vegna Covid-19 faraldursins.
**19.05 UEL Classic Matches** Bestu leikirnir í sögu Evrópudeildarinnar, Europa League.
**20.00 Dominos Körfuboltakvöld**
**21.00 Newcastle - Chelsea 95/96** Bestu leikirnir í sögu ensku bikarkeppninnar.

## STÖÐ 2 SPORT 2

**18.30 PDC Home Tour** Bein útsending frá sérstakri keppni bestu pílukastara heims á vegum PDC pílusambandsins. Allir keppendur mótsins eru á sínu heimili og streyma beint frá sinni eigin keppni.

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

HÚSASMIÐJAN

blómaval

# Opið 1. maí

Í Skútuvogi og Grafarholti kl. 10-17
Timbursala Grafarholti kl. 10-14

# Sumargleði

## í Húsasmiðjunni og Blómavali

**Sýpris**
Flott í útipottinn.
80-100 cm.
**1.990 kr/stk.**
Meðan birgðir endast

**26% afsláttur**
**Orkidea**
12 cm pottur.
**1.990 kr**
~~2.690 kr~~

**Jarðarberja-planta**
**990 kr/stk.**

**Snædrífa**
Sumarblóm.
**1.990 kr**
~~2.290 kr~~

**Fáðu heimsent**
í vefverslun **husa.is**

Verð frá
**39.990 kr**
**Trampolín 3,66 m, með öryggisneti**
12 fet/3,66 m, 6 fætur með öryggisneti.
3900557

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Með hliðarhellu
Broil King
**68.950 kr**
**Gasgrill Crown 330**
9,3kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli, grillflötur: 44x44,58 cm, grillgrindur úr steypujárni með postulínshúðaðri efri grind, þrír brennarar úr ryðfríu stáli, hliðarborð með hliðarhellu og opinn vagn.
3000361

IKRA mogatec
**Rafmagnshekkklippur**
Ikra, 550W, 445 cm blað.
5083754
**7.495 kr**

IKRA mogatec
**14.495 kr**
**Rafmagnskeðjusög**
Ikra, 2200W, 40 cm blað.
5083731

**Fáðu tilboð í pallinn**
Græn vara
FSC FORESTS FOR ALL FOREVER
**Mundu pallareiknivélina á husa.is. Fáðu tilboð hjá okkur.**

## Hjól í miklu úrvali

AUTHOR

**Evrópskt gæðamerki á ótrúlegu verði**
Skoðaðu allt úrvalið á **husa.is**

**Reiðhjól 26"**
A- Matrix 26".
3901795
**39.990 kr**
~~46.990 kr~~

**Reiðhjól 20"**
Hvítt og bleikt 10".
3901789
**36.990 kr**

**Reiðhjól Energy 20"**
Grátt og appelsínugult 10".
3901788
**33.990 kr**

**Reiðhjól 20"**
Grænt og blátt 10".
3901790
**38.990 kr**

# Litrík leikkona

Leikkonan **Kate Hudson** ætti að vera flestum kunn, en hún er þekkt fyrir litríkan og skemmtilegan fatastíl. Hún hikar ekki við að prófa sig áfram með liti og öðruvísi snið.

Bandaríska leikkonan Kate Hudson er dóttir leikaranna Goldie Hawn og Bills Hudson. Síðar átti Goldie eftir að giftast leikaranum Kurt Russell, en hann gekk Kate í föðurstað. Kate vakti fyrst athygli fyrir alvöru fyrir leik sinn í kvikmyndinni Almost Famous, en fyrir hlutverk sitt sem grúppían Penny Lane hlaut hún Golden Globe-verðlaunin. Þremur árum síðar kom út myndin How to Lose a Guy in Ten Days, þar sem hún lék á móti hjartaknúsaranum Matthew McConaughey, en í myndinni sýndi Kate að hún er ekki síðri sem gamanleikkona, líkt og móðir hennar.

Kate klæðist helst glaðlegum og litríkum fötum í örlítlum hippastíl. Inn á milli velur hún hefðbundnari snið og stíl.

**steingerdur@frettabladid.is**




**Ólétt að sínu þriðja barni í flottum munstruðum kjól.**



**Leikkonan rakaði af sér hárið fyrir hlutverk í kvikmyndinni Sister.**




**Ljósu lokkarnir hafa þó snúið aftur, en það er greinilegt að leikkonan heldur mikið upp á græna litinn.**



**Smart í eiturgrænu á tískusýningu Tom Ford í Los Angeles.**



**Kate í Vanity Fair partiinu eftir Óskarsverðlaunin núna í febrúar.**

MYNDIR/GETTY



**Leikkonan klædd í einstaklega flottan og litríkan samfesting.**

**Með móður sinni, Goldie Hawn, á Screen Actors Guild verðlaununum.**



**Kate klæðist oft fatnaði sem sýnir magann, enda er hún með nokkuð flotta magavöðva.**

# TILBOÐ Á ÖLLUM HITAVEITUSKELJUM



## FOX
3-4 manna

**Lögun:** 8 hyrnt.
**Breidd:** 223 cm.
**Dýpt:** 93 cm.
**Lítrar:** 1800.

Verð áður
~~350.000~~
Verð nú
299.000



## CUB
5 manna

**Lögun:** Ferköntuð.
**Breidd:** 210x210 cm.
**Dýpt:** 85 cm.
**Lítrar:** 1250.

Verð áður
~~380.000~~
Verð nú
299.000



## YUKON
5-7 manna

**Lögun:** 8 hyrnt.
**Breidd:** 210x210 cm.
**Dýpt:** 85 cm.
**Lítrar:** 1700.

Verð áður
~~380.000~~
Verð nú
299.000



## FRONTIER
4-6 manna

**Lögun:** 8 hyrnt.
**Breidd:** 217x237.
**Dýpt:** 85 cm.
**Lítrar:** 1650.

Verð áður
~~500.000~~
Verð nú
399.000

## OPIÐ 1. MAÍ 10-15

MEST SELDA #1



## QUEEN
6-8 manna

**Lögun:** Ferköntuð.
**Breidd:** 215x215 cm.
**Dýpt:** 93 cm.
**Lítrar:** 1650.

Verð áður
~~370.000~~
Verð nú
299.000

MEST SELDA #2



## KING
6-8 manna

**Lögun:** 8 hyrnt.
**Breidd:** 223 cm.
**Dýpt:** 93 cm.
**Lítrar:** 1800.

Verð áður
~~370.000~~
Verð nú
299.000

# HEITIRPOTTAR.IS
HÖFÐABAKKI 1 - SÍMI 7772000

# Bangsakröfuganga Skoppu og Skrítlu

Vinkonurnar litríku Skoppa og Skrítla, ásamt leikhúsbangsanum Bóbó, notuðu samkomubannið til þess að rölta í rólegheitum um hverfi og götur borgarinnar í leit að böngsum í gluggum og fundu marga vini í stuði í leiðinni.

Þær vinkonur hafa ásamt Bóbó bangsa reynt að stytta litlu vinunum og vinkonunum stundir í samkomubanninu með því að fara í bangsagöngur,“ segir Hrefna Hallgrímsdóttir, sem ásamt Lindu Ásgeirsdóttur, myndar tvíeykið sívinsæla.

**ÞAÐ HEFUR AUÐVITAÐ REYNST ÞEIM VINKONUM MJÖG ERFITT AÐ GETA EKKI KNÚSAÐ LITLA VINI.**

„Það hefur auðvitað reynst þeim vinkonum mjög erfitt að geta ekki knúsað litlu vinina núna í ástandinu en í staðinn reyna þær að senda þeim öllum kærleik og gleði í gegnum gluggann,“ segir Hrefna en gönguferðunum verða gerð skil í sérstökum þætti sem verður sýndur á Stöð 2 á kröfugöngulausum frídegi verkalýðsins. Fyrst klukkan 12 og síðan í opinni dagskrá á Stöð 2 fjölskylda klukkan 17.50.

„Það var við hæfi að Skoppa og Skrítla viðruðu leikhúsbangsann sinn, hann Bóbó, þegar þær lögðu af stað í fyrstu bangsagönguna og auðvitað vildi hann svo koma með í allar göngurnar,“ segir Hrefna um Bóbó sem Katla María Ómarsdóttir, sjö ára leikur. toti@frettabladid.is



Það gekk aldeilis vel að finna bangsa, gæludýr og glöð börn í gluggum og svo voru Skoppa og Skrítla svo heppnar að hitta fullt af skemmtilegum vinum sem voru að dunda við ýmislegt í görðunum sínum.



„Sjálfur íþróttaálfurinn, ásamt Sollu og Höllu, tók æfingar úti á bílaplaninu,“ segir Hrefna um ævintýrin sem leynast nefnilega alls staðar.



Birgitta Haukdal bauð uppá kósý sögustund með börnum sínum.



Álfrún leikkona skellti í jógastund þegar þríeykið bar að garði.



„Samkomubannið hefur nefnilega laðað fram ótrúlegustu töfra,“ segir Hrefna og nefnir sem dæmi trampolínparti sem Jón Jónsson hélt úti í garði.


BARÁTTUKVEÐJUR 1. MAÍ 2020



BYGGJUM RÉTTLÁTT ÞJÓÐFÉLAG

Vegna samkomubanns er hvorki kröfuganga né kaffi að henni lokinni, en við minnum á skemmti- og baráttudagskrá á RÚV kl. 19:40

Félag vélstjóra og málmtæknimanna


EFLING
Barátta fyrir betra lífi
OKKAR
VINNA
SKAPAR
VERÐMÆTIN
Stöndum saman í baráttunni fyrir réttlátu samfélagi.
Gleðilegan baráttudag verkalýðsins 1. maí!

# EKKI MISSA AF NÝJASTA DV




Tryggðu þér áskrift á dv.is

EÐA

Nældu þér í eintak í næstu verslun






Imma og Birte segja YouTube-þættina vera rökrétt framhald af því sem þær hafa verið að gera í barnastarfi sínu á vefsíðunum Leikur að bókum (leikuradbokum.net) og Börn og tónlist (bornogtonlist.net). MYNDIR/SKJÁSKOT

# Hress krókódílasöngur í samkomubanni barna

**Birte Harksen** og **Ingibjörg Ásdís** hafa skemmt leikskólabörnum með samverustundum á YouTube en mæta nú spenntar til leiks á mánudaginn þegar leikskólastarf kemst í fastari skorður.

Við höfum skemmt okkur í samkomubanninu við að búa til þætti með samverustundum fyrir leikskólabörn undir nafninu Birte- og Immustund,“ segir Birte Harksen um YouTube-þætti hennar og Ingibjargar Ásdísar Sveinsdóttur.

Þær segja sögulestur og söng vitaskuld hafa verið fasta liði í samverustundunum en þær stöllur vinna saman á Heilsuleikskólanum Urðarhóli í Kópavogi þar sem Birte er fagstjóri í tónlist en Imma er sagnaþulur og stundar meistaranám í listkennslu.

Þá hefur ekki skort á fjölbreytnina þar sem stundirnar hafa meðal annars fjallað um drauma, tilfinningar, sjóræningja, krókódíla, maríuhænur, galdra, ruggutennur, skrýtna tíma og okkur og heiminn.




Skapandi starf með tónlist og sögum brennur á Immu og Birte, sem fundu því margfaldan tilgang með þáttagerðinni í samkomubanninu.

**Neisti í tómarúmi**

Hlutirnir gerðust hratt þegar leikskólarnir þurftu að bregðast við breyttum aðstæðum í samfélaginu og þær stöllur urðu skyndilega að leika af fingrum fram með framandi skipulag.

„Við mættum annan hvern dag og upplifðum visst tómarúm,“ segja þær og bæta við að þær hafi þarna fundið leið til þess að viðhalda neistanum. „Við nýttum svo undirbúningstíma okkar þá daga sem við vorum ekki í leikskólanum til að búa til þetta efni.“ Imma segir þær líka hafa þurft að viðhalda tengslunum við börnin sem með samkomubanninu hurfu úr þeirra umsjón vikum saman.

**Stoltar af útkomunni**

Aðspurðar segja Imma og Birte viðtökurnar hafa verið framar öllum vonum og það hafi yljað þeim um hjartarætur að heyra af börnum sem hafa glöð notið stundanna þeirra á vefnum.

„Það kom okkur líka skemmtilega á óvart að heyra frá foreldrum fyrrverandi nema sem hafa glaðst yfir að sjá okkur aftur,“ segir Imma og bætir við að þeim hafi víða verið þakkað, á förnum vegi og netinu, fyrir „framlag okkar á þessum skrýtnu tímum“.

> **NÚ VERÐUM VIÐ AÐ LEGGJA ÁHERSLU Á AÐ HLÚA AÐ TILFINNINGUM ÞEIRRA OG ÖRYGGISKENND.**

Þá skyggir síður en svo á gleðina að þær hafa fundið stuðning og ánægju frá fagfólki innan stéttar sinnar. „Það fyllir okkur faglegu stolti og við höfum ekki orðið varar við mikla gagnrýni,“ segir Birte en bendir á að „við höfum samt þurft að fóta okkur áfram og aðlaga stundirnar að einhverju leyti nýjum viðmiðum vegna veirunnar.“

Birte og Imma bæta því við að fyrir þeim hafi verið mikilvægara að miðla gleði og leik til barnanna fremur en varnaðarorðum. „Við erum mjög stoltar af útkomunni enda höfum við lagt margar klukkustundir í að vinna hvern einasta þátt.“

**Lærdómsríkur tími**

Imma og Birte gerðu tíu þætti í samkomubanninu og sá síðasti er þegar kominn á YouTube. „Í síðasta þættinum förum við út í garð í góða veðrinu og tökum upp sumarþátt um fiskveiðar.“

Þær segjast hafa deilt þáttunum með foreldrum Urðarhólsbarna og nánasta umhverfi á Kársnesi í gegnum Facebook-hóp. „Og svo auðvitað meðal leikskólafagfólks. Þættirnir hafa þó farið víðar, allt frá Egilsstöðum til Patreksfjarðar, og meira að segja líka til Íslendinga erlendis.“

Frá og með mánudeginum færist leikskólastarf að miklu leyti í hefðbundnar skorður og vinkonurnar hlakka mikið til að fá að vera aftur með öllum börnunum og starfssystkinum.

„Þetta tímabil hefur verið lærdómsríkt og opnað nýjar leiðir en við teljum að þetta hafi einnig verið slítandi. Starfið hefur verið sundurslitið, samvinna lítil,“ segja þær og minna á að ástandið hefur haft mest áhrif á börnin. „Jafnvel varanleg og nú verðum við að leggja áherslu á að hlúa að tilfinningum þeirra og öryggiskennd.“

**toti@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

# TIL HAMINGJU

## MEÐ ALÞJÓÐLEGAN BARÁTTUDAG VERKALÝÐSINS!

Vinstri græn senda launafólki baráttukveðjur
í tilefni dagsins, með öðruvísi hátíðadagskrá á vg.is
sem hefst klukkan **13.00**

Vinstri Græn hvetja allt launafólk í landinu til þátttöku
í baráttudeginum 1. maí og minna á dagskrá
heildarsamtaka launafólks í sjónvarpinu um kvöldið

Sjáumst rafrænt á vg.is



# RAFRÆNN 1. MAÍ

VINSTRI GRÆN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**550 5000** **RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Torg ehf. **DREIFING** Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is







**BAKÞANKAR**


Árna Helgasonar




## Netmennirnir

Algórythminn veit upp á hár hvaða auglýsingum er rétt að ýta að mér. Sem skrifstofumaður að slaga í fertugt er ég gífurlega útsettur fyrir skilaboðum frá þessum vöðvastæltu mönnum Internetsins. Þið vitið, svona týpunni sem er krónískt ber að ofan með skjannahvítar tennur og endalaust af skyndilausnum fyrir menn eins og mig.

Netmaðurinn er agressívur. Fylgir manni hvert fótmál og um leið og hann birtist á skjánum byrjar hann að tala. Spyr hvort ég sé ekki orðinn þreyttur á að telja ofan í mig kaloríurnar. Hvort mér finnist ekki leiðinlegt að vera alltaf með samviskubit. Hann er sko með svarið fyrir mig.

Í grunninn er hann samt bara að segja – væri ekki gaman að líta út eins og ég? Ekki bara að vera með þessa geggjuðu kjálkalínu, tónaða magavöðva og skálögðu vöðvalínurnar neðst á kviðnum sem venjulegir menn fá aldrei, heldur að geta verið svona frjáls, dólað sér bara allan daginn heima við eða kannski á ströndinni, hnyklað vöðvana af og til á milli þess sem íslenskum skrifstofukanilsnúðum eru gefin ráð um megrun og ofurfæðu?

Mig langar að prófa filter sem væri hægt að nota á Netmanninn. Filter sem myndi kallast „álag í lífinu“ filterinn. Um leið og filterinn yrði settur upp sæi maður hvernig Netmaðurinn myndi líta út ef hann ætti þrjú börn, fengi of lítinn svefn, glímdi við stöðugt álag í vinnu og todo-lista upp á margar blaðsíður heima fyrir, hefði íþróttafélag hverfisins á herðunum og magasár út af húsfélaginu því gamli maðurinn á miðhæðinni neitar að samþykkja viðgerðina á þakinu. Sem er byrjað að leka.

Ég kvíði engu í þeim samanburði.










1. maí

TAX FREE

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
FRÍ HEIMSENDING



Allar vörur á taxfree tilboði í dag*

Verslanir í Reykjavík og á Akureyri eru opnar 12–18

Opið í allan dag á husgagnahollin.is – SENDUM FRÍTT –

– VIÐ VIRÐUM FJÖLDATAKMARKANIR –



**Reykjavík** Bíldshöfði 20

**Lager** Korputorgi

**Akureyri** Dalsbraut 1

**OPIÐ Í DAG 1. MAÍ kl. 12 – 18** | **Sími:** 558 1100

* **Taxfree tilboðið gildir af öllum vörum nema sérpöntunum jafngildir 19,35% afslætti.**
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er á kostnað Húsgagnahallarinnar.

HÚSGAGNA HÖLLIN